

**SKOÐUN** Pawel Bartoszek skrifar um leigubílaakstur og takmörkun atvinnufrelsis. 15



**TÍMAMÓT** Hjón hlutu viðurkenningu fyrir endurbætur á Kjarvalshúsi. 16



**LÍFIÐ** Læknisfræðin er fjölskyldusportið á þessu heimili. 30



**SPORT** Mismunandi er hvað íþróttasambönd geta greitt af ferðakostnaði. 26







# FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur
1. ágúst 2014
179. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


**LÍFIÐ**



**Það eru allir að dragnast með eitthvað**

Arndís Hrönn Egilsdóttir leikkona snýr aftur í leikhúsið.

**FRÉTTIR**

**Vilja nær erninum**

Eigendur Sæferða eru ósáttir við að fá synjun á beiðni um að sigla með ferðamenn að arnarhreiðrum. 2

**Ekkert ákveðið um útfærslu** Félagsmálaráðherra segir ekkert ákveðið um hvernig húsnæðissparnaðarkerfinu verður háttað í framtíðinni. 4

**Fleiri störf gætu orðið til** Með skilvirkari nýtingu auðlinda verða til fleiri störf og nýsköpun eykst, að því er fram kemur í nýrri skýrslu EES, Umhverfisstofnunar Evrópu. 8




14

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 10° | | A | 3 |
| Akureyri | 10° | | NA | 3 |
| Egilsstaðir | 10° | | N | 4 |
| Kirkjubæjarkl. | 12° | | A | 2 |
| Reykjavík | 14° | | NA | 3 |

**BJART MEÐ KÖFLUM** Í dag verða norðaustan 3-8 m/s og bjart með köflum en víða síðdegisskúrir. Hiti 10-16 stig, mildast SV-lands. 4

**2 SÉRBLÖÐ**

Lífið | Fólk




# Horfa til nýrrar holu í Surtsey

Í haust stendur til að alþjóðlegur hópur vísindamanna ræði hugmyndir um borun nýrrar rannsóknarborholu í Surtsey. Þar er fyrir hola frá árinu 1979. Meðal þess sem kanna á er hversu djúpt í jörðinni líf er að finna.

**VÍSINDI** Jarðvísindamenn hafa hug á að boruð verði ný rannsóknarhola í Surtsey, til viðbótar þeirri sem boruð var árið 1979. Meðal þess sem grafast á fyrir um er hversu djúpt í jörðinni má finna lífverur.

Hópur jarðfræðinga fór í rannsóknarferð til Surtseyjar í kjölfar árvissrar ferðar líffræðinga á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands um miðjan mánuðinn, þar sem staðan var tekin á gróðurnámi, fuglalífi og öðru slíku. Með í för var Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor í jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands. Hann var í sinni fyrstu rannsóknarferð í eyna.

„Ég hef ekki áður mikið stundað rannsóknir í Surtsey, en þetta var dálítill leiðangur,“ segir hann. „Við voru þarna jarðfræðihópur að gera jarðeðlisfræðilegar mælingar og svo var líka verið að rannsaka gjóskuna.“ Meðal annars voru með í för tveir jarðvísindamenn frá Nýja-Sjálandi sem Magnús Tumi segir að hafi verið að velta fyrir sér hvernig sprengigosið hafi átt sér stað og hvað það hafi rifið bergið langt niður.



MAGNÚS TUMI GUÐMUNDSSON

„Svo er borhola í eynni sem gerð var 1979 og menn hafa áhuga á því að bora þarna aftur til þess að rannsaka betur byggingu eyjunnar og fleiri hluti, svo sem hvers konar lífform er þar að finna.“ Magnús Tumi segir að komið hafi í ljós á síðustu árum að lífið nái mikið dýpra niður í jörðina en talið hafi verið. „Það eru lífverur sem ná niður á nokkurra kílómetra dýpi.“

Málið segir Magnús Tumi þó ekki komið á það stig að hægt sé að tímasetja næstu borun. „Það verður fundur í alþjóðlegum hópi sem hittist í Vestmannaeyjum í byrjun október,“ segir hann. Þar verði málið rætt nánar og möguleg fjármögnun þess, en um gríðarlega kostnaðarsamt fyrirtæki sé að ræða. Til þess að koma því á koppinn þurfi að sækja fjármuni í stóra erlenda vísindasjóði.

„En þetta er ekki fugl í hendi, við erum nokkrir Íslendingar sem tökum þátt í þessu, í samvinnu við fleiri aðila. Og það var nú dálítið kveikjan að því að ég ákvað að fara ferð í Surtsey núna og gera dálitlar mælingar.“ - óká

## Líffræðingar fundu tvær nýjar plöntur

Að morgni 14. nóvember 1963 varð vart við neðansjávareldgos suður af Vestmannaeyjum. Þar varð Surtsey til og þar hafa vísindamenn fylgst með þróun lífs síðan eyjan var friðlýst árið 1965. Tvær nýjar plöntutegundir fundust í árlegum rannsóknarleiðangri Náttúrufræðistofnunar til Surtseyjar um miðjan mánuðinn. „Telst það til nokkurra tíðinda því undanfarin ár hefur dregið úr landnámi plantna í eynni. Þetta eru tegundirnar skriðsóley og heiðadúnurt sem báðar fundust í fuglabyggðum í eynni,“ segir á vef stofnunarinnar.



**HVÍTU TJÖLDIN REIST** Heimir Hallgrímsson, aðstoðarþjálfari landsliðs karla í knattspyrnu, var í hópi heimamanna í Eyjum sem í gær reistu sín hvítu tjöld. Hann segir að allir taki þátt í árvissu kapphlaupi um tjaldstæði sem fram fór deginum áður. „Þetta er svolítið sérstakt,“ segir Heimir. „Það fá allir góðan stað, það er engin þörf á þessu kapphlaupi.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Ferðahelgi gengin í garð:

## Svalt veður og stöku skúrir

**VEÐUR** Verslunarmannahelgin gengur nú í garð með tilheyrandi ferðagleði landans. Samkvæmt spá Veðurstofu er von á nokkuð svölu veðri um land allt með stöku skúrum inn á milli.

„Það verður eiginlega keimlíkt veður um land allt,“ segir Birta Líf Kristinsdóttir veðurfræðingur. Hún segir spána hvorki benda til þess að veðrið um helgina verði eftirminnilega gott né eftirminnilega slæmt. „Á flestum stöðum verður bjart,“ segir Birta Líf. „Það verður helst allra syðst sem hvessir á sunnudaginn og mesta úrkoman verður kannski þar, þótt hún verði aldrei það mikil.“

Gestir Þjóðhátíðar í Vestmannaeyjum sleppa nokkuð vel samkvæmt spánni. Þó er von á því að eitthvað taki að hvessa og rigna á sunnudag. Hlýjast verður suðvestan til á landinu, en svalast fyrir norðan. - bá / sjá síðu 6






Á þriðja þúsund krafðist þess í gær að Bandaríkin hætti að styðja Ísrael:

# Ábyrgð Bandaríkjanna sögð mikil

**MÓTMÆLI** Á þriðja þúsund manns komu saman fyrir framan bandaríska sendiráðið á Laufásvegi í gær til að mótmæla fjárhagslegum og hernaðarlegum stuðningi Bandaríkjamanna við Ísraelsher. Það var félagið Ísland-Palestína sem stóð fyrir samkomunni en nú hafa um 1.300 Palestínumenn látið lífið síðan loftárásir Ísraelsmanna á Gasasvæðið hófust.

„Ég er alveg óskaplega þakklátur,“ segir Sveinn Rúnar Hauksson, formaður Íslands-Palestínu. Bandaríkjastjórn hefur alla tíð stutt við bakið á Ísraelsmönnum í átökum gegn Palestínu og segir Sveinn að ábyrgð Bandaríkjastjórnar í stöðu mála á Gasa sé mikil.

„Enn þann dag í dag byrja ræður leiðtoga Bandaríkjanna á því að endurtaka skilyrðislausan stuðning við Ísrael og árétta rétt ríkisins til að verja sig,“ segir Sveinn. „Aldrei minnist nokkur maður á rétt Palestínu til að verja sig.“

Að ræðuhöldum loknum afhenti Sveinn Rúnar sendiráðinu áskorun til Baracks Obama Bandaríkjaforseta. Mótmælin fóru friðsamlega fram en óhætt er að segja að viðstaddir hafi látið í sér heyra. „Lögreglan setti þarna upp girðingu, svona sams konar og við Alþingishúsið, og hún er einhvern veginn til þess fallin að slá taktinn til að undirstrika kröfurnar sem ég var nýbúinn að lesa upp,“ segir Sveinn. - bá, þþ / sjá síðu 6



**METFJÖLDI Á LAUFÁSVEGI** Að sögn lögreglu voru þetta fjölmennustu mótmæli sem haldin hafa verið fyrir framan sendiráðið. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR




## SPURNING DAGSINS



Nikulás, stundar þú heimboð-hlaup?

**„Þetta verður allavega ekki kveðju-hlaupið mitt.“**

Nikulás Ari Hannigan hyggst hlaupa maraþon til styrktar Parkinsonsamtökunum. Til að safna áheitum er hægt að biðja hann að hlaupa heim til vina eða ættingja og kasta á þá kveðju.

Spá Hagstofu Íslands kveður á um meira fjör á fasteignamarkaði:

# Einkaneysla fólks hefur aukist

**EFNAHAGSMÁL** Víða má sjá þess merki að landinn hafi meira handa á milli í Hagstofuspánni sem birt var í gær. Kortaveltan er meiri sem og bílasala og almenn smásala.

Fjör er að færast í fasteignamarkaðinn og svo ærlega í miðbæ Reykjavíkur að fermetraverð í fjölbýli þar var allt að 20 prósentum hærra í fyrra en á árinu 2007. Alls hefur fjárfesting aukist um rúm sautján prósent miðað við sama tíma í fyrra og munar þar mestu um uppganginn í fasteignageiranum.

En aðgát skal höfð að mati Péturs Blöndals, þingmanns Sjálfstæðisflokksins og varaformanns efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, sem segir slæmt ef einkaneysla drífur áfram landsframleiðsluna. Hann segir fjárfestingu enn mjög lága og hann hvetur til þess að fjármagnstekjuskattur verði aftur lækkaður og hvatt verði til sparnaðar en enn búi Íslendingar við að þeim er refsað fyrir sparnað. - jse/lb



**UPP OG NIÐUR** Svo virðist sem neytendur séu frekar á uppleið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Beiðnir til Twitter aukast:

# Lönd vilja gögn um notendur

**BANDARÍKIN, AP** Netsamfélagsmiðillinn Twitter segir að beiðnum ríkja um upplýsingar um notendur Twitter hafi fjölgað mjög síðustu sex mánuði. Meira en helmingur beiðnanna hafi komið frá Bandaríkjunum.

Í bloggfærslu Twitter Inc. í gær sagði að á fyrstu sex mánuðum ársins hefðu borist 2.058 beiðnir frá 54 löndum, þar af átta löndum sem ekki höfðu áður beðið um gögn. Á seinni helmingi 2013 bárust fyrirtækinu 1.410 beiðnir. - óká




**STYÐJA ÍSRAELSRÍKI** Mótmælendur halda á loft spjöldum með stuðningsorðum við málstað Ísraels fyrir framan sendiráð Ísraels í París, höfuðborg Frakklands, í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fyrsta stóra gangan til stuðnings Ísrael í Frakklandi:

# Óeirðalögregla gætti göngufólks

**FRAKKLAND, AP Nokkur hundruð liðsmenn frönsku óeirðalögreglunnar gættu göngu stuðningsfólks Ísraelsríkis sem fram fór í París í gær. Gangan er fyrsta stóra stuðningsgangan við Ísrael sem þar fer fram frá því árásir á Gasa hófust fyrir um þremur vikum.**

**Nokkur þúsund manns mættu til mótmælanna. Veifað var skiltum með áletrunum á borð við „Gasa gísl Hamas“ og „Við mótmælum til stuðnings friði.“**

**Frakkland er með hæstu íbúatölu bæði gyðinga og múslima í Vestur-Evrópu. Stríðið á Gasa hefur aukið mjög á spennu milli þessara hópa. - óká**

# Mega ekki sigla nálægt arnarhreiðrum

Ferðaþjónustufyrirtæki hafa sum óskað eftir því að sigla nálægt arnarhreiðrum en ekki fengið leyfi til þess. Umhverfisstofnun kærði Sæferðir fyrir slíka siglingu. Beiðnum um undanþágu til myndatöku nálægt arnarhreiðrum hefur fjölgað.

**NÁTTÚRA** Ferðaþjónustufyrirtæki sækjast sum hver eftir því við Umhverfisstofnun að fá að sigla nálægt arnarhreiðrum án þess að þeim verði kápan úr því klæðinu.

„Það er ekki sjálfgefið að við veitum þessi leyfi enda getur umferð við hreiður haft truflandi áhrif á varpið. Fólk er yfirleitt með góðar græjur í dag og getur tekið myndir úr góðri fjarlægð,“ segir Ólafur A. Jónsson, sviðsstjóri hjá Umhverfisstofnun, aðspurður.

Á heimasíðu sinni áréttar stofnunin að samkvæmt lögum sé óheimilt frá 15. mars til 15. ágúst að koma nær arnarhreiðrum en 500 metra nema brýna nauðsyn beri til. Þar kemur fram að frá árinu 2005 hefur Umhverfisstofnun þrívegis samþykkt að siglt sé með ferðamenn að arnarhreiðrum en jafnoft hafnað slíkri beiðni. Örninn er alfriðaður og brot gegn lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Eitt fyrirtækjanna sem hafa sóst eftir því að komast nálægt arnarhreiðrum, án árangurs, er Sæferðir sem hefur siglt með ferðamenn um Breiðafjörð frá 1986. „Við vorum með leyfi á árum áður en með nýjum herrum hefur það ekki fengist,“ segir Pétur Ágústsson, einn af eigendum Sæferða. „Fyrir þremur árum byrjuðum við að skoða örninn áður en leyfið kom því við vorum svo vissir um að það kæmi. Svo kom það ekki og við fengum bara kæru í staðinn. Hún hefur þvælst í kerfinu síðan og á meðan þýðir ekkert að ræða nein leyfi,“ segir hann. „Okkur finnst ansi hart að vera fyrirtækið sem þeir [Umhverfisstofnun] atast í. Við vitum að það er fjöldi aðila að skoða arnarhreiður. Engir aðrir óska eftir leyfi, þeir bara fara þarna. En við liggjum svolítið vel við höggi því við erum stórir í bransanum og megum ekki við illu umtali.“



**PÉTUR ÁGÚSTSSON**

Að sögn Péturs voru Sæferðir með leyfi til að skoða arnarhreiður í nokkur ár. „Við fórum þarna í hverri einustu ferð yfir sumartímann og það hafði ekkert að segja gagnvart varpinu. Fuglarnir komu upp ungum og bara vöndust þessu. Ég veit ekki til hvers við erum að vernda örn ef enginn má sjá hann,“ segir hann. „Það er líka hvergi sannað að við höfum orðið til þess að spilla arnarvarpi enda væri það asnaleg hugsun hjá okkur sem erum að lifa á svona fuglaskoðun að ætla sér það.“ freyr@frettabladid.is



**ÖRN** Brot gegn lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum varðar sektum eða fangelsi. NORDICPHOTOS/GETTY

## Beiðnum um myndatökur hefur fjölgað

Umhverfisstofnun hefur á síðustu níu árum veitt 67 undanþágur til myndatöku við arnarhreiður en hafnað sex slíkum beiðnum. Þessum beiðnum hefur farið fjölgandi á síðustu árum. „Þetta eru kannski fimm til tíu beiðnir á ári sem við erum að fá,“ segir Ólafur A. Jónsson. „Þetta eru yfirleitt atvinnuljósmyndarar sem hafa áhuga á að ljósmynda erni á hreiðri. Ef við veitum leyfi fylgja þeir leiðbeiningum Náttúrufræðistofnunar um hvar þeir eiga að vera og hvernig þeir eiga að hegða sér.“

Tollverðir stöðvuðu sjómenn:

# Komu í veg fyrir vindlingasmygl

**LÖGREGLUMÁL** Tollverðir lögðu hald á 132 karton af vindlingum í tveimur erlendum skipum fyrr í mánuðinum.

Við tollafgreiðslu fiskiskips frá Litháen tóku tollverðir eftir ósamræmi í skjölum. Við nánari eftirgrennslan komu í ljós 114 karton af vindlingum sem ætluð voru til sölu hérlendis. Sekt fyrir brotið var 684 þúsund krónur.

Þá fundu tollverðir 18 karton af vindlingum í flutningaskipinu Horst B frá St. Johns. Þá var sektin 108 þúsund krónur. - jhh

Mannskætt slys í Taívan:

# Fimmtán fórust í gassprengingu

**TAÍVAN** Að minnsta kosti fimmtán fórust og 228 slösuðust í röð gassprenginga í borginni Kaósjung í Suður-Taívan í gærkvöldi. Talið er að leki í gasleiðslum hafi valdið sprengingunum. Sprengingarnar ollu gríðarmiklu tjóni á byggingum og vegum borgarinnar, en sprengingarnar náðu yfir tveggja til þriggja ferkílómetra svæði.

Samkvæmt fréttaveitu BBC hefur íbúum í grennd við slysstaðinn verið skipað að halda sig heima og reyna hvorki að mæta til vinnu né í skóla. - bá




Stjórnarandstæðingar ræða um viðbrögð við málefnum innanríkisráðherra:

# Íhuga vantraust á Hönnu Birnu

**STJÓRNMÁL** Svo gæti farið að stjórnarandstæðingar legðu fram vantrauststillögu á Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra þegar þing kemur saman í haust.

Óformlegar viðræður hafa farið fram á milli þingmanna stjórnarandstöðunnar þar sem þessar ráðagerðir eru viðraðar.

Eins og fram hefur komið hefur Umboðsmaður Alþingis farið fram á að Hanna Birna skýri fyrir honum málið eftir að DV sló því fram að Stefán Eiríksson, fyrrverandi lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, hefði hætt vegna afskipta Hönnu Birnu af rannsókn sem beindist að ráðuneyti hennar. Innanríkisráðherra hefur neitað ásökunum þessum.

Einnig hefur komið fram að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis mun funda um málið í næsta mánuði.

Mjög óalgengt er að lögð sé fram vantrausttillaga á einstaka ráðherra en öllu algengara að heil ríkisstjórn fái slíkt í fangið.

Samkvæmt upplýsingamiðstöð Alþingis hefur það gerst í 22 skipti á lýðveldistímanum að lögð er fram slík tillaga á ríkisstjórn.



**HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR** Svo gæti farið að vantrauststillaga bíði ráðherrans þegar þing kemur saman í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

Síðast lagði Þór Saari fram slíka tillögu á ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur árið 2013 en hún var síðan afturkölluð. - jse, hks

# SKÓLATILBOÐIN KOMIN !



## TOSHIBA

### EIN SÚ VINSÆLASTA

Þessi verður örugglega ein af okkar vinsælustu fyrir skólann og heimilið. Mjög hagstætt verð fyrir 15,6" fartölvu með Intel Pentium örgjörva. Traust og sterkbyggð með miklu geymsluplássi á 500GB hörðum diski og sambyggðu Intel HD skjákorti.

15,6"

69.990

TOS-C50B133




### HAGKVÆM HEIMILISTÖLVA



Frábær kostur fyrir alla almenna tölvuvinnslu eins og netið, tölvupóstinn, ritvinnslu og þetta helsta. AMD Dual Core örgjörvi, HD8210 skjástýring, 4GB vinnsluminni og 500GB diskur.

54.990

TOS-C50DA147

### INTEL i3 OG TRUBRITE

15,6"



Hagkvæmasta Intel i3 fartölvan í skólaúrvalinu með þriðju kynslóðar örgjörva og TruBrite skjá með sérstaklega háu birtustigi til að ná betri myndgæðum.

79.990

TOS-C50B118

### HVÍT MEÐ 8GB VINNSLUMINNI



Ein sú heitasta í úrvalinu. Glæsileg hvít 15,6" fartölva með 8GB vinnsluminni og stórum 1TB hörðum diski. Hraðari gagnaflutningur með USB3 og HDMI til að tengja við sjónvarp eða skjá.

84.990

TOS-L50B1FP

### HAGSTÆÐUR INTEL i5 HASWELL



Ein allra bestu kaupin í ár. Intel i5 Haswell örgjörvi sem þolir þunga vinnslu og lengir líftíma rafhlöðunnar. Intel HD Graphics 4400 skjákjarni og 500GB diskur.

99.990

TOS-L50B1LE

### EINSTAKT VERÐ FYRIR INTEL i7



Ein öflugasta vélin fyrir peninginn. Kröftugur Intel i7 Haswell örgjörvi fyrir þunga og kröfuharða vinnslu ásamt 2GB AMD R7 M260 skjákorti fyrir betri grafík og leiki.

139.990

TOS-L50B1LF

### DRAUMATÖLVA MEÐ AMD R9



Öflugasta 15,6" tölvan frá Toshiba í ár. Glæsileg silfruð leikjafartölva með i7 Haswell og nýja 2GB AMD R9 265X leikjaskjákortinu. 6GB vinnsluminni og stór 1TB diskur. Full HD skjár og Harman Kardon hátalarar.

179.990

TOS-P50B103

tl.is




SKOÐAÐU ALLT SKÓLAÚRVALIÐ Í NETVERSLUN TÖLVULISTANS Á TL.IS

TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 3333 | Sími 414 1750 |

## SVONA ERUM VIÐ



**5%** **er fjölgun nýskráðra fyrirtækja síðustu 12 mánuði samanborið við 12 mánuði þar á undan.**

Alls var 1.951 nýtt félag skráð á tímabilinu. Flestar nýskráningar voru í fjármála- og vátryggingarstarfsemi eða 319 talsins.

Breyttur ferðamáti þjóðhátíðargesta um verslunarmannahelgina:

# Sigla út í Eyjar en fljúga heim

**SAMGÖNGUR** Algengt er orðið að gestir Þjóðhátíðar í Eyjum taki strætó frá BSÍ til Landeyjahafnar og bátinn þaðan til Vestmannaeyja en fljúgi svo heim. Þetta segir Ingi Þór Guðmundsson, forstöðumaður sölu- og markaðssviðs hjá Flugfélagi Íslands, sem flýgur nokkrar ferðir með farþega til Eyja í dag og til baka á mánudag. Flugfélagið Ernir flýgur hins vegar alla daga á milli lands og Eyja.

„Við erum ekki með áætlunarflug til Vestmannaeyja en höfum alltaf flogið þangað um verslunarmannahelgi. Við erum bara að hjálpa til við að koma öllum til Eyja sem þurfa að komast á staðinn," segir Ingi Þór.

Hann getur þess að farþegafjöldi Flugfélags Íslands til Eyja um verslunarmannahelgi sé minni en áður. „Árið 2010 voru brottfarir til Eyja 33 til að ná í farþega þaðan en síðan hefur þeim fækkað jafnt og þétt. Brottfarirnar verða fimm núna. Við getum ekki bætt við aukaflugum þar sem við erum fullbókuð í fjölda annarra fluga." - ibs



**Í FYRRA** Þessi hópur flaug til Eyja í fyrra. Núna vilja þreyttir fljúga heim. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Útlit var fyrir langa töf:

# Farþegi lagaði þotuhreyfilinn

**SAMGÖNGUR** Ekkert varð af nokkurra klukkustunda töf Primera air frá Almería á Spáni í gær þegar Davíð Aron Guðnason, flugvirki í hópi farþega, gat lagað bilun í ræsibúnaði hreyfils vélarinnar.

„Ég ræddi við flugmanninn og hann setti mig í samband við flugvirkja þeirra sem er með aðsetur í Stokkhólmi," segir Davíð Aron. Viðgerðin tók um hálftíma og segir hann enga hættu hafa verið á ferðum. - sks



**EFTIRLITSMENN** Úkraínskur stjórnarhermaður við bílalest ÖSE. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Komnir á staðinn:

# Sérfræðingar kanna flakið

**ÚKRAÍNA, AP** Sérfræðingum frá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu tókst í gær að komast á staðinn þar sem malasíska farþegaflugvélin MH17 hrapaði í austanverðri Úkraínu fyrir hálfum mánuði.

Flugvélin var skotin niður og talið er að enn séu líkamsleifar af um það bil 80 manns á staðnum. Uppreisnarmenn hafa torveldað för sérfræðinganna, og hafa þeir af öryggisástæðum ekki séð sér fært að fara á staðinn fyrr en nú.

Stuttu eftir að þeir komu þangað heyrðust sprengingar úr næsta nágrenni. - gb

Neyðarástand vegna ebóla:

# Meira en 700 hafa látið lífið

**SENEGAL, AP** Ebólafaraldurinn í vestanverðri Afríku hefur nú kostað meira en 700 manns lífið. Tugir nýrra tilfella eru á hverjum degi í fjórum löndum: Líberíu, Síerra Leóne, Gíneu og Nígeríu.

Ernest Bai Koroma, forseti Síerra Leóne, hefur heitið því að hafa smitaða sjúklinga í einangrun á heimilum þeirra, og leita hús úr húsi að fólki sem gæti hafa smitast. - gb

## LEIÐRÉTT

Ranghermt var í blaðinu í gær að í gær hefði myndlistarsýning Joris Rademaker í SÍM salnum hafist. Hið rétta er að sýningin verður opnuð í dag klukkan 16.

# Ekkert hefur verið ákveðið um útfærslu á sparnaðinum

**Félagsmálaráðherra segir ekkert ákveðið um það hvernig húsnæðissparnaðarkerfinu verður háttað í framtíðinni. Formaður Samfylkingarinnar segir hugmyndir verkefnastjórnar ráðherra auka aðstöðumun ungs fólks.**

**EFNAHAGSMÁL** Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra segir að þau Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra séu sammála um mikilvægi þess að koma á fót framtíðarhúsnæðissparnaðarkerfi.

„En nákvæmlega hvernig það yrði útfært liggur ekki fyrir," segir Eygló í samtali við Fréttablaðið. Sérfræðihópur á vegum Landssamtaka lífeyrissjóða leggst algjörlega gegn hugmyndum verkefnahóps á vegum félagsmálaráðherra sem lagði til í maí að heimild til þess að nýta séreignarsparnað til greiðslu húsnæðislána yrði gerð varanleg. Slíkt fyrirkomulag, til skamms tíma, var hluti af aðgerðum ríkisstjórnarinnar í húsnæðismálum sem samþykktar voru á vorþingi.

„Fjármálaráðherra, sem fer með málefni sem snúa að lífeyrissparnaði landsmanna, hafði raunar þegar tekið af skarið því hann taldi ekki rétt að tengja húsnæðissparnað við séreignarsparnað til langs tíma," segir Eygló og bendir á að hún hafi sjálf sem þingmaður lagt fram frumvarp um sérstakar skattaívilnanir vegna húsnæðissparnaðar. „Þannig að það var önnur hugsun þar en kemur fram í tillögum verkefnastjórnarinnar," segir Eygló. Í gagnrýni sérfræðihóps lífeyrissjóðanna segir að séreignarsparnaður sé nauðsynlegur þáttur til að tryggja eftirlaunaþegum nægilegan lífeyri. Þá sé gert ráð fyrir að eftirlaunaþegum muni fjölga mikið á næstu árum. Án séreignarsparnaðar yrði byrðin því meiri fyrir þá sem eru á vinnumarkaði.

Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, tekur undir gagnrýni sérfræðihóps lífeyrissjóðanna. Hann bætir við að sú leið sem verkefnastjórnin vill fara sé ekki góð því hún skapi mikinn aðstöðumun milli þeirra sem fara snemma að vinna og skapa sér tekjur og svo hinna sem fara í framhaldsnám. „Því þetta er náttúrulega tengt atvinnuþátttöku. Og þetta þýðir þá að ungt fólk sem fer í háskólanám getur verið að koma 25-26 ára út úr háskóla og á ekkert. Er ekki búið að geta myndað neinn rétt meðan þeir sem fara á vinnumarkaðinn eru búnir að mynda réttinn. Þetta eykur aðstöðumun þeirra sem eru í skóla og hinna sem eru á vinnumarkaði," segir Árni Páll. Það sé nákvæmlega ekki það sem eigi að gera því að á Íslandi sé færra fólk með framhaldsmenntun en í nokkru öðru ríki í Evrópu. Að mati Árna Páls væri nær að auka fjölda fólks sem er með framhaldsmenntun í stað þess að skapa hvata fyrir fólk til að hætta í skóla og fara að vinna.

jonhakon@frettabladid.is



**TILLÖGUR KYNNTAR** Eygló Harðardóttir og Soffía Eydís Björgvinsdóttir kynntu hugmyndir verkefnastjórnarinnar á fundi í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL.



**„Þetta eykur aðstöðumun þeirra sem eru í skóla og hinna sem eru á vinnumarkaði.**

*Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar.*




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**VEÐRIÐ UM VERSLÓ** Veðurspá helgarinnar er glimrandi fín fyrir flestalla landshluta um helgina en hins vegar nálgast landið lægð úr suðri sem mun líklega hafa einhver áhrif á veðrið í Eyjum, einkum á sunnudag með ákveðinni austanátt.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 33° | Friedrichshafen | 26° | New York | 28° |
| Aþena | 32° | Gautaborg | 24° | Orlando | 31° |
| Basel | 28° | Kaupmannahöfn | 24° | Ósló | 21° |
| Berlín | 26° | Las Palmas | 26° | París | 27° |
| Billund | 24° | London | 24° | San Francisco | 24° |
| Frankfurt | 27° | Mallorca | 33° | Stokkhólmur | 23° |




**Á MORGUN**
3-8 m/s. Hægt vaxandi SA-átt syðst.




**SUNNUDAGUR**
Víðast 3-8 m/s, en 8-15 við S-ströndina.

**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is
**FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kkolbeins@365.is,
**FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is


POLLAHÁTÍÐ
Á OLÍS
NORÐLINGA-
HOLTI
Í DAG
1. ÁGÚST
KL. 16-19
FRÍR
POLLAÍS
BYLGJAN
VERÐUR
Á STAÐNUM
KL. 16-18.30
OG SENDIR ÚT
REYKJAVÍK
SÍÐDEGIS
POLLA-
PÖNK
KL. 17.00
HEPPNIR
VIÐSKIPTAVINIR
FÁ FRÍA
BENSÍNÁFYLLINGU
Í BEINNI
Á BYLGJUNNI
ÆVINTÝRA
EYJAN
FARÐU Á
WWW.OLIS.IS
OG TAKTU ÞÁTT
Í LEIKNUM!
FÖRUM GLÖÐ OG KÁT INN Í
VERSLUNARMANNAHELGINA!
olís
Vinur við veginn
PIPAR\TBWA • SÍA • 141356

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað geymir gagnagrunnurinn Reconesse Database?
**2.** Hversu mikið var tekjutap Icelandair vegna kjaradeilna?
**3.** Hvar er Englendingavík þar sem endurheimta á baðströnd?

**SVÖR:**
**1.** Upplýsingar um konur í gegnum tíðina **2.** 40,5 milljarðar króna **3.** Í Borgarnesi.

Hvalaskoðunarfyrirtæki á Dalvík hafa sýnt hnúfubaka allt árið um kring:

# Hnúfubakar dvelja hér allt árið

**FERÐAMÁL** „Við höfum séð hnúfubaka alla mánuði ársins,“ segir Freyr Antonsson, framkvæmdastjóri Arctic Sea Tours á Dalvík, sem í fyrsta sinn bauð upp á hvalaskoðun í vetur.

Haustin eru reyndar sérlega hentug til þess arna því hnúfubakar létu sjá sig í öllum ferðum frá 15. október til áramóta.

„Það voru eiginlega fleiri hvalir en farþegar í þessum haustferðum,“ segir hann og hlær við. Hann segir þó að ferðirnar séu ekki mjög margar þegar vetur konungur ríkir.

Þetta sumarið hafa hnúfubakarnir verið mjög aðgengilegir í Eyjafirðinum en þeir sáust í hverri ferð frá 12. maí til 3. júlí en þá fóru brælur að gera skoðunarmönnum erfitt fyrir. Sífellt fjölgar farþegum því fyrir tveimur árum voru farþegarnir um 3.200 en í fyrra voru þeir helmingi fleiri. Útlit er fyrir að enn fjölgi þeim og segir Freyr að stefnan sé sett á að ná tíu þúsund markinu í ár. - jse



**HNÚFUBAKUR** Einhverjir þeirra hafa verið á ferðinni í vetur. MYND/ARCTIC SEA TOURS

Sambíubúum boðið app:

# Facebook býður netaðgang frítt

**UPPLÝSINGATÆKNI** Facebook kynnti í gær til leiks nýtt smáforrit (app) fyrir Sambíubúa sem gerir hverjum sem er kleift að nota veraldarvefinn gjaldfrjálst. Frá þessu er sagt í frétt PC World.

Appið er hluti af „Internet.org“ verkefni fyrirtækisins, en það miðar að því að færa þeim 60 prósentum heimsins sem ekki hafa nettengingu aðgang að vefnum.

Með appinu geta notendur nýtt sér valdar upplýsingaveitur, auk Facebook. - kóh

Tilkynnt um nýjan forstjóra:

# Þórólfur yfir Samgöngustofu

**STJÓRNSÝSLA** Þórólfur Árnason, fyrrverandi borgarstjóri Reykjavíkur og forstjóri Tals, hefur verið skipaður forstjóri Samgöngustofu.



**ÞÓRÓLFUR ÁRNASON**

Þriggja manna nefnd, skipuð af innanríkisráðherra, mat hæfi umsækjenda. Alls sóttu 24 um stöðuna en þeir Stefán Eiríksson, fráfarandi lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, og Eyþór Björnsson fiskistofustjóri drógu umsóknir sínar til baka.

Þetta kemur fram í tilkynningu frá Samgöngustofu en í henni eru Hermanni Guðjónssyni, fráfarandi forstjóra, einnig þökkuð góð störf. - bá

## LÖGREGLUMÁL

### Þrír fóru á slysadeild

Þrír leituðu sér aðstoðar á slysadeild vegna minniháttar meiðsla eftir árekstur tveggja bíla rétt við Bakarameistarann á Dalvegi í Kópavogi laust eftir klukkan tvö í gærdag. Að sögn lögreglu var bifreið ekið frá bílastæði og í veg fyrir aðra sem var ekið frá hringtorgi áfram Dalveg að Skógarlind. Flytja þurfti aðra bifreiðina af vettvangi með dráttarbifreið.

# Keimlíkt veður um landið

Veðurstofa spáir nokkuð svölu veðri um verslunarmannahelgina og stöku skúrum. Helst mun rigna og hvessa á Suðurlandi á sunnudag, þó að lítið beri á milli landshluta. „Ekkert mikið veður,“ segir veðurfræðingur.

**VEÐUR** Verslunarmannahelgin gengur nú í garð og hefur veðurspáin oft verið verri. Þrátt fyrir heldur vætusamt sumar, stefnir ekki í mikla rigningu um helgina.

„Það verður eiginlega keimlíkt veður um allt land,“ segir Birta Líf Kristinsdóttir, veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands. „Það verður hægur vindur og stöku skúrir en á flestum stöðum verður bjart. Það er helst allra syðst sem hvessir á sunnudaginn og mesta úrkoman verður kannski þar, þótt hún verði aldrei það mikil. Þá verður aðallega þurrt fyrir austan.“

Samkvæmt spá Veðurstofu er von á nokkuð svölu veðri um land allt. Kuldapollur kemur úr norðri og hiti verður á bilinu sjö til þrettán stig. Hlýjast verður suðvestan til á landinu, þar sem hiti mun kannski ná upp í um fimmtán stig, en svalast á Norðurlandi.

„Það er samt ekkert sem peysa eða úlpa getur ekki reddað,“ segir Birta Líf. Sömuleiðis hefur veðurspáin í Vestmannaeyjum oft verið verri fyrir verslunarmannahelgina.

„Það verður hægur vindur framan af hjá þeim í Eyjum og einhverjar skúrir,“ segir Birta Líf. „Á sunnudaginn er kannski heldur búist við rigningu og það hvessir svolítið þar.“

Birta Líf segir að í raun sé ekki von á eftirminnilega góðu eða eftirminnilega slæmu veðri um verslunarmannahelgina og enginn landshluti afgerandi betur staddur en annar.

„Þetta er ekkert mikið veður,“ segir hún. „Ef þetta væri venjuleg helgi, held ég að allir væru bara ljómandi glaðir.“ bjarkia@frettabladid.is

## Veðurspá Veðurstofu Íslands fyrir helgina







1. Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum
2. Innipúkinn í Reykjavík
3. Mýrarbolti á Ísafirði
4. Síldarævintýrið á Siglufirði
5. Ein með öllu á Akureyri
6. Neistaflug í Neskaupstað
7. Unglingalandsmót UMFÍ á Höfn í Hornafirði
8. Edrúhátíðin á Laugalandi í Holtum

**Stjórn Vina Vatnajökuls auglýsir eftir umsóknum um styrki**

VINIR VATNAJÖKULS

Vinir Vatnajökuls eru hollvinasamtök Vatnajökulsþjóðgarðs. Samtökin styrkja rannsóknir, kynninga- og fræðslustarf sem stuðlar að því að sem flestir geti notið náttúru og sögu Vatnajökulsþjóðgarðs.

**Umsóknarfrestur stendur frá 1. ágúst til 30. september 2014. Sjá nánari upplýsingar á vefsíðu samtakanna www.vinirvatnajökuls.is**



**STENDUR Á RÚSTUM ÍBÚÐARHÚSS** Palestínumaður stendur á rústum íbúðarhúss í Gasaborg, en húsið var eyðilagt í sprengjuárásum í fyrrinótt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mannréttindafulltrúi SÞ sakar bæði Ísraela og Palestínumenn um stríðsglæpi:

# Einn glæpur réttlætir ekki annan

**GASA, AP** Navi Pillay, mannréttindafulltrúi Sameinuðu þjóðanna, segir bæði Ísraela og Palestínumenn stunda stríðsglæpi á Gasasvæðinu.

Hún fer þó harðari orðum um Ísraela en Palestínumenn.

„Að skjóta sprengjuflaugum frá skólum og sjúkrahúsum, eða jafnvel það eitt að skjóta þessum sprengjuflaugum frá þéttbyggðum svæðum, er brot á alþjóðlegum mannúðarlögum,“ sagði hún, og átti þá við liðsmenn Hamas-samtakanna.

Hún bætti því þó við að þessi brot Palestínumanna leysi Ísraela ekki undan því að þurfa að virða sömu lög. Ísraelsk stjórnvöld hafi vísvitandi brotið gegn alþjóðalögum á Gasa með því að gera árásir á skóla, sjúkrahús, heimili og stofnanir Sameinuðu þjóðanna.

„Ekkert af þessu virðist vera gert af slysni,“ sagði hún á blaðamannafundi í Genf.

Árásir Ísraela á Gasa undanfarnar vikur hafa orðið meira en 1.300 manns að bana. Flestir þeirra eru almennir borgarar og margir á barnsaldri.

Palestínumenn hafa hins vegar orðið 59 manns að bana, en flestir þeirra eru ísraelskir hermenn.

Navi Pillay gagnrýndi einnig Bandaríkjamenn fyrir að hafa útvegað Ísraelum varnarbúnað gegn sprengjuflaugum frá Gasa: „Íbúum Gasa hefur ekki verið útveguð slík vörn gegn sprengjuárásunum,“ sagði hún. - gb

nettó 24

VERIÐ VELKOMIN Í NETTÓ GRANDA OG MJÓDD

DAG SEM NÓTT

www.n1.is facebook.com/enneinn



# Stimplaðu þig til sigurs

Vegabréf N1 er orðinn fastur liður í sumarfríi margra Íslendinga. Fjölskyldur á ferðinni fá skemmtilegar stimpilgjafir á þjónustustöðvum N1 um allt land. Í sumar er vegabréfið með spennandi Minute to Win it þrautum sem allir geta spreytt sig á. Í lok sumars drögum við út hundrað fullstimpluð Vegabréf og gefum glæsilega vinninga.

Vinningar:

1x Heimsferðir **Fjölskylduferð til Tenerife í viku í vetur**
Flug og gisting fyrir fjóra (2 fullorðnir og 2 börn) að verðmæti 500.000 kr.

3x Playstation 4 leikjatölva

3x Samsung spjaldtölva

3x Samsung Ace 3 snjallsími

30x Máltíð fyrir tvo á Hamborgarafabrikkuna

30x Tívolí 5.000 kr. gjafakort í Smáratívolí

30x Áskriftarpakki í 3 mánuði af SkjáEinum


Minute to Win it Ísland

Sýningar hefjast á SkjáEinum næsta haust

## Hluti af ferðasumrinu

N1



**KIND** Sauðfjárafurðir hafa skilað yfir milljarði í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sauðfé skilar yfir milljarði:

## Kjötið skilar þjóðinni mestu

**VIÐSKIPTI** Fyrstu sex mánuði ársins voru fluttar út sauðfjárafurðir að verðmæti rúmlega 1.250 milljóna króna. Á vef Landssamtaka sauðfjárbænda kemur fram að þetta sé nokkru minna en á sama tíma í fyrra þegar fluttar voru út á sama tíma afurðir fyrir rúmar 1.340 milljónir króna.

72 prósent verðmætisins eru vegna kjöts og kjötafurða, 18 prósent eru ull og ullarvörur og 10 prósent gærur, unnar og óunnar. Noregur er sem fyrr langmikilvægasti markaðurinn en þaðan komu nær 45 prósent tekna tímabilsins. Lamba- eða kindakjöt hefur ekki verið flutt inn til landsins síðan í maí 2013. - jhh

**NOREGUR**

### Hryðjuverkaógn að baki

Norska lögreglan tilkynnti í gær að dregið hefði verið úr viðbúnaði vegna hryðjuverkaárásar sem óttast var að þar væri yfirvofandi. Viðbúnaðarstig er nú það sama og var áður en greint var frá hryðjuverkaógninni í síðustu viku, að sögn NRK. Sérstakri vopnaðri gæslu á helstu flugvöllum og lestarstöðvum verður hætt og landamæragæsla færð í eðlilegt horf.

# Fleiri störf verða til með bættri nýtingu auðlinda

Skattur á óskilvirka auðlindanýtingu og mengun en lægri tekjuskattur á fólk gæti mögulega aukið skilvirkni, að mati Umhverfisstofnunar Evrópu. Hér er unnið að grænu hagkerfi. Úrgangur eins verður hráefni annars.

**AUÐLINDIR** Með skilvirkari auðlindanýtingu geta skapast fleiri störf og nýsköpun aukist. Þetta er ein af niðurstöðum nýrrar skýrslu EEA, Umhverfisstofnunar Evrópu, sem greint er frá á vef Umhverfisstofnunar Íslands.

Í skýrslunni er tekið fram að Evrópusambandið þurfi að gera gagngerar breytingar á efnahagskerfi aðildarríkjanna ætli það að ná langtímamarkmiðum sínum í umhverfismálum. Bent er á að nýsköpun sé líklega einn mikilvægasti hvatinn til að nýta auðlindir á skilvirkari hátt. Önnur leið til að auka skilvirkni auðlindanýtingar gæti verið að draga úr sköttum á vinnuafli eins og tekjuskatti og leggja þess í stað skatta á óskilvirka auðlindanotkun og umhverfismengun.



ÞORSTEINN INGI SIGFÚSSON

Til þess að leggja á slíka skatta hér þyrftu góðar upplýsingar um það sem er að gerast í þjóðfélaginu að liggja til grundvallar, segir Kristín Linda Árnadóttir, forstjóri Umhverfisstofnunar. „Það þarf góða tölfræði og góðan skilning á því hvernig kerfið spilar saman. Í því samhengi má til dæmis nefna að malarvinnsla er auðlind og náttúrufegurðin í landinu okkar er auðlind sem ferðaþjónustan tengist.“

Kristín Linda bendir á að Umhverfisstofnun hafi undanfarin ár minnt á mikilvægi græna hagkerfisins og grænnar nýsköpunar. „Í fiskiðnaðinum er farið að fullnýta hráefnið. Við viljum sjá þessa þróun í öðrum greinum.“

Þorsteinn Ingi Sigfússon, prófessor og forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, segir stefnt að meira samspili fyrirtækja í auðlindagörðum, eins og hann orðar það. „Úrgangur eins aðila verður þá hráefni annars. Gott dæmi um þetta eru verkefni sem við vinnum með álverunum. Unnið er að því að reyna að endurvinna úr kerbrotum, sem eru úrgangsfóðringar álkera, og álgjalli, sem er afgangsstærð við rekstur álkera, efni sem nota má sem hráefni í steinull.“ ibs@frettabladid.is



**VIÐ GULLFOSS** Náttúrufegurð er auðlind, segir forstjóri Umhverfisstofnunar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



> **Í fiskiðnaðinum er farið að fullnýta hráefnið. Við viljum sjá þessa þróun í öðrum greinum.**
>
> *Kristín Linda Árnadóttir, forstjóri Umhverfisstofnunar.*




netto
Kræsingar & kostakjör













# HUMAR PIZZA

**1 skammtur pizzadeig**
**rjómaostur**
**1 dós tómatakraftur**
**8-10 humarhalar**
**25 g smjör**
**3-4 hvítlauksgeirar, mjög fínt saxaðir**
**Parmesanostur**
**lúka af söxuðum, ferskum basilblöðum**

Fletjið pizzudegið út mjög þunnt. Blandið saman rjómaosti og tómatakrafti/púrru í jöfnum hlutföllum og smyrjið á pizzuna. Rífið ferskan parmesan-ost yfir.

Hitið ofn eða grill. Ef þið notið ofn er hann hitaður eins mikið og hægt er. Best er hins vegar að elda pizzuna á pizzasteini í grilli (það má líka nota slíka steina í ofni). Með því að nota stein fæst mikill undirhiti sem gerir botninn stökkari og líkari því sem við þekkjum úr pizzaofnum veitingastaða.

**Setjið botninn á steininn/í ofninn.**

Á meðan bræðum við smjör og setjum hvítlaukinn út í. Veltið humarhölunum upp úr bráðnu hvítlaukssmjörinu. Þegar pizzan fer að verða tilbúinn og á einungis nokkrar mínútur eftir er humarinum bætt út á og látinn bakast með síðustu mínuturnar.

**Takið pizzuna af grillinu/úr ofninum.**
**Rífið meiri Parmesanost yfir og sáldrið fersku basil yfir.**

www.netto.is
| Mjódd · Grandi · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

Uppgjöri Icelandair vel tekið:

# Veltan var 695 milljónir króna

**VIÐSKIPTI** 695 milljóna króna velta var með hlutabréf í Icelandair Group í Kauphöll Íslands í gær. Þá var fyrsti viðskiptadagur eftir birtingu uppgjörs annars ársfjórðungs.

Fjárfestar tóku uppgjörinu vel því gengi bréfa hækkaði um 2,26 prósent. Við lok dags í gær stóð gengi bréfa í 18,10 krónum á hlut og hefur ekki verið hærra síðan í apríl. Hagnaður félagsins á öðrum fjórðungi nam 2,6 milljörðum króna eftir skatta. - jhh

41. Ólympíuskákmótið hefst á morgun í Tromsö en átján Íslendingar munu koma að mótinu:

# Fimm íslenskir skákstjórar á ÓL í skák

**SKÁK** Ólympíuskákmótið, fer fram 1.-14. ágúst í Tromsö í Noregi. Mótið er nú haldið fyrir norðan heimskautsbaug í fyrsta skipti í skáksögunni. Tvær íslenskar sveitir taka þátt í mótinu; karlaliðið í opnum flokki og kvennasveitin í kvennaflokki. Í fyrsta skipti í sögunni verða fimm íslenskir skákstjórar á Ólympíuskákmótinu og er þetta liður í uppbyggingarstarfi Skáksambands Íslands vegna fyrirhugaðrar Evrópukeppni landsliða sem verður haldin hér á landi árið 2015.

Fjórir stórmeistarar eru í sveit Íslands í opnum flokki. Sveitina skipa Hannes Hlífar Stefánsson, Hjörvar Steinn Grétarsson, Þröstur Þórhallsson, Helgi Ólafsson og Guðmundur Kjartansson.

Kvennaliðið er skipað Lenku Ptácníková, stórmeistara kvenna, Hallgerði Helgu Þorsteinsdóttur, Jóhönnu Björgu Jóhannsdóttur, Tinnu Kristínu Finnbogadóttur og Elsu Maríu Kristínardóttur.

Liðsstjórar eru Ingvar Þór Jóhannesson og Jón L. Árnason.

Gunnar Björnsson, forseti Skáksambands Íslands, er einnig með í för og mun fyrir hönd Íslands sitja fund Alþjóðaskáksambandsins (FIDE) þar sem kosið verður um forseta sambandsins. Þar berjast Kirzan Iljumsjínov, núverandi forseti FIDE, og Garrý Kasparov, fyrrverandi heimsmeistari í skák. - sa



**GUNNAR BJÖRNSSON** Í Tromsö fer á næstu dögum fram kjör forseta Alþjóðaskáksambandsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


**FRÉTTABLAÐIÐ**
ER HELGARBLAÐIÐ



TREYSTI ÍSLANDI FYRIR LÍFI SÍNU

**Ibrahem Faraj** flúði frá Líbíu þegar hann fór á svartan lista einræðisherrans. Hann sótti um hæli á Íslandi og beið í tíu ár eftir langþráðum ríkisborgararétti. Á Íslandi kynntist hann ástinni og býr nú á Akranesi ásamt konu sinni, Linu Falah, palestínskum flóttamanni sem flúði hingað frá Írak.



**Skriðjöklarnir skreyta svæðið**

Náttúran er svipmikil á Suðausturlandi og stutt er frá þjóðveginum á áhugaverða staði.



**Orðið þreytt að berja alla úr næsta bæjarfélagi**

Stefán Magnússon, maðurinn á bak við eina vinsælustu og umtöluðustu tónlistarhátíð landsins, Eistnaflug, er ekki allur þar sem hann er séður því dags daglega starfar hann sem íþróttafræðingur og aðstoðar fólk við að koma sér í form í Sporthúsinu.

FRÉTTABLAÐIÐ
*Ómissandi hluti af góðri helgi*

Skaftahlíð 24 | 105 Reykjavík | 512 5000
Auglýsingar 512-5401 | **visir.is**




**ÁRANGURSLAUSAR SAMNINGAVIÐRÆÐUR** Axel Kicillof, efnahagsmálaráðherra Argentínu, að loknum fundahöldum í New York á miðvikudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Argentína kaus að fara í greiðslufall

Bandaríski vogunarsjóðurinn Elliott Management hefur í heilan áratug reynt að þvinga Argentínu til þess að greiða að fullu skuld sem allir vita að Argentína ræður ekki við að greiða. Lokafrestur rann út á miðvikudaginn án samninga.

**ARGENTÍNA** Bandaríski auðkýfingurinn Paul Singer hefur sagt að ekkert geti verið rangt við það að krefjast þess að menn standi við gerða samninga. Hann er eigandi vogunarsjóðsins Elliott Management, sem í heilan áratug hefur reynt að þvinga Argentínu til þess að greiða að fullu skuld sem ljóst má vera að Argentína ræður alls ekki við að greiða.

Ríkissjóður Argentínu fór í greiðsluþrot árið 2001 en hefur síðan 2005 reynt að ná samningum við lánardrottna sína um stórfellda eftirgjöf á skuldasúpunni. Yfirgnæfandi meirihluti þeirra hefur fallist á að Argentína þurfi aðeins að greiða um þrjátíu prósent af skuldunum.

Elliott Management og nokkrir aðrir vogunarsjóðir, sem höfðu keypt hluta af skuldabréfunum á broti af upphaflegu virði þeirra í von um að græða vel á kaupunum, hafa hins vegar farið í hart fyrir bandarískum dómstólum og krafist þess að fá fullar greiðslur.

Málaferlunum lauk í vor með sigri „hrægammasjóðanna“, eins og Argentínumenn kalla þá. Var Argentínu jafnframt bannað að greiða öðrum lánardrottnum, sem fallist höfðu á 70 prósenta eftirgjöf, fyrr en samningar væru einnig í höfn við Elliot Management og aðra sem neitað hafa að fallast á eftirgjöf.

Nú á miðvikudaginn rann svo upp gjalddagi á háum afborgunum af þeim skuldum sem búið var að semja um. Reynt var til þrautar að ná samningum við Elliott Management áður en dagurinn var úti, en að kvöldi miðvikudags var ljóst orðið að ríkissjóður Argentínu hafði í annað sinn á þrettán árum komist í greiðsluþrot.

Vandi Argentínu var ekki síst sá að í samningum um eftirgjöf voru ákvæði um að næðu aðrir lánardrottnar betri samningum við Argentínu féllu fyrri samningar úr gildi. Þar með hefðu heildarskuldirnar á einu bretti orðið það háar að ekkert yrði við ráðið.

„Við ætlum ekki að undirrita samkomulag sem stofnar framtíð allra Argentínumanna í voða,“ sagði Axel Kicillof, efnahagsmálaráðherra Argentínu, að loknum árangurslausum samningaviðræðum við Elliott Management og aðra lánardrottna í New York á miðvikudaginn.

Hann reynir þó að hvetja landa sína til þess að láta tíðindin ekki koma sér úr jafnvægi: „Argentínumenn geta haldið ró sinni því á morgun kemur bara einn dagurinn enn og jörðin heldur áfram að snúast.“ gudsteinn@frettabladid.is

**1,5** milljarðar dala (um 170 milljarðar króna) er skuld Argentínu með vöxtum við vogunarsjóðina, sem krefjast fullrar greiðslu.

**120** milljarðar dala (um 14.000 milljarðar króna) yrðu heildarskuldir vegna gjaldþrotsins 2001, fari allir lánardrottnar fram á fulla greiðslu.

## Ólíklegt en ekki útilokað að Ísland lendi í svipuðu þroti

**Þorvaldur Gylfason** hagfræðiprófessor segist telja það frekar ólíklegt að Íslendingar lendi í greiðsluþroti eins og Argentína. Ekki sé þó hægt að útiloka það alveg, „og það stafar af því annars vegar að samskipti við erlenda kröfuhafa eru vandasöm og geta leitt til málaferla af því tagi sem Argentína tapaði fyrir bandarískum dómstóli um daginn. Hin ástæðan er sú að þjóðarbúið hér heima getur ekki með góðu móti að svo stöddu aflað þess gjaldeyris sem þarf til að standa í skilum gagnvart erlendum viðskiptamönnum Íslands fram í tímann.“



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þorvaldur segir að þarna hangi fleira en eitt á spýtunni: „Í fyrsta lagi hefur genginu verið leyft að hækka upp á síðkastið og það hefur veikt viðskiptajöfnuð og skuldastöðuna. Og það er eiginlega óskiljanleg hagfræðivilla í Seðlabankanum frá mínum bæjardyrum séð.“ Á hinn bóginn segir Þorvaldur engan veginn hægt að treysta því að uppgangur í ferðaþjónustunni geti haldið áfram eins og verið hefur.

Hvað Argentínu varðar segir Þorvaldur stjórnvöld þar ekki hafa annan kost en að reyna einhvern veginn að ná samningum við kröfuhafana: „Það er hins vegar erfitt vegna þessa dóms sem féll í Bandaríkjunum, og hann gekk út á það að þeir sem neita að taka á sig klippingu eins og kallað er, sætta sig við að fá kannski 30 prósent til baka af því sem þeir telja sig eiga inni, þeir virðast hafa lagalegan rétt til þess að sætta sig ekki við slíkt. Og það er ný staða sem er komin upp fyrir þennan úrskurð fyrir bandarískum dómstóli.“

Þorvaldur segir þennan úrskurð að vísu mjög umdeildan, „en það deilir víst enginn við dómarann í máli sem þessu. Og þetta sýnir bara hversu hættulegt það getur verið að missa tökin þannig að menn eigi það undir erlendum dómara hvernig fer með svona viðkvæma samninga.“

# RISA SKÓ




Toppskórinn er á 2 stöðum Smáratorgi og Grafarholti

## ÚTSALA

### Í TOPPSKÓNUM

### Í FULLUM GANGI

## 50-90% afsláttur

Mikið úrval af Dömu, herra og barnaskóm

Toppskórinn Outlet Grafarholti

Framúrskarandi fyrirtæki 2013

Toppskórinn Markaður Smáratorgi

Vínlandsleið 6, Grafarholti
Opið virka daga: 11-18 • **Laugardaga: 11-16**
**Sunnudaga: 13-17**

Smáratorgi, Kópavogi
Opið virka daga: 11-18 • **Laugardaga: 11-18**
**Sunnudaga: 12-18**

# KRÓNAN

– fyrst og fremst ódýr!



## LAMBALÆRI

Þú getur valið ókryddað, kryddað, marinerað með kolagrillkryddi, New York, hvítlauk & rósmarín, piparmarinerað eða trönuberja- & eplamarinerað!

Ókryddað

Trönuberja- og eplamarinerað

Piparmarinerað

ÍSLENSKT

**1298** kr. kg

Lambalæri

# ALLT FYRIR FERÐALAGIÐ



## LAMBAFILLE

Þú getur valið ókryddað, kryddað, kolagrills-, New York og hvítlauks & rósmarín marineringu!

ÍSLENSKT

**3998** kr. kg

Lambafille með og án marineringar



## GRÍSAHNAKKI

Þú getur valið ókryddað, kryddað, marinerað með kolagrillkryddi, New York, hvítlauk & rósmarín og ítalskri marineringu!

**1398** kr. kg

Grísahnakki, kryddaður eða ókryddaður




MAGN-PAKKNING

**1998** kr. kg

Krónu kjúklingabringur, magnpakkning



4 í pk.

ÍSLENSKT

**798** kr. pk.

200 kr. hamborgari í brauði!

Grillborgarar með brauði, 4 stk.




Pylsa í brauði á 68 kr. stk.

**159** kr. pk.

Líf pylsubrauð, 5 stk.

**359** kr. pk.

Krónu pylsur, 10 stk.

Krónan Árbæ · Krónan Bíldshöfða · Krónan Breiðholti · Krónan Granda · Krónan Hvaleyrarbraut · Krónan Lindum · Krónan Mosfellsbæ · Krónan Reykjavíkurvegi · Krónan Vallakór · Krónan Akranesi · Krónan Reyðarfirði · Krónan Selfossi · Krónan Vestmannaeyjum


Opið frídag verslunarmanna í völdum verslunum
sjá nánar á kronan.is
49% afsláttur
50 kr. stk.
Verð áður 99 kr. stk.
X Ray orkudrykkur, 250 ml
Hámark 5 kassar á mann meðan birgðir endast!
259 kr. pk.
Lindu Smá Buff og Rís Buff, 200 g
Aðeins 58 kr. dósin!
Hentug brenna í útileguna!
696 kr. kassinn
Coca-Cola, Coke light og Coke zero, 12 x 33 cl dósir
599 kr. pk.
Colgate ferðasett, tannbursti, tannkrem og munnskol
798 kr. kg
Verð áður 998 kr. kg
Krónu kjúklingaleggir í appelsínu og engifer marineringu
25% afsláttur
1199 kr. kg
Verð áður 1598 kr. kg
Esju Bayonne skinka úr læri
199 kr. stk.
Nivea mini snyrtivörur, fjölbreytt úrval!
Opið frídag verslunarmanna í völdum Krónuverslunum. Sjá nánar á kronan.is

# SKOÐUN

Allt sem þér viljið, að aðrir menn gjöri yður, það skulið þér og þeim gjöra:

## Gullna reglan á við um helgina

Að vanda leggja nú tugþúsundir Íslendinga land undir fót um verslunarmannahelgina, jafnvel þótt veðurspáin sé ekkert til að hrópa húrra fyrir, í það minnsta ekki sunnanlands. Hjá flestum, nema reyndar hluta verslunarmanna, er fram undan þriggja daga helgi þar sem fjöldi fólks notar tækifærið til að sækja skipulagðar útihátíðir og önnur mannamót, eða sækja heim vini og ættingja hér og hvar um landið.



**Óli Kristján Ármannsson**

olikr@frettabladid.is

Þegar margir eru á ferðinni í einu, eða samankomnir á sama stað, getur verið hætt við núningi af einhverju tagi. Vert er þá líka að hafa í huga að þótt hóflega drukkið vín geti glatt mannsins hjarta, þá getur sami vímugjafi losað um hömlur á þann máta að hann er eins og bensín á eld í deilum.

Illu heilli hafa fréttir síðustu ára og áratuga um verslunarmannahelgar að stórum hluta snúist um umferðaróhöpp og ofbeldisverk. Það liggur í hlutarins eðli að þegar allur fjöldinn fer af stað þá eru svörtu sauðirnir líka á ferðinni. Á útihátíðum er markaður fyrir ólögleg vímuefni og tækifæri til óskunda fyrir illvirkja.

Allur fjöldinn ætlar hins vegar að hafa það gott og skemmta sér. Til þess að svo megi verða gæti fólk þurft að hjálpast að.

Sama hverju fólk kýs að trúa eða trúa ekki þá kann leiðarinnar að farsælum fararlokum að vera að leita í siðaboðskap Krists, gullnu reglunni um að gera náunganum það sem maður vill að hann gerir manni sjálfur.

Sumir hafa viljað snúa reglunni á haus og segjast þá ekki gera öðrum það sem þeir vildu ekki að gert væri við sig. Slíkt viðhorf getur falið í sér skeytingarleysi um hag náungans. Í nýlegri umfjöllun Rannsóknarnefndar samgönguslysa um bílveltu, þar sem tólf ára drengur lét lífið, í mars í fyrra er átalið skeytingarleysi vegfarenda á slysstað. Fjöldi bíla ók hjá þrátt fyrir að farþegi í bílnum sem valt hafi í vegkantinum leitað hjálpar.

Margoft hefur verið greint frá viðlíka dæmum. Nýverið var ráðist á ungan mann í strætóskýli sem var í mestu vandræðum með að fá hjálp.

Vert er að spyrja sjálfan sig, hvernig vil ég að aðrir bregðist við lendi ég sjálfur, eða einhver af mínum nánustu, í slysi? Ætli maður að vænta þess að fá aðstoð frá öðrum, þá verður maður líka að vera reiðubúinn að hjálpa til þar sem aðrir eru í vandræðum.

Þetta á að sjálfsögðu við víðar en í umferðinni. Ósjálfbjarga fólk, hvort sem er vegna drykkju eða af öðrum völdum, á ekki að láta afskiptalaust heldur hjálpa í skjól þar sem því er sinnt.

Þótt misjafn sauður sé í mörgu fé þá getur verið öryggi í fjöldanum, ef fólk er samhent í því að láta sig varða hag náungans. Þannig má minnka til muna leikvöll þeirra sem misjafnt hafa í huga.

Vonandi eiga sem flestir ánægjulega verslunarmannahelgi.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Öryggið ofar öllu

Andrés Magnússon, fjölmiðlarýnir Viðskiptablaðsins, skrifar um stöðu Hönnu Birnu Kristjánsdóttur í Viðskiptablaðið í gær. Hann sagði meðal annars að Hanna Birna þyrfti að svara fjölmiðlum undanbragðalaust um lekamálið. Og það voru fleiri sem tjáðu sig um stöðu Hönnu Birnu. Leiðarahöfundur Fréttablaðsins krafðist afsagnar hennar og hún varð skotspónn Halldórs Baldurssonar teiknara. Hanna Birna tjáði sig vissulega þennan sama dag. Á leiðarasíðu Fréttablaðsins var brýn hvatning frá henni til landsmanna um að fara varlega í umferðinni um verslunarmannahelgina. Hanna Birna er vissulega ráðherra samgöngumála og hvatningin var góð. En flestir biðu eftir yfirlýsingum frá Hönnu um annað en umferðina.



### Svarað með þögninni

Eftir að Umboðsmaður Alþingis ákvað að krefja Hönnu Birnu Kristjánsdóttur svara um samskipti hennar við Stefán Eiríksson lögreglustjóra vegna lekamálsins var Bjarni Benediktsson inntur svara um stöðu Hönnu Birnu. Í fréttum RÚV kom fram að Bjarni vildi ekki tjá sig að svo stöddu um stöðu hennar. Það má eiginlega segja að með þögn Bjarna kveði við nýjan tón, því allt fram að þessu hefur Bjarni komið Hönnu Birnu til varnar og óhikað sagt að ekki væri ástæða fyrir hana að víkja sæti vegna lekamálsins.



### Ólík sýn systkina

Og enn meira af lekamálinu, því lítinn samhljóm er að finna í málflutningi systkinanna Björns Bjarnasonar og Valgerðar Bjarnadóttur. Valgerður, sem er þingmaður Samfylkingarinnar, hefur ítrekað spurt ráðherra um málið, bæði á þingi og í fjölmiðlum. Björn hefur aftur á móti meiri áhyggjur af umfjöllun blaðamanna af málinu og sakar leiðarahöfund Fréttablaðsins og blaðamenn DV um offors.

jonhakon@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Byggðaklúður ríkisstjórnarinnar

BYGGÐASTEFNA



**Árni Páll Árnason**
formaður Samfylkingarinnar

Ríkisstjórnin ber sér mjög á brjóst og segist vinna í þágu hinna dreifðu byggða og tilkynnir með látum uppbyggingu opinberra starfa í landsbyggðunum. Það var höfuðefni þjóðhátíðarræðu forsætisráðherra.

Fyrsta verk ríkisstjórnarinnar var hins vegar að slá af sóknaráætlanir landshluta og taka af fólki í hinum dreifðu byggðum vald yfir þróun eigin mála. Sóknaráætlanir byggðu á að færa ákvörðunarvald til fólksins sjálfs og að fé til uppbyggingar yrði ráðstafað í heimabyggð. Ný ríkisstjórn færði ákvörðunarvaldið í byggðamálum aftur til Reykjavíkur og breytti því í úthlutunarvald af gömlu sortinni.

Hið eina sem hönd á festir í sjálfumglöðum yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar um yfirburði hennar í byggðamálum er yfirlýsing sjávarútvegsráðherra um flutning Fiskistofu til Akureyrar, í fullkomnum ófriði við starfsfólk. Svo hefur reyndar komið í ljós að Fiskistofa á ekki að fara til Akureyrar, bara sumir og kannski ekki nema helmingurinn af starfsfólkinu. Fullkomlega óljóst er hvort meirihluti er fyrir þeirri ráðstöfun á meðal stjórnarflokkanna.

En á sama tíma og forsætisráðherra lofar uppbyggingu opinberra starfa á landsbyggðinni leggur innanríkisráðherrann niður störf í þjónustu við fólk með sameiningu lögregluembætta og sýslumannsembætta. Sama gerir heilbrigðisráðherrann með sameiningu heilbrigðisstofnana yfir gríðarstór landssvæði, þar sem verulegur vafi er á að breytingin skili einhverjum efnahagslegum ávinningi.

**➜ En á sama tíma og forsætisráðherra lofar uppbyggingu opinberra starfa á landsbyggðinni leggur innanríkisráðherrann niður störf í þjónustu við fólk með sameiningu lögregluembætta og sýslumannsembætta.**

Í báðum tilvikum tapast verðmæt störf í viðkvæmum byggðum.

Í báðum tilvikum er grafið undan þjónustu við fólk í heimabyggð og verðmætum þekkingarstörfum fækkað.

Og það sem athyglisverðast er: Hvorki innanríkisráðherrann né heilbrigðisráðherrann virðast hafa áttað sig á að sunnanverðir og norðanverðir Vestfirðir eru varla í vegasambandi hálft árið!

Er hægt að finna ráðlausari ríkisstjórn í byggðamálum?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Skarpari fákeppni

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Þegar takmarka á atvinnufrelsi er best að láta sem það sé alls ekki verið að gera það. „Nei, nei, við erum ekki að banna neitt. Við erum bara að skerpa og skýra. Viljum við ekki öll að lög séu skýr?“

Tökum eitt dæmi úr frétt sem birtist á vef Ríkisútvarpsins nýlega:

„Samgöngustofa í samvinnu við innanríkisráðuneytið hefur unnið að frumvarpi til laga um farþegaflutninga. Lögunum er ætlað að skerpa á ákvæðum laga um leigubifreiðar og taka á óleyfilegum akstri gegn gjaldi.“

Síðan er minnst á að menn hafi stofnað fyrirtæki sem skutlar drukknu fólk heim á eigin bílum og haft eftir opinberum starfsmönnum að þjónustan falli utan við lögin (sem er vitanlega alveg bagalegt). Svo er bætt við að það séu margs konar aðrar skutlþjónustur í boði á netinu og Samgöngustofa hafi ekki nægilega sterk refsiúrræði til að stöðva rekstur þeirra. Því þurfi að „skerpa á lögunum“.

## Gæðavottunarrökin

Ég hef ekki heyrt góð rök fyrir því að takmarka leigubílafjölda. En ég get fallist á að það megi vera einhvers konar regluverk í kringum þá. Rökin væru þá einhvern veginn svona:

Ímyndum okkur mann sem labbar eftir myrkur í ókunnugri borg. Hann er þreyttur og langar að komast heim á hótelið. Hann sér bíl með logandi TAXI-skilti á þakinu. Hann treystir því að sá sem keyrir bílinn verði alla vega ekki hissa á því að sjá hann. Hann treystir því að bílstjórinn hafi hlotið einhverja lágmarksvottun stjórnvalda og að hann megi keyra hann heim. Hann treystir því að það verði einhvers konar mælir í bílnum sem sýnir honum hvað ferðin kostar.

Söguhetjan okkar vill ekki þurfa að fara á TripAdvisor til að kynna sér umsagnir um ólíka valkosti í fólksflutningum. Hann vill geta treyst því að bílarnir með TAXI-skiltinu taki við farþegum af götunni og keyri þá heim.

Gott og vel. Þetta er þá einhvers konar gæðavottun. En ef við föllumst á að um gæðavottun sé að ræða fyrir þá sem vilja taka inn farþega af götunni þá er alls ekki sjálfsagt að allir aðrir sem keyra farþega á milli staða við einhverjar aðrar aðstæður eigi að þurfa þessa sömu vottun.

## Vonda nýsköpunin

Það er bara fínt að það séu til fyrirtæki sem skutla drukknu fólki heim á þeirra eigin bílum. Það er alls ekki nauðsynlegt að „skerpa á lögum“ til að útrýma þeirri starfsemi eða setja henni mjög þröngar skorður, til dæmis með því að krefjast þess að allir bílstjórarnir hafi leigubílaréttindi.

Sama gildir um aðra þjónustu þar sem fólk skutlar fólki á milli staða, þegar pantað er með fyrirvara. Sama gildir um síður þar sem fólk getur deilt kostnaði við lengri bílferðir. Það er engin ástæða til að banna þetta, þvert á móti. Þetta eflir samkeppni. Neytendur græða. Auðvitað má gera kröfur um að fólk hafi eðlileg lágmarksréttindi, að tryggingar séu í lagi og að skattarnir skili sér en að öðru leyti á markaðurinn að ráða. Ekki stjórnmálamenn eða hagsmunaaðilar.

> Það er bara fínt að það séu til fyrirtæki sem skutla drukknu fólki heim á þeirra eigin bílum.

## Hugsum um neytendur, einu sinni

Með auknum fjölda ferðamanna skapast möguleiki á því að hafa raunverulega samkeppni í samgöngum á Íslandi. Nú eru til dæmis komin tvö fyrirtæki sem flytja fólk til og frá Leifsstöð. Því ber að fagna en auðvitað voru ekki allir sem fögnuðu því heldur vildu sveitarstjórnarmenn á Suðurnesjum til dæmis leggja niður samkeppni á þessari leið. Þau voru ekki þau einu. Víða um land eru sveitarfélög að kæra fyrirtæki sem voga sér að flytja túrista milli staða í rútum. Þvert á sérleyfin heilögu.

Því miður er frumvarpsdrögin sem Samgöngustofa samdi fyrir ríkið, væntanlega með dyggri aðstoð hagsmunaaðila, ekki að finna á heimasíðu stofnunarinnar. En miðað við fréttaflutninginn má búast við hinu sama og alltaf. Í stað þess að fagna því að markaðurinn leiti nýrra leiða til að sporna við ölvunarakstri og nýta bílaflotann betur mun hið opinbera herða reglur í þágu þeirra hagsmunaaðila sem háværastir eru. Skítt með nýsköpun. Skítt með neytendur. Skítt með samkeppni.

# Um alhæfingar um íslam og kristindóm

TRÚMÁL
Bjarni Randver Sigurvinsson
trúarbragðafræðingur



Málefnaleg umræða um hvað múslimar eiga sameiginlegt með kristnum og hvað þá greinir á um í trúarefnum er af hinu góða. Alhæfingar um menningarhefðir trúarbragða í öllum sínum fjölbreytilegu birtingarmyndum geta þó reynst vandasamar.

Grein eftir Stefán Karlsson birtist í blaðinu 28. júlí þar sem skýr greinarmunur er gerður á guðsmynd kristindóms og íslams. Að mati Stefáns einkennist guðsmynd íslams af kærleikssnauðri lögmálshyggju sem leiðir sjálfkrafa af sér guðræðislegt stjórnfyrirkomulag íslamista en guðsmynd kristindóms er kærleikur.

Taka má undir gagnrýni Stefáns á guðræði og guðsmynd kærleikssnauðrar lögmálshyggju en alhæfingar hans um íslam geta allt eins átt við um ýmsar birtingarmyndir kristindóms og alhæfingar hans um kristindóm geta allt eins átt við um ýmsar birtingarmyndir íslams. Stefán virðist aðeins ræða um kristindóm út frá einni birtingarmynd hans, frjálslyndri lúterskri þjóðkirkju.

## Margvíslegar guðsmyndir

Þó svo að eingyðistrú sé meginatriði í helstu ritum Biblíunnar eru guðsmyndirnar þar margvíslegar. Sömu sögu er að segja af hinum ýmsu greinum kristindóms, þær túlka hlutina hver með sínum hætti innan sinnar hefðar. Í forútvalningarkenningu kalvínismans, svo dæmi sé tekið, má finna hliðstæðu við þann almáttuga lögmálsguð sem Stefán lýsir sem íslömskum og er sagður æðsti löggjafinn sem gefur ströng fyrirmæli um hvernig haga beri lífinu. Samkvæmt henni hefur Guð fyrir fram ákveðið hverjir verða hólpnir og hverjir glatast og getur enginn haft þar áhrif. Aðeins vinnusemi, meinlæti og guðrækni geta bent til velþóknunar Guðs. Í íslam getur Guð allt eins verið kærleikur eins og í kristindómi. Á það er lögð áhersla í gegnum allan Kóraninn að Guð sé náðugur og miskunnsamur og vilji umfram allt fyrirgefa. Mannslífið sé svo dýrmætt að hver sem bjargi einu skuli vera svo metinn sem hann hafi bjargað gjörvöllu mannkyni.

Stefán heldur því fram að ólíkt kristindómi leggi íslam mikið upp úr ytri hegðun og reglum en í raun er enginn skortur á slíkum stefnum innan kristindóms. Það er samt rétt að múslimar andmæla seint siðferðiskröfum sem þeir telja guðlega tilskipun og finna má texta í Kóraninum sem reynst geta vandamál eftir því hvernig þeir eru túlkaðir. Meðal þeirra siðferðisgilda sem kristindómurinn hefur gert að sínum eru boð Jesú Krists um að elska beri náungann eins og sjálfan sig og koma beri fram við aðra eins og maður vill að komið sé fram við mann sjálfan. Undir þetta eiga múslimar að geta tekið enda viðurkenna þeir Jesúm sem spámann og leggja sjálfir áherslu á að í Kóraninum kjósi Guð ávallt fremur að fyrirgefa en refsa.

Stefán gengur út frá því að í kristindómi séu trúarbrögð og stjórnmál aðgreind enda varði trú ekki efnisheiminn. Samt hefur það sjónarmið lengi haft vægi innan trúarbragðafræða að trúarbrögð séu í senn félagsleg og pólitísk, enda snúist þau um líf manna og siðræna einingu samfélagsins. Út frá slíkum forsendum er aðgreining trúar og trúarbragða frá veraldlegum efnisheimi mýta.

> Í íslam getur Guð allt eins verið kærleikur eins og í kristindómi. Á það er lögð áhersla í gegnum allan Kóraninn að Guð sé náðugur og miskunnsamur og vilji umfram allt fyrirgefa.

## Misheilbrigðar birtingarmyndir

Pólitískar birtingarmyndir trúarbragða geta þó reynst misheilbrigðar. Guðræði er óheilbrigt vegna þess að það getur aldrei orðið annað en alræðissinnað mannræði og ígildi guðdóms eins og Stefán bendir réttilega á. Íslamistar eru samt ekki einir um að hafa reynt að koma á guðræði. Það hafa ýmsar kristnar hreyfingar líka reynt, m.a. í siðbreytingunni.

Það sem raunverulega aðgreinir þessi trúarbrögð er túlkun þeirra á því með hvaða hætti Guð hafi mætt manninum í Jesú Kristi. Í táknfræði postullegs kristindóms eins og hún birtist hjá helstu kirkjudeildunum er áherslan á guðdóm Jesú, fagnaðarerindið, krossinn og upprisuna. Fyrir múslimum er Jesús hins vegar aðeins spámaður. Í kristinni trú er Jesús sjálft orð Guðs en ritsafn Biblíunnar í öllum sínum bókmenntalega fjölbreytileika er mannaverk. Í íslam er Kóraninn sjálft orð Guðs. Það gildir þó hið sama um þessi og öll önnur helgirit, þau þarf að túlka og þar er enginn skortur á álitaefnum og ágreiningsefnum. Hófsamir geta hæglega vísað í þau máli sínu til stuðnings um ágæti sinnar trúar og öfgamenn líka.



## MERKISATBURÐIR

**Ásgeir** Ásgeirsson (1952), Kristján Eldjárn (1968), Vigdís Finnbogadóttir (1980) og Ólafur Ragnar Grímsson (1996) tóku öll við embætti forseta Íslands þennan dag.

**1874** Ný stjórnarskrá fyrir Ísland gekk í gildi.

**1935** Opnað var talsímasamband við útlönd.

**1964** Franskir vísindamenn stóðu fyrir eldflaugarskoti af Mýrdalssandi.

---

†



Ástkær eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**HELGI FRIÐÞJÓFSSON**
**Seljalandsseli, Vestur-Eyjafjöllum,**

lést miðvikudaginn 30. júlí á Landspítalanum við Hringbraut.

**Sigrún Adolfsdóttir**
**Ólafur Guðni Stefánsson** **Ragnheiður Guðmundsdóttir**
**Sigurbjörg Stefánsdóttir**
**Guðlaug Jóna Helgadóttir**
**Hugrún Helgadóttir** **Alexander Þór Harðarson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---

†



Elskulegur eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**STEINAR HAGALÍNSSON**
**frá Hvammi, Dýrafirði,**
**Stekkjarholti 24, Akranesi,**

lést föstudaginn 25. júlí á Sjúkrahúsi Akraness. Útförin fer fram frá Akraneskirkju fimmtudaginn 7. ágúst kl. 14.00.

**Ragnheiður Ásgrímsdóttir**
**Ásbjörn Hagalín Steinarsson** **Jóhanna Sigríður Gylfadóttir**
**Þórunn Úrsúla Steinarsdóttir** **Stefán Jónsson**
**Berglind Steinarsdóttir** **Þórólfur Hilbert Jóhannesson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Ástkær eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**VALGEIR AXELSSON**
**Arahólum 6, Reykjavík,**

lést 19. júlí á Landspítalanum við Hringbraut. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Ástríður Oddný Gunnarsdóttir**
**Guðmundur Valgeirsson** **Anna Berglind Þorsteinsdóttir**
**Sigríður Erna Valgeirsdóttir** **Steinþór Steinþórsson**
**afabörn og langafabörn.**

---








**VIÐ AFHENDINGU** Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri, Ingunn og Högni.

# Brettum upp ermarnar

**Ingunn Benediktsdóttir glerlistakona og Högni Óskarsson geðlæknir hlutu nýlega viðurkenningu Seltjarnarnesbæjar fyrir endurbætur á Kjarvalshúsi og umhverfi að Sæbraut 1.**

„Við byrjuðum á því að bretta upp ermarnar. Það hafði ekki verið búið í húsinu í mörg ár svo af mörgu var að taka. Fyrst fengum við fagmenn í glugga og þak en gerðum sjálf það sem við réðum við," segir Ingunn Benediktsdóttir um húsið að Sæbraut 1 á Seltjarnarnesi sem byggt var af þjóðinni yfir Jóhannes Kjarval listmálara á sjöunda áratugnum. Hún og maður hennar, Högni Óskarsson, keyptu það árið 1991 í mikilli niðurníðslu. „Við vissum alltaf af húsinu, höfðum hlaupið fram hjá því og hjólað á námsárunum. Svo þegar við sáum það auglýst stukkum við á það en maðurinn minn segir að svona dæmi sé bara fyrir geðlækna," segir hún hlæjandi.

Þorvaldur S. Þorvaldsson arkitekt teiknaði húsið, Seðlabankinn átti lóðina, ríkið byggði og Kjarval lagði fram sjóð – ekkert var til sparað. „Kjarval var ánægður með staðsetninguna en orðinn áttræður þegar hafist var handa og upp úr því fór heilsa hans að bila. Þegar honum voru afhentir lyklarnir gerði hann sig máttlausan á stigapallinum, hljóp út í leigubíl, týndi lyklinum og kom aldrei hingað aftur. Miðað við húsakynnin sem hann hafði búið í var þetta auðvitað stórt og mikið," lýsir Ingunn. Hún segir þess gætt að breyta ekki arkitektúrnum en fyrirhuguð vinnustofa meistarans hafi þó verið gerð að stofu, borðstofu og sjónvarpsstofu. „Það er dásamlegt að búa hér," segir hún, „friður og fegurð."

gun@frettabladid.is



**1991** Fyrir endurbæturnar.



**2014** Svona er húsið núna.

---

†



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

**MAGNEA JÓNÍNA ÞORSTEINSDÓTTIR**
**sjúkraliði,**
**Hlíðarhúsum 3,**
**áður Arahólum 2, Reykjavík,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir mánudaginn 28. júlí. Útförin verður gerð frá Grafarvogskirkju þriðjudaginn 5. ágúst klukkan 13.00.

**Þór Vignir Steingrímsson**
**Ólafur Kristinn Ólafs** **Soffía G. Jóhannesdóttir**
**Þorsteinn Ólafs** **Lára Kristjánsdóttir**
**Halldóra Sigurlaug Ólafs, Magnea Jónína Ólafs,**
**Þór Steinar Ólafs, Björg Magnea Ólafs, Kristján Már Ólafs.**

---

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,

**KRISTJÁN HÓLM JÓNSSON**
**fyrrverandi sérleyfishafi,**
**Klettahlíð 14,**
**Hveragerði,**

verður jarðsunginn frá Hveragerðiskirkju laugardaginn 2. ágúst kl. 15.00.

**Una Runólfsdóttir**
**Margrét Kristjánsdóttir** **Helgi Hannesson**
**Helga Guðný Kristjánsdóttir** **Björn Birkisson**
**Runólfur Þór Jónsson** **Guðrún Hanna Guðmundsdóttir**
**Harpa Kristjánsdóttir** **Atli Einarsson**
**Gígja Kristjánsdóttir**
**Birkir Kristjánsson** **Valgý Arna Eiríksdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

*Þegar andlát ber að höndum*
*önnumst við alla þætti þjónustunnar með virðingu og umhyggju að leiðarljósi*



Framúrskarandi fyrirtæki 2013

*Við þjónum allan sólarhringinn*
*Vesturhlíð 2 - Fossvogi - Sími: 551 1266 - www.utfor.is*

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

# FÓLK
KYNNINGARBLAÐ




## KEPPT Á GÖMLUM TRAKTORUM

**Traktorstorfæran fer fram á Litlu-Laxá á Flúðum eins og undanfarin ár. Keppt er á gömlum traktorum en lögð hefur verið braut í gömlum farvegi Litlu-Laxár með hólmum, pyttum, beygjum og sveigjum. Keppnin fer fram á laugardag.**


LÍÐUR AÐ ÚTSÖLULOKUM
VERÐHRUN
ALLT AÐ 70%
50-70% afsláttur
Sparidress - Sumaryfirhafnir - Peysur - Blússur - Bolir
www.laxdal.is
BERNHARÐ LAXDAL
Laugavegi 63 • S: 551 4422

TUPPERWARE fyrir öll heimili
LAGERSALAN
heldur áfram í Háholti 23, Mosfellsbæ
Frábærar vörur í miklu úrvali:
Tertuhjálmar – Skálar – Frystiílát – Örbylgjuílát
Eldhúsáhöld – Drykkjarflöskur – Nestisílát – Ferðavörur og margt fleira
Allt að 60% afsláttur!
Föstudaginn 1. ágúst opið kl. 10:00-17:00
Lokað 2. ágúst-4. ágúst
Opnunartímar í ágúst: Mánudaga-fimmtudaga kl. 11:00-17:00
Mirella ehf – heildverslun
Sími: 586 8050 / Netfang: mirella@simnet.is

Heill lambaskrokkur klár á grillið
fyrir 1298 kr.kg.Í pakkanum er eitt kryddlæri
í heilu og 15-20 pakkar af grillsneiðum.





Hér á mynd er 15 kg. pakki á 19.470 kr.
Pantanir í síma 455-2200 eða á sahun@sahun.is
Sótt á Blönduós eða sent á Akureyri og í Reykjavík fyrir 1250 kr.
SAH Afurðir ehf
Blönduósi




# TORTÍMANDINN HAFÐI MIKIL ÁHRIF

**NÝR SPENNUTRYLLIR** *Ungur leikstjóri stýrir mörgum af frægustu leikurum landsins í sinni fyrstu kvikmynd sem frumsýnd verður í október.*

Ungur og efnilegur kvikmyndaleikstjóri stígur fram á sjónarsviðið í haust þegar Anton Sigurðsson frumsýnir sína fyrstu kvikmynd í fullri lengd. Myndin ber nafnið Grafir & bein og skartar mörgum af frægustu leikurum landsins í aðalhlutverkum. Kvikmyndin fjallar um hjón sem missa dóttur sína á sama tíma og maðurinn gengur í gegnum mikla erfiðleika í rekstri eigin fyrirtækis. Stuttu síðar flytja þau í afskekkt hús til þess að annast frænku sína eftir að foreldrar hennar deyja á furðulegan hátt. Skömmu síðar fara undarlegir hlutir að gerast; dularfullt fólk heimsækir þau og svefnlausar nætur taka við í húsinu sem virðist vera reimt.

Anton segir handrit og persónur myndarinnar ekki eiga sér neina sérstaka fyrirmynd í raunveruleikanum. „Ég skrifaði handrit myndarinnar eftir að framleiðandi minn, Erlingur Guðmundsson, hvatti mig til að gera eitthvað nýtt og öðruvísi. Fyrir átti ég nokkur tilbúin handrit á lager en Erlingur hvatti mig til að skrifa handrit að hrollvekju, sem ég gerði. Hann samþykkti uppkastið og boltinn fór að rúlla af stað.“ ▶

**BJÖRT FRAMTÍÐ** „Það er vissulega að stíga inn á sviðið ný kynslóð sem ætlar sér að taka þátt í leiknum og hún er nokkuð öflug að mínu mati,“ segir Anton. MYND/GVA


NINGS
SUMARTILBOÐ





Djúpsteiktar rækjur
Eggjanúðlur
Svínakjöt „appelsínu“
Kjúklingur „Kung Pao“
1995 á mann
verð fyrir tvo 3990
gildir aðeins fyrir tvo eða fleiri
Yasmin hrísgrjón, Soyasósa
2L af Gosi
299 kr.
með öllum tilboðum.
Veitingastaðir okkar eru opnir alla daga frá 11:30 - 22:00
Suðurlandsbraut | Hlíðarsmári | Stórhöfði
www.nings.is | sími















**SPENNA** Dularfullt fólk, svefnlausar nætur og reimleikar koma við sögu í nýrri kvikmynd Antons Sigurðssonar.

▶ Erlingur benti honum fljótlega á að bera handritið undir Björn Hlyn Haraldsson leikara sem leist vel á og samþykkti að taka þátt. „Eftir að hafa landað Birni Hlyni fer allt á fullt og hlutirnir gerðust hratt. Nína Dögg Filippusdóttir kom fljótlega að verkefninu og tökur hófust fimm mánuðum síðar. Frá því Erlingur bar hugmyndina undir mig og þar til tökur hófust liðu því einungis tíu mánuðir.“

Auk Björns Hlyns og Nínu Daggar fara Gísli Örn Garðarsson, Elva María Birgisdóttir, Sveinn Geirsson, Sveinn Ólafur Gunnarsson, Þorsteinn Gunnarsson, Ólafía Hrönn Jónsdóttir og Magnús Jónsson með helstu hlutverk.

### MIKLIR FAGMENN

Aðspurður hvort ekki hefði verið erfitt fyrir ungan leikstjóra að stýra svo stjörnum prýddum hópi í sinni fyrstu kvikmynd segir Anton að svo hafi alls ekki verið.

„Þetta eru fyrst og fremst fagmenn fram í fingurgóma. Björn Hlynur og Nína Dögg unnu mjög náið saman frá byrjun og raunar tókum við tvö skref til baka í upphafi og byrjuðum upp á nýtt með söguna. Ég held líka að þegar leikarar taka þátt í verkefni eins og kvikmynd, sem margir vonandi horfa á og lifir lengi, leggja þeir allt egó til hliðar og vinna saman sem ein heild að góðri útkomu. Að minnsta kosti hef ég yfir engu að kvarta og þáði góð ráð frá þeim.“

Anton, sem lauk nýlega námi við Kvikmyndaskóla Íslands, segist alltaf hafa haft mikinn áhuga á kvikmyndum. „Ég byrjað snemma að horfa á myndir eins og Terminator og Predator með pabba mínum þegar flestir krakkar voru að horfa á teiknimyndir. Kannski ekki gáfulegt hvað varðar uppeldið en fyrir vikið fékk ég snemma góðan skilning á bíómyndum. Þegar ég var yngri vildi ég verða leikari en um leið og afi minn sagði mér frá því að það væri einhver á bak við myndavélina sem stýrði öllu á bak við tjöldin snerist áhuginn fljótlega að því sviði. Tvítugur ákvað ég að leggja kvikmyndagerð fyrir mig og hef ekki litið um öxl síðan. Enda var ég líka búinn að segja sögur allt mitt líf, í afmælum, keppnisferðalögum og í skólanum. Þannig að sögumaðurinn hefur alltaf blundað í mér.“

### SKRIFAR DAGLEGA

Anton er nokkur bjartsýnn á framtíð íslenskrar kvikmyndagerðar og segir fullt af ungu fólki vera að stíga fram. „Það eru bæði margir ungir leikarar og kvikmyndagerðamenn sem eru að koma fram um þessar mundir. Ég mundi samt ekki kalla það kynslóðaskipti því eldra fólkið í bransanum er enn þá að gera fullt af frábærum hlutum, jafnvel sín bestu verk. En það er vissulega að stíga inn á sviðið ný kynslóð sem ætlar sér að taka þátt í leiknum og hún er nokkuð öflug að mínu mati.“

Þessa dagana leggur Anton lokahönd á eftirvinnslu myndarinnar auk þess sem hann er farinn að undirbúa næstu kvikmynd. „Ég skrifa daglega og er þannig séð „alltaf í vinnunni“. Sjálfur er ég bara ágætlega bjartsýnn í framhaldið þótt kvikmyndagerð á Íslandi sé auðvitað mikið hark, enda erfitt að starfa við skapandi greinar í landi sem telur rúmlega 300.000 manns. En við erum þó enn að framleiða kvikmyndir þótt auðvitað mættu þær alveg vera fleiri.“

■ starri@365.is



**LÍNURNAR LAGÐAR** „Ég byrjaði snemma að horfa á myndir eins og Terminator og Predator með pabba mínum þegar flestir krakkar voru að horfa á teiknimyndir,“ segir Anton. MYND/GVA

**GRAFIR & BEIN** verður frumsýnd 3. október í Smárabíói og Háskólabíói.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Kolbeinn Kolbeinsson,** kkolbeins@365.is, s. 512 5447
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**



# Lífið

FÖSTUDAGUR
1. ÁGÚST 2014

*Ragna Vala Kjartansdóttir*
**ÍSLENSK HÖNNUN SLÆR Í GEGN Í KANADA 2**

*Rikka*
**UPPSKRIFT AÐ PÖNNUSTEIKTUM LAXI MEÐ DÖÐLUM 4**

*Erla Hlín Hilmarsdóttir*
**FER EKKERT ÁN KRÍU HÁLS-MENANNA 10**

*Arndís Hrönn Egilsdóttir*

## ER KOMIN AFTUR Í TÍSKU

FRÉTTABLAÐIÐ
› visir.is/lifid

## HVER ER?



Nafn?
**Hildur Ragnarsdóttir**
Aldur? **25 ára**

**Starf?**
Eigandi verslunarinnar Einveru á Laugaveginum.

**Hverfi?**
101 því þar vinn ég og er uppalin. En ég bý í miðbæ Hafnarfjarðar og líkar mjög vel.

**Stjörnumerki?**
Krabbi.

**Hreyfing?**
Teljast hlaup á eftir strætó sem hreyfing? Annars er ég voða hrifin af jóga, þótt ég fari alls ekki nógu oft.

**Uppáhaldslistamaður?**
Frida Kahlo er í uppáhaldi hjá mér. Hún gerði bæði ótrúlega falleg verk og var mjög áhugaverður karakter sjálf.

**Uppáhaldsmynd?**
Garden State ef ég verð að velja eina. Annars hef ég verið sökker fyrir Tim Burton og Johnny Depp saman síðan ég var unglingur.

**A- eða B-manneskja?**
A-manneskja með dassi af B.

## HVERJIR HVAR?

Fjölmennt var á leiksýningunni Ræflavík seinustu helgi en þar voru meðal annars listamaðurinn **Pétur Gautur** og tónlistarmaðurinn Logi Pedro Stefánsson, ásamt Reykjavíkurdótturinni **Þórdísi Björk Þorfinnsdóttur**. Þau voru



á sýningunni ásamt vinum sínum, Sigurbjarti Sturlu Atlasyni leiklistarnema og Jóni Pétri Þorsteinssyni, listunnanda og upprennandi arkitekti. Var það sameiginlegur vinur þeirra, Aron Már Ólafsson, sem fór með aðalhlutverkið.







Ragna Vala Kjartansdóttir

*Kanadamenn hafa mikinn áhuga á Íslandi.*

Verslunin er einstaklega smekkleg og falleg. Á veggnum hanga ljósmyndir Finns P. Fróðasonar.

# HÖNNUN ÍSLENSK HÖNNUN OG LJÓSMYNDIR VEKJA ATHYGLI Í KANADA

***Ragna Vala Kjartansdóttir flutti til Kanada í fyrra eftir tuttugu ára búsetu á Ítalíu. Hún hefur nú opnað fallega verslun með íslenskri og ítalskri hönnunarvöru í miðbæ Montréal.***

Það hefur alltaf verið draumur minn að opna verslun með hönnunarvörum sem mér finnst fallegar. Þegar ég heyrði af Íslandsáhuga íbúanna hér í Montréal ákvað ég að slá til," segir verslunareigandinn Ragna Vala Kjartansdóttir. Ragna opnaði verslunina Uglu í Montréal í Kanada fyrir um þremur vikum en þar hefur hún til sölu íslenska hönnunarvöru í bland við ítalska.

„Ég hef verið búsett á Ítalíu síðustu 20 ár en flutti svo hingað á síðasta ári þegar maðurinn minn fékk vinnu hér í borg. Ég var mjög heppin að finna húsnæði við götuna Rue Crescent sem hentaði mjög vel, en gatan er á einum besta staðnum miðsvæðis."

Ragna selur hinar ýmsu vörur frá Íslandi en þar má nefna fatnað frá Farmers Market, gærukollana frá Fuzzy, heimilisvörur frá Ihanna og Billity og hönnunarvörur frá Bryndísi Bolladóttur og Dögg Guðmundsdóttur, ásamt húsgögnum og vörum frá Muuto. „Kanadamenn hafa mikinn áhuga á Íslandi. Þessa dagana erum við með ljósmyndasýningu frá Íslandi í búðinni með myndum eftir Finn P. Fróðason. Þessar myndir hafa vakið mikla athygli."

kristjana@frettabladid.is




## LÍFIÐ MÆLIR MEÐ

***Retro Stefson-balli, Mýrarbolta og Innipúkanum.***



**Mýrarbolti** Hinn árlegi Mýrarbolti er haldinn hátíðlegur vestur á Ísafirði nú eins og undanfarin ár. Lífið mælir með því að sem flestir leggi leið sína vestur og verði drullugir upp fyrir haus, á einni skemmtilegustu helgi ársins.

**Innipúkinn** Fyrir borgarbúa og miðbæjarrottur er ekki öll von úti, því Innipúkinn verður haldinn í Reykjavík, eftir sem áður. Meðal þeirra sem spila eru systurnar í **Sísý Ey**, en búast má við miklu fjöri á hátíðinni eins og síðastliðin ár.

**Retro Stefson ball** Hljómsveitin **Retro Stefson** heldur ball á Græna hattinum á Akureyri á laugardaginn, en búast má við miklu fjöri. Sveitin er þekkt fyrir líflega framkomu á sviði og ekkert verður gefið eftir að þessu sinni.





## AUGNABLIKIÐ



**Nina Dobrev**, sem er ef til vill hvað best þekkt fyrir leik sinn í þáttunum The Vampire Diaries, var mætt á Comic-Con 2014 í San Diego, ráðstefnu þar sem fólk í skemmtanaiðnaðnum kemur saman. Leikkonan var sumarleg og sæt í marglitum Naaem Khan-kjól og gulum Oscar Tiye-hælaskóm. Förðunin var náttúruleg og falleg og hárið látlaust.

**Lífið**
www.visir.is/lifid
ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Ritstjórnarfulltrúi **Álfrún Pálsdóttir** alfrun@frettabladid.is
Umsjón **Ólöf Skaftadóttir** olof@frettabladid.is • Auglýsingar **Atli Bergmann** atlib@365.is
Hönnun **Silja Ástþórsdóttir** siljaa@frettabladid.is • Forsíðumynd **Arnþór Birgisson** arnthorb@365.is



HAWAIIAN Tropic™
EST. 1969
Finndu ilminn af sumrinu!
HAWAIIAN Tropic
PROTECTIVE
Dry Spray Oil
15
Medium/Media
HAWAIIAN Tropic
Silk HYDRATION
15
HAWAIIAN Tropic
Silk HYDRATION
30
HAWAIIAN Tropic
Silk HYDRATION
50
FACE
30

# HEILSA TÍU STAÐREYNDIR UM LÍKAMANN

Líkaminn okkar er magnað fyrirbæri. Gerðar hafa verið ótal rannsóknir á honum, misjafnlega gáfulegar. En ef við værum ekki forvitin þá vissum við ekki neitt.
Vissir þú til dæmis að …

**1.** manneskjan er einum sentimetra hærri á morgnana en á kvöldin … það munar um minna.
**2.** Við mannverurnar deilum helmingi erfðaefnis okkar með bönunum … já og 90 prósentum með simpönsum.
**3.** blóð okkar mannanna ferðast tæplega 20.000 km um líkama okkar á hverjum degi.
**4.** heilinn notar 20 prósent af súrefnisupptöku líkamans þrátt fyrir að vera aðeins um 2% af heildarþyngd meðalmanneskju.
**5.** það tekur tá- og fingurneglurnar um sex mánuði að vaxa frá rót að endanum.
**6.** þeir sem dreymir meira eru víst með hærri greindarvísitölu.
**7.** hnerri fer á allt að 160 km hraða.
**8.** meðalmanneskja leysir vind að meðaltali 14 sinnum á dag.
**9.** okkur er lífsins ómögulegt að kitla okkur sjálf.
**10.** eyrun okkar og nefið eru það eina sem heldur áfram að stækka eftir að við komumst á fullorðinsaldur.





# HEILSA VIÐ GETUM BÚIÐ TIL OKKAR EIGIÐ ÞURRSJAMPÓ

*Þurrsjampó þurrkar umframfitu í hárinu sem gerir það að verkum að hárið virkar nýþvegið. Þurrsjampó er ómissandi í farangurinn um verslunarmannahelgina.*

**Þurrsjampó þurrkar umframfitu í hárinu sem gerir það að verkum að hárið virkar nýþvegið og fær aukna fyllingu. Það er tilvalið til notkunar þegar ekki gefst tími til þess að fara í sturtu á morgnana og fyrir þá sem eru að reyna að fara betur með hárið og þvo það sjaldnar. Þurrsjampó getur þó verið kostnaðarsamt og margar tegundir innihalda efni sem geta verið skaðleg heilsunni. Hér koma uppskriftir að þremur mismunandi útgáfum af þurrsjampói sem hægt er að búa til sjálfur:**

**ÞURRSJAMPÓ FYRIR LJÓST HÁR**
**¼ bolli örvarrótarduft (fæst í flestum heilsubúðum)**
**5 dropar af ilmkjarnaolíu**
Blandið örvarrótarduftinu og ilmkjarnaolíunni saman með skeið og setjið í tómt ílát með loki.
Gott er að nota gamlan förðunarbursta til þess að setja þurrsjampóið í hárið en það er líka hægt að hella smávegis í lófann og nudda vel í hársvörðinn. Greiðið svo duftið úr hárinu.

**ÞURRSJAMPÓ FYRIR DÖKKT HÁR**
**2 matskeiðar hrákakóduft**
**2 matskeiðar örvarrótarduft**
**5 dropar af ilmkjarnaolíu**
Blandið kakóinu, örvarrótarduftinu og ilmkjarnaolíunni vel saman og setjið í tóma krukku með loki.
Gott er að nota gamlan förðunarbursta til þess að setja þurrsjampóið í hárið en það er líka hægt að hella smávegis í lófann og nudda vel í hársvörðinn. Greiðið svo duftið úr hárinu.

**ÞURRSJAMPÓ-ÚÐI FYRIR LJÓST OG DÖKKT HÁR**
**1 bolli heitt vatn**
**¼ bolli örvarrótarduft**
**¼ bolli nornaheslivatn (fæst í jurtaapótekum)**
**5 dropar af uppáhaldsilmkjarnaolíunni**
Blandið hráefnunum saman í lítinn úðabrúsa og hristið vel.
Hristið brúsann alltaf fyrir notkun, úðið í rótina á hárinu og þar sem það er fitugt. Leyfið því að þorna og greiðið eins og venjulega.


## Pana Chocolate
Súkkulaði sem er gott fyrir þig...




- Náttúruleg ofurfæða
- Enginn unninn sykur!
- Framleitt við lágan hita til að viðhalda miklu magni næringaefna
- Inniheldur hrá lífræn- og náttúruleg innihaldsefni

Allt okkar súkkulaði er bæði hand- gert og innpakkað

Inniheldur lífrænt kakó sem er með mikið magn af andoxunarefnum, vítamínum og steinefnum.



IceCare
Þín heilsa
www.icecare.is - Netverslun

**Útsölustaðir:**
Hagkaup lífræna deildin, Fjarðarkaup - Fræið heilsuhornið, Heilsuhúsið, Blómaval – heilsuhornið, Lifandi markaður Borgartúni


# HELGARMATURINN PÖNNUSTEIKTUR LAX MEÐ DÖÐLUM – AÐ HÆTTI RIKKU



**PÖNNUSTEIKTUR LAX**
MEÐ DÖÐLUM, SÓLÞURRKUÐUM TÓMÖTUM OG SÍTRÓNUSMJÖRSÓSU AÐ HÆTTI RIKKU

**4 laxabitar**
**Olía til steikingar**
**6 sólþurrkaðir tómatar, saxaðir**
**8 mjúkar döðlur, saxaðar**
**1 hvítlaukur, pressaður**
**1 msk. kapers**

**SÍTRÓNUSMJÖRSÓSA**
**60 ml hvítvín**
**60 ml hvítvínsedik**
**½ skalottlaukur, sneiddur**
**Sjávarsalt og nýmalaður hvítur pipar**
**250 g kalt smjör**
**1 msk. sítrónusafi**

**KARTÖFLUMÚS**
**3 bökunarkartöflur, afhýddar og soðnar**
**2 msk. smjör**
**1 msk. mjólk**
**Sjávarsalt og nýmalaður pipar**

Byrjið á því að undirbúa kartöflumúsina og sjóðið kartöflurnar. Steikið hvítlauk upp úr smá olíu og bætið sólþurrkuðum tómötum og döðlum saman við, steikið við meðalhita í 3-4 mínútur. Bætið kapers saman við, takið af hellu og setjið lok yfir. Þá er komið að því að undirbúa sósuna. Byrjið á því að hella hvítvíni og ediki á pönnu og sjóða niður um helming, bætið þá skalottlauk, salti og pipar út í og sjóðið niður við meðalhita þar til um 2 msk. af soðinu eru eftir. Bætið þá köldu smjörinu smám saman við, 1 msk. í einu, þar til að það er uppurið.

Hellið sítrónusafanum saman við rétt áður en sósan er borin fram. Þerrið laxabitana með eldhúspappír og kryddið með salti og pipar. Steikið upp úr olíu á meðalheitri pönnu í um 3 mínútur á hvorri hlið (fer eftir þykkt).

Á meðan laxinn er á pönnunni er gott að klára kartöflumúsina. Stappið kartöflurnar (mér finnst best að nota hrærivél) og bætið smjöri og mjólk út í. Kryddið kartöflumúsina eftir smekk.

Setjið kartöflumús á disk og leggið laxabita ofan á, hellið sósunni yfir og að lokum tómat- og döðlublöndunni.



# Er helgin bókuð?




Tilboð
**3.499,-**
Fullt verð 2.799,-

**Átta gönguleiðir**
**í nágrenni Reykjavíkur**




Tilboð
**2.699,-**
Fullt verð 3.299,-

**Piparkökuhúsið**




Tilboð
**4.499,-**
Fullt verð 5.499,-

**155 Ísland**



Tilboð
**2.699,-**
Fullt verð 3.299,-

**Mamma segir**




Tilboð
**1.999,-**
Fullt verð 2.499,-

**Dægradvöl**




Tilboð
**4.499,-**
Fullt verð 5.499,-

**Íslensk fjöll**




Tilboð
**4.299,-**
Fullt verð 4.999,-

**Matsveppir**
**í náttúru Íslands**




Tilboð
**2.699,-**
Fullt verð 3.299,-

**Uppreisn**




Tilboð
**3.199,-**
Fullt verð 3.999,-

**Kortabók**
**Máls og menningar**



**BÓKABÚÐ**
**MÁLS & MENNINGAR**
LAUGAVEGI 18

**Opið alla daga til kl. 22.00**
**facebook.com/malogmenning**
**Tilboð gilda til og með 5. ágúst 2014**



# VIÐ ERUM ÖLL AÐ DRAGNAST MEÐ EITTHVAÐ Í GEGNUM LÍFIÐ






***Arndís Hrönn Egilsdóttir átti endurkomu á stóra sviðið í fyrra þegar hún lék í Bláskjá í Borgarleikhúsinu. Verkefnin hrannast nú upp og segir Arndís ekki sjálfgefið að leikkona á hennar aldri sé á kafi í verkefnum. Lífið breyttist fyrir fjórum árum þegar Arndís eignaðist sitt fyrsta barn. Hún er þakklát fyrir dóttur sína enda þekkir hún einnig missinn.***

**Kristjana Arnarsdóttir**
kristjana@frettabladid.is

Það er orðið langt síðan ég hef vitað eitthvað svona langt fram í tímann, það er ótrúlega góð tilfinning. Hitt er líka fínt, þetta „freelance“ líf, en það getur stundum alveg boðið upp á lítil hjartaáföll,“ segir leikkonan Arndís Hrönn Egilsdóttir. Leiklistin hefur alla tíð átt hug og hjarta Arndísar. Þegar hún lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Hamrahlíð lá leiðin til Parísar þar sem hún lærði leikhúsfræði og leiklist, auk þess að ná góðum tökum á frönskunni. „Á sumrin hef ég því einnig getað unnið mikið sem „guide“ fyrir franska ferðamenn. Ég hef meira að segja náð að fara hringinn nokkrum sinnum í sumar, eitthvað sem margir gera kannski aðeins einu sinni á lífsleiðinni.“

## *Endurkoma í leikhúsið*

Þrátt fyrir að leiklistin hafi alla tíð verið stór partur af lífi Arndísar hefur lítið borið á henni á stóra sviðinu síðustu ár, allt þar til í fyrra, en þá fékk hún hlutverk í gamandramanu Bláskjá eftir Tyrfing Tyrfingsson. „Fyrir mér var þetta ákveðin endurkoma í leikhúsið. Maður fer alltaf að velta því fyrir sér hvort maður kunni þetta enn en svo hverfur sú tilfinning. Ég hafði gott af þessu hléi og það var dálítið það sem ég þurfti og vildi. Á þessum tíma eignaðist ég mitt fyrsta barn, orðin fertug, og fór í framhaldinu í mastersnám í bókmenntum. Ég fann hvað ég hafði gott af því að breyta aðeins til og koma inn í leikhúsið á nýjum forsendum.“

## *Meira frá Sokkabandinu*

Boltinn fór að rúlla að nýju eftir velgengni Bláskjás og fram undan er stór og spennandi leikhúsvetur. „Það mætti í raun segja að ég sé á kafi á verkefnum. Núna í sumar hef ég verið við tökur á Flateyri fyrir myndina hans Rúnars Rúnarssonar, Þresti. Bláskjár fer svo aftur á sviðið í Borgarleikhúsinu í vetur og svo leik ég í litlu fjölskylduleikriti sem heitir Útlenski drengurinn og er eftir Þórarin Leifsson í Tjarnarbíói en þar fer Dóri DNA með aðalhlutverkið. Svo er það jólaleikrit Borgarleikhússins, Brúðuheimilið, þar sem ég leik ekkjuna Kristínu Linde. Ég hlakka mikið til að takast á við það verk,“ segir Arndís. Einnig stendur til að endurvekja samstarf hennar og Elmu Lísu Gunnarsdóttur en þær tvær stofnuðu Sokkabandið fyrir rúmum áratug. „Við í Sokkabandinu ætlum í spennandi samstarfsverkefni með Borgarleikhúsinu. Þetta er verk sem heitir History og verður leikið af okkur Elmu Lísu og Birgittu Birgisdóttur en það er hin frábæra Kristín Eiríksdóttir sem skrifar verkið. Þetta verður ofboðslega gaman, sérstaklega af því að þetta er gæluverkefni sem kemur frá okkur sjálfum.“ Eftir það er áætlað að tökur á fjórðu seríunni af Pressu hefjist.

## *Margar leikkonur að detta út*

Arndís tekur verkefnunum fagnandi enda segir hún það ekki sjálfgefið að hlutverkin hrannist upp hjá leikkonum á hennar aldri. „Ég er nefnilega komin á þennan svokallaða virðulega aldur en á mínum aldri eru margar konur að detta út úr leikhúsinu. Ég hins vegar virðist vera að koma aftur inn,“ segir Arndís og hlær. Margir hafa gagnrýnt leikhúsheiminn fyrir mikinn skort á bitastæðum kvenhlutverkum. Arndís tekur undir þetta en segir það í verkahring kvenna að rétta þennan halla. „Það erum við sjálfar sem eigum að breyta þessu. Við eigum að skrifa hlutverk fyrir konur eða leita uppi og draga fram þau verk sem segja frá alls konar konum. Það eru sannarlega til margar sögur af stórmerkilegum konum sem eiga heima í leikhúsinu. Þetta er þó sem betur fer að breytast og maður sér margar frábærar konur starfa í kvikmynda- og leikhúsbransanum sem eru að skrifa fyrir konur, sem er alveg æðislegt.“

## *Fyrsta barnið fertug*

Talið berst að einkalífinu en fyrir rúmum fjórum árum, þegar Arndís stóð á fertugu, eignaðist hún sitt fyrsta barn og við tóku breyttir tímar. „Líf mitt varð ein-




*Ég þekki ekki maníuna en ég þekki depurðina og það er bara partur af mér og partur af því að vera lifandi.*

faldlega þannig að ég átti barn seint. Ég var ekki mikið að spá í þetta á milli tvítugs og þrítugs þegar margar konur voru að eignast börn. En svo kynntist ég manninum mínum, Eiríki, fyrir níu árum og við eignuðumst dótturina Úlfhildi Júlíu fimm árum síðar. Hún er brjálæðislega skemmtileg og fyndin og er ljósið í lífi mínu. Það er auðvitað kannski ekki normið að eignast börn um fertugt en fyrir mér er þetta fullkomið. Mér finnst gott að vera þroskað foreldri.“

### Börn eiga ekki að deyja

Arndís er elsta barn foreldra sinna. Á eftir henni í röðinni er Hrafnkell, sellóleikari hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands, og þegar Arndís var tíu ára fæddist Egill Högni. „Egill Högni dó þegar ég var fimmtán ára. Hann fékk sjúkdóm sem kallast „Reye syndrome“. Hann veiktist og dó örfáum dögum síðar. Á nokkrum dögum breyttist líf okkar því algjörlega. Á þessum tíma var ég bara upptekin á diskótekunum svo að þetta varð algjört áfall. Börn eiga náttúrulega ekki að deyja.“ Stuttu eftir fráfall Egils Högna eignaðist móðir Arndísar tvíbura, þá Andra og Högna. „Ég var sextán ára þegar þeir komu í heiminn og man að mér fannst þeir vera algjör guðsgjöf. Ég hef alltaf verið með smá móðurtilfinningu gagnvart þeim. Mér fannst ég alltaf þurfa að passa svolítið upp á þá en það hefur örugglega líka litað það að hafa átt bróður sem dó. Ég fann að lífið var ekki sjálfsagt.“

### Sjúkdómurinn gerði fjölskylduna nánari

Högna þekkja Íslendingar vel sem tónlistarmann og söngvara en Andri starfar sem stærðfræðingur hjá Seðlabanka Íslands. Fyrir fáeinum árum greindi Högni frá því opinberlega að hann væri með geðhvörf. Arndís segir að sjúkdómurinn hafi gert fjölskylduna nánari ef eitthvað er. Allir hafa lagt sitt af mörkum til að aðstoða og hjálpa. „Þetta hafði auðvitað áhrif á okkur öll. Maníur geta verið átakanlegar en hann hefur barist við þetta eins og ljón. Það má í raun líka líta á geðhvörfin sem gjöf því þau tengjast jú sköpunargáfunni. Þau eru hluti af hans innra ferðalagi, hans frumkrafti sem nýtist við listsköpun. En það þarf að læra á sjúkdóminn og það er lífstíðarverkefni. Ég þekki ekki maníuna en ég þekki depurðina og það er bara partur af mér og partur af því að vera lifandi.“

### Mikilvægt að opna umræðuna

Arndís er stolt af bróður sínum fyrir að hafa opnað umræðuna um geðsjúkdóma. „Hann ákvað að brjóta þessi tabú og opna umræðuna. Auðvitað hefur það verið erfitt að kljást við geðhvörfin og ég hef stundum haft áhyggjur af honum. Allir tala um að þeir leitist eftir því að vera í jafnvægi, sem er nokkuð sem allir vilja vera í. Svo er það auðvitað önnur spurning, hvað er þetta jafnvægi sem menn vilja og þrá? Við erum öll að dragnast með eitthvað í gegnum lífið og allir eru að reyna að gera eins vel og þeir geta. Fjölmargir hafa verið að brjóta niður ákveðna múra og opna á umræðu um hin ýmsu mál og það er auðvitað frábært og nauðsynlegt. Það verður einhvern veginn alltaf skemmtilegra og betra að búa á Íslandi.“

## Myndaalbúmið






Nafnaveisla Úlfhildar Júlíu • Mæðgurnar á matarmarkaði í Porto í sumar • Högni, Arndís, Hrafnkell og Andri í Suður-Frakklandi árið 1995 • Hjónin Arndís og Eiríkur.



# FATASKÁPURINN
# ERLA HLÍN HILMARSDÓTTIR

*Erla Hlín Hilmarsdóttir er verslunarstjóri í Aftur á Laugavegi og förðunarfræðingur.*





**2** Ég fer ekkert án Kríu hálsmenanna minna. Kría er uppáhaldsskartgripamerkið mitt og ég er sjúk í það, enda er ég alltaf með þau á mér, fleiri en eitt í einu. Ég á nokkur og er duglega að skipta.



**3** Raquel Allegra er eitt af uppáhaldsmerkjunum mínum og bolirnir hennar eru orðnir eins konar einkennisbúningur hjá mér. Þeir eru svo mjúkir og þægilegir.





**1** Nýja Clare Vivier-taskan mín. Ég er alltaf með hálfa búslóðina á mér þannig að það er mjög mikilvægt að mínu mati að eiga eina stóra tösku sem passar við allt og ég get komið öllu fyrir í.



**4** Gallajakka verða allir að eiga. Ég varð ástfangin af honum um leið og ég sá hann, ég er alltaf í honum. Ég þyrfti eiginlega að fá mér svona svartan líka.

**5** Svona peysu verða allir að eiga, en hún er úr Aftur. Peysan er bæði hlý og flott og svo passar hún við allt, bæði undir jakka og sem yfirhöfn ein og sér!





Fáðu flatan maga!

...Með hjálp Optibac Probiotics-gerlana



„Ég nota „For a Flat Stomach" sem dregur úr lofti í maga og gerir þaninn kvið flatari. Ég hef notað þá að staðaldri í tæpt ár og get ekki hugsað mér að vera án þeirra!"

Marta Eiríksdóttir starfar í Lifandi markaði og sem jógakennari.




www.facebook.com/optibaciceland

Þú færð Optibac probiotics í öllum helstu apótekum




**10 SPURNINGAR** BERGLIND PÉTURSDÓTTIR, TEXTASMIÐUR OG DANSHÖFUNDUR

## HÖFUÐBUFF ÓGEÐ

**1. Þegar ég var ung þá ætlaði ég að vinna sem** kennari, því kennararnir mínir voru svo dásamlegir. Góðir kennarar eru gjafir jarðar.

**2. En núna er ég** hugmynda- og textakona á Íslensku auglýsingastofunni, dansari, danshöfundur, greinaskrifari, DJ Pínulítið Dj og alls konar bara.

**3. Ég mun eflaust aldrei skilja fólk sem er** virkt í (leiðinlegum) athugasemdum.

**4. Ég hef ekki sérstakan áhuga á** þessu fimm daga djúsdetoxi sem ég er að klára. Mig langar mjög í samloku.

**5. Karlmenn eru** margir frekar nettir.

**6. Ég hef lært að maður á alls ekki að** lita hárið á sér bleikt ef maður er viðkvæmur fyrir skoðunum miðaldra kvenna á kaffihúsum.

**7. Ég fæ samviskubit þegar** ég borða eftirréttinn á undan kvöldmatnum.

**8. Ég slekk á sjónvarpinu þegar** Nigella laumast í ísskápinn um miðja nótt á silkislopp.

**9. Um þessar mundir er ég mjög upptekin af** nýja sjónvarpinu sem ég keypti í sumarlægðinni. Er búin að horfa á um það bil hundrað heimildarmyndir í rigningunni í sumar.

**10. Ég vildi óska þess að fleiri vissu að** höfuðbuff eru ógeð.


ÞAÐ ER EKKI OF SEINT AÐ VELJA FRELSI
SAMSUNG
Samsung
GALAXY S5
Samsung Galaxy S5 veitir frelsi
...farðu vel með það!
Skilur íslensku
Fingrafaraskanni
Púlsmælir og einkaþjálfari
Aukin nethraði
Öflugri myndavél
Vatns- og rykvarinn
Farðu inn á www.fimman.is og sjáðu myndbandið.
www.fimman.is



**JESSICA ALBA**
Glæsileg í Elie Saab-kjól og Brian Atwood Tamara-sandölum.



**ALI FEDOTOWSKY**
Sjónvarpskonan var í vintage-kjól sem vakti mikla athygli.



**CAMERON DIAZ**
var glæsileg í Reed Krakoff-kjól, í fylgd með kollega sínum **JASON SEGEL**, en þau eru um þessar mundir að kynna nýjustu kvikmynd sína, Sex Tape.




# ESPY
## VERÐLAUNAHÁTÍÐIN

*ESPY-verðlaunahátíðin er haldin árlega, en hátíðin er haldin á vegum ESPN-stöðvarinnar. Á hátíðinni eru veitt verðlaun fyrir frammistöðu í einstaklings- og hópíþróttum, ásamt öðrum verðlaunum sem öll eru tengd íþróttum. Þar má gjarnan sjá þekktustu andlit Hollywood í sínu fínasta pússi og í ár var engin breyting þar á.*



**LIZ HERNANDEZ**

Sjónvarpsstjarnan Liz Hernandez var í Reformation Morelle-samfestingi og þótti sérlega glæsileg.



**IGGY AZALEA**

Iggy Azalea var líka í kjól eftir Elie Saab, þótt ólíkur væri, og með skartgripi úr smiðju Jennifer Fisher.

*Stjörnurnar fjölmenna á ESPY-hátíðina á ári hverju og keppast um titil þeirra best klæddu.*

*Thin Crust-botninn er 0,3 cm þykkur*

BRAKANDI NÝR BOTN FRÁ DOMINO'S

# THIN CRUST

## OFURÞUNNAR, PARTÍVÆNAR OG SKEMMTILEGA SKORNAR PIZZUR

Það er létt yfir okkur á Domino's því nú kynnum við nýja Thin Crust-botninn sem er ljúffengur, stökkur og brakandi léttur. Thin Crust-pizzur henta alveg sérstaklega vel fyrir partíið því þær eru skornar í minni sneiðar, þvert og endilangt.

™

AÐEINS FÁANLEG Í 12" BOTN TAKMARKAÐAN TÍMA




WWW.DOMINOS.IS DOMINO'S APP SÍMI 58 12345

## Instagram



**Biddy The Hedgehog**

**http://instagram.com/biddythehedgehog**

Fylgst er með ævintýrum hins smáa og krúttlega Biddy, sem er broddgöltur ættaður frá Afríku.

Biddy er þriggja ára gamall og hefur ferðast víða. Einstaklega frumlegur og skemmtilegur Instagram-reikningur.

## twitter



**Willy Shakes**

**@IAM_Shakespeare**

Sá sem stendur að baki @IAM_SHAKESPEARE bjó til reikninginn í þeim tilgangi að tísta hverju einasta verki sem skáldið ódauðlega, William Shakespeare, skrifaði, línu fyrir línu.

## Pinterest



**KATIE JESAITIS**

**http://www.pinterest.com/katie_jesaitis/**

Katie Jesaitis er stílisti frá Bandaríkjunum sem heldur úti mjög skemmtilegri Pinterest-síðu. Þar inni má sjá allt frá innblæstri til að nota á brúðkaupsdaginn, hvernig á að búa til eigin lampaskerma, hvernig á að pakka inn gjöfum á skapandi hátt, hvernig á að gera upp gömul húsgögn og þar fram eftir götunum.

# BLOGGIÐ BANDARÍSK HÚSMÓÐIR MEÐ GÓÐAN SMEKK

idea ROOM

**Amy Huntley**

**www.theidearoom.net**

Amy Huntley er fyrrverandi kennari og fimm barna móðir. Hún ákvað fyrir nokkru síðan að hætta að vinna til að vera meira heima með börnunum, en um leið opnaði hún síðuna The Idea Room sem hún vonar að aðrar fjölskyldur hljóti innblástur af.

Á síðunni má finna allt frá uppskriftum að góðum kökum að greinum um hvernig ekki á að haga sér sem foreldri. Amy er einstaklega smekkleg og hugmyndarík og inni á síðunni má einnig finna fullt af hugmyndum fyrir heimilið, sem eru ódýrar í framkvæmd. Uppskriftir að hollum og góðum mat, ásamt greinum um hvernig sé þægilegast að reka heimilið, og svo mætti lengi telja.











## VÍMULAUSAR SKEMMTANIR

**FJÖLSKYLDAN Í FYRIRRÚMI**
Þó nokkrar vímulausar útihátíðir verða haldnar um verslunarmannahelgina, nú sem endranær. Þar er allt kapp lagt á fjölbreytta skemmtidagskrá fyrir alla fjölskylduna.

Edrúhátíð SÁÁ verður á Laugalandi í Holtum í Rangárvallasýslu. Þar verður boðið upp á úti- og innitónleika, hugleiðslu, jóga, dans, göngur og barnaball svo dæmi séu nefnd.



Á Úlfljótsvatni, útilífsmiðstöð skáta, verður boðið upp á bátasiglingar, klifurturn, vatnasafarí, hoppkastala, golf, varðeld, skátasmiðjur og sérstakan bananaleik svo dæmi séu nefnd.

Kotmót Hvítasunnukirkjunnar, sem er kristilegt fjölskyldumót, verður haldið í Kirkjulækjarkoti í Fljótshlíð. Þar verður þéttskipuð dagskrá og ýmsir fjölskylduviðburðir eins og varðeldur, karnival og hæfileikakeppni.

Þá standa KFUM og KFUK fyrir Sæludögum í Vatnaskógi en þar verður boðið upp á bátasiglingar, gospelsmiðjur, hæfileikasýningu barnanna, zumba og ýmislegt fleira.

Allar nánari upplýsingar um hátíðir helgarinnar er að finna á www.verslunarmannahelgin.is.



## YFIRFARIÐ BÍLINN

**ERU HJÓLBARÐAR Í LAGI?**
Þeir sem ætla að leggja land undir fót um helgina verða að huga að ástandi bifreiða sinna. Á vef FÍB, www.fib.is, er að finna ítarlega samantekt yfir það sem þarf að yfirfara. Hér er stiklað á stóru.

Hjólbarðar verða að vera í lagi. Munsturdýpt má ekki vera minni en 1,6 millimetrar. Ef ferðalagið fram undan er langt ætti að miða við 2 til 3 millimetra til að mæta hjólbarðasliti á leiðinni. Þá er nauðsynlegt að yfirfara loftþrýsting. Sé hann of lítill eða mikill minnkar veggripið. Þá er mikilvægt að það sé jafn loftþrýstingur í dekkjum.

Athugið ástand höggdeyfa með því að ýta hornum bílsins niður einu í einu. Ef bifreiðin dúar meira en einu sinni upp og niður getur það verið merki um lélegan höggdeyfi. Yfirfarið ljós og gangið úr skugga um að nægur kælivökvi sé á kerfinu. Látið einnig yfirfara rafgeymi, viftureim og smurkerfi.

# BESTA SAMLOKAN Í ÚTILEGUNA

**BLT-samloka er ættuð frá Ameríku en skammstöfunin þýðir „bacon, lettuce og tomato“ eða beikon, salat og tómatur. Þessi tegund samloku er vinsæl um allan heim. Hana er auðvelt að útbúa og upplagt að taka með sér í útileguna.**

**Það sem þarf**
200 g beikon
6 brauðsneiðar
1 tómatur, skorinn í sneiðar
8 salatblöð

**Dressing**
4 msk. léttmajónes
2 msk. mjólk
1 pressað hvítlauksrif
Salt og pipar

*Hrærið saman allt sem fer í dressinguna og leyfið að standa í smá stund. Steikið beikonið þar til það verður stökkt. Leggið á eldhúspappír eftir steikingu.*

*Setjið salatblað, tómatsneiðar og beikon á brauðsneiðina og sósuna yfir. Leggið aðra brauðsneið yfir. Skerið brauðið til helminga. Mjög gott er að setja kjúklingasneið með beikoninu, til dæmis afgang frá deginum áður. Einnig er gott að rista brauðið.*






# Þjáist þú af svefnleysi?

## Segðu bless við hvíldar- og svefnlausar nætur



## Sefur eins og engill

**Elín, sem er 62 ára, hefur átt erfitt með að festa svefn og átti það til að vakna oft að nóttu til.**

„Það er óþolandi að liggja í rúminu og bylta sér af því að maður getur ekki sofið. Á daginn átti ég erfitt með einbeitingu. Ég var alltaf þreytt. .“




„Nú líður mér stórkostlega. Ég er úthvíld og glöð þegar ég vakna. Ég er orkumeiri yfir daginn og afkastameiri.“

NÝ SENDING KOMIN!
FYRRI VORU FLJÓTAR AÐ SELJAST UPP

Inniheldur náttúruleg vítamín og jurtir eins og amínósýruna L-theanine, sem hjálpar til við slökun ásamt alhliða B-vítamína, sem stuðla að eðlilegri taugastarfsemi. Auk þess inniheldur taflan mikið magn magnesíums.

IceCare
Þín heilsa

**Fáanlegt í apótekum og heilsuverslunum.**
**Til að fá frekari upplýsingar eða kaupa á netinu: www.icecare.is**

# smáauglýsingar FRÉTTABLAÐIÐ



## BÍLAR & FARARTÆKI



COMANCHE Montana. Árgerð 2001, Tilboðsverð 290.000. Rnr.261569.

**Bílasalan Planið**
**Korputorgi, Reykjavík**
**Sími: 517 0000**
**Opið virka daga mán - fös 10-18 & lau 12-16**
**www.planid.is**

STÓRA BÍLASALAN



**NÝR BÍLL.**
HYUNDAI I20 Classic. Árgerð 2014,bensín, 5 gírar. Verð aðeins 2.090.000.- Eigum til bíla til afhendingar strax. Rnr.156272.

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR



SKODA Octavia. Árgerð 2005, ekinn 166 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 950.000. Rnr.210493



MERCEDES-BENZ A 200 amg style. Árgerð 2013, ekinn 13 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 6.490.000. Rnr.990863



Kia cee'd h/b EX 1.6 crdi. Árgerð 2013, ekinn 10 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.970.000. Rnr.210390. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

VAKA



Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**

ÍSBAND.IS BÍLAINNFLUTNINGUR



**VERSLUNARMANNA-HELGARTILBOÐ!**
ÚTSALA, A-liner Classic Sofa Bed, Ísskápur, Truma, álfelgur, hár og flottur vagn, ATH aðeins 2 stk eftir á verði sem þú sérð aldrei aftur, Verð 2.690.000kr , Er á staðnum hjá okkur



**VERSLUNARMANNA-HELGARTILBOÐ!**
ÚTSALA, A-liner Expedition, Léttur toppur, Ísskápur, Truma, álfelgur ofl, ATH síðasta eftirárshúsið á verði sem þú sérð aldrei aftur, Verð aðeins 2.490.000kr, Er á staðnum hjá okkur

**Íslensk-Bandaríska ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ**
**Sími: 534 4433**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 11-15**
**http://www.isband.is**

567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN



VW Caravella comfortline . Árgerð 2007, ekinn 58 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur, 8 Manna. Verð 4.990.000. Rnr.113083



SKODA Octavia ambiente. Árgerð 2006, ekinn 146 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 1.650.000. Rnr.312110

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**




100 bílar.is



BMW 545i SMG. Árg 1/2004, ek128 Þ.KM, 334hö, SMG skipting, head up display, leður, lúga, hlaðinn aukabúnaði, Litur út sem nýr, Verð 3.990.000. Rnr.118879. Er í salnum,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00, lokað lau**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu

Seldur.is

**KAUPUM ALLA BÍLA**
**HÆRRA UPPÍTÖKUVERÐ**
Við staðgreiðum bílinn þinn og þú getur þar með fengið staðgreiðsluafslátt af nýja bílnum. Sendu okkur upplýsingar í gegnum www.seldur.is og við sendum þér staðgreiðslutilboð.



Til sölu Benz Sprinter 413 með kassa, vörulyftu og kæli. Ekinn 112 þús, beinsk, árg 2003. Verð 2.450 þús + vsk. Upplýsingar veitir Viktor í síma 898-3523. www.kraftvelar.is



Til sölu FORD ESCAPE, árg.'05, ek. 167 þ.km. Skoðaður 2014, sjálfsk. Mikið lagt í hann undanfarið, dráttarkúla fylgir. Ásett verð 950 þ. hjá umboðinu. Tilboð óskast. Uppl. í S. 698 1781.

Til sölu, KIA SPORTAGE árg.'01 sjálfsk. ek. 144 þ.km. Skoðaður 2015. V. 480 þ. eða 380 þ. staðgr. S. 862 3353.

## 0-250 þús.



**TILBOÐSVERÐ AÐEINS 199PÚS!**
VW Polo 1.0 árg ,00. ekinn aðeins 168þús km. skoðaður ,15. glæný heilsársdekk. beinskiptur. Tilboðsverð 199þús stgr. möguleiki á 100% vísaláni. s:659-9696

## 250-499 þús.



**TILBOÐSVERÐ AÐEINS 490PÚS!**
Ford Mondeo station 1.8 árg ,03. bsk. skoðaður. rúmgóður og þéttur bíll. virkilega gott eintak. ásett verð 850þús. Tilboðsverð 490þús stgr. Möguleiki á 100% vísaláni. s:659-9696



**TILBOÐSVERÐ AÐEINS 299PÚS**
Subaru Legacy 2.0 árg ,00. 4x4. sjálfskiptur. mjög þéttur og góður í akstri. ný skoðaður ,15. bíll í góðu ástandi. möguleiki á 100% vísaláni. s:659-9696



**TILBOÐ 450 PÚS -VÍSALÁN**
PEUGEOT 307 XR árg 2003 ek. 131 þús, ný tímareim, sk 15, 5dyra, beinskiptur, lýtur vel út og eyðir litlu ásett verð 690 þús TILBOÐ 450 PÚS möguleiki á 100% visaláni í 36 man S.841 8955

## 500-999 þús.



**7MANNA GÓÐUR BÍLL !**
VW Touran 1.6 árg 12/03. ek. aðeins 104þús km. Tímakeðja. heilsársdekk. ný sko ,15. niðurfellanleg sæti aftast. 7manna. mjög heill og góður bíll. Ásett v:990þús. Tilboðsverð aðeins 790þús stgr. möguleiki á 100% vísaláni. s:659-9696

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250PÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Vörubílar



VÖRUBÍLL VOLVO 1991 LZ 958. Í þokkalegu standi Verð 2,m + VSK uppl . 840 -6100

## Hjólhýsi



Hjólhýsi LMC staðsett í þjórsardal. Árg.'09, ókeyrt á vegum. Fortjald jafn stórt og húsið. Sólarsella, 2 stk rafgeymar 100AH, sjónvarp, leður innrétting. Pallur og skúr. Tilboð í s. 893-9071.

## Vinnuvélar



30T Krani í Topp standi verð 9m+ vsk uppl. 840 -6100

Steypubíll til sölu gamall en góður steypubíll í ágætis standi verð 1,5m uppl s 840 6100

## Viðgerðir

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Þar á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

## PJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-PRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is

## Garðyrkja

GARÐLIST 554 1989




Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, Gokartþjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig viðgerðir á fjórhjólum. JS Vélaverkstæði. S. 554 0661.

Útsala stórar plöntur allar gerðir veljum íslenskt. Blómsturvellir v. Reykjalund s.8641202

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**PAKMÁLUN**
Málum þök eins og engin sé morgundagurinn. Brökk þök, slétt þök, ný þök og gömul og ryðguð þök. S. 661 9046.

**REGNBOGALITIR**
Alhliða málningarþjónusta. Fagþjónusta. Vönduð vinnubrögð. Frí verkskoðun og verðtilboð. Sími. 891 9890 malarar@simnet.is

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR**
Alhliða málningarþjónusta. Tilboð eða tímavinna. S. 778 0100.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

**SENDIBILL.IS**
Búslóðaflutningar, píanóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

## Húsaviðhald

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir
Viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
- múrviðgerðir
- pípulagnir
- þakviðgerðir
- raflagnir
- málningarvinnu
- flísalagnir
- trésmíðavinnu
- jarðvinna
- gluggaskipti
- hellulagnir
- glerskipti
- álklæðningar

Sími 567 6699
vidhald@vidhald.is
www.vidhald.is

Vörubílastöðin Þróttur
ÞRÓTTUR 577-5400
Vörubílar - Kranabílar
Sandur - Mold
Jarðvinna
Sími 577 5400

TRÉSMÍÐI
ÖLL ALMENN TRÉSMÍÐA-VINNA INNAN SEM UTAN.
20 ÁRA REYNSLA.
TILBOÐ/TÍMAVINNA
UPPL. HJÁ GUÐMUNDI Í S. 895 6820
ALPARSLF@HOTMAIL.COM

**STRÚCTOR BYGGINGAÞJÓNUSTA EHF.**
Flísalagnir - Múrverk - Flotun. Áratuga reynsla. Þorsteinn s. 893 6994

## Tölvur

Allar almennar tölvuviðgerðir og vírushreinsanir. Kem á staðinn. S. 699 6735 Baldvin.

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Zanna.

## Spádómar

**SPÁSÍMI 908-6116**
Ástir, fjármál & heilsa.

Símaspá, spái í spil, ræð drauma. Tímapantanir. S. 891 8727 Stella.

Spái í bolla og spil. Tímabókanir í síma 699 4686 Kristín R. S

## Múrarar

**MÚRARAR**
TIL SÖLU 2 MÚRDÆLUR : PFT og Putmaster Í góðu standi á góðu verði. UPPL 840 -6100

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# KEYPT & SELT

## Til sölu



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Stærðir í cm: 235x235, 217x217, 210x210, 200x200, 217x235, 217x174. Lokin þola 1000 kg jafnaðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000



**SPARAÐU ÞÉR SPORIN!**
Rafskutla á 4 hjólum, 50 km á hleðslu, 4 litir, svalt útlit. Virkilega þægilegt! V. 329 þús 783-3000

**SKOTTSALA**
Skottsala í bílakjallaranum í Firði laugardaginn 2. ágúst. 12.00 til 16.00 1.000 Kr. bás. skottsalafirdi@gmail.com

**ÓDÝR HEIMILSTÆKI**
Þvottavélar, þurrkarar, ísskápar og fl. Ábyrgð fylgir. Sala og viðgerðir. S. 587 5976.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**HORNSÓFI.**
Vantar leður hornsófa gamlan og virðulegan, helst gefins. Uppl 840 -6100

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Til bygginga

Til sölu flekamót fyir krana. Mótin eru 3,05m á hæð og í nokkrum lengdum upp í 12m. Mótin eru auðveld í notkun og skila góðum árangri. Auðvelt að hækka upp þegar steypt er 2 eða 3 hæða hús. Afastir vinnupallar. Magn 100 lm í tvöföldu með ÖLLUM fylgihlutum. Hægt að útbú þannig pakka að mótin passi fyrir ákveðið verkefni . Uppl. Sími 840-6100

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU VERSLUNAR EÐA ÞJÓNUSTUHÚSNÆÐI MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
Nýbýlavegi 8 (gamla Toyota húsinu) Til leigu 60 - 600 fm verslunar eða þjónustuhúsnæði hentar vel fyrir verslanir, veitingastarfsemi, hárgreiðslustofur og fleira, einnig 160- 400 fm húsnæði með allt að 4 metra lofthæð sem hentar undir léttan iðnað, lagerrými, heildsölur, verslanir o.fl greið aðkoma að húsnæðinu, frábært auglýsingagildi, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.
**Allar nánari uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000**

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 47.500 á mán. Rent a room price from 47.500 kr. per month.
**gsm 824 4535**
**leiga@leiguherbergi.is**

## Sumarbústaðir

**SUMARHÚS:**
Vegna forfalla í ágúst (fyrst 6. og 7 ) er laust til leigu mjög gott 5 stjörnu sumarhús á Snæfellsnesi . Pláss fyrir 10 manns. Uppl. 840 -6100.

**EIGNALÓÐIR**
Til sölu fallegar sumarhúsalóðir í Grímsnesi. Frábært útsýni. Ekið út af Kiðjabergsvegi gegnt Hraunborgum. Stærð frá 0,7 ha til 1,6 ha. Heitt og kalt vatn að lóðarmörkum. Margvísleg afþreying í næsta nágrenni. Uppl. í s. 8673569

## Atvinnuhúsnæði

**VERKSTÆÐI TIL LEIGU**
Verkstæði til leigu á Höfða, innkeyrsludyr. 75 fm. Uppl. í S. 898 4202.

## Geymsluhúsnæði

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**KAFFIHÚSIÐ 10 DROPAR Á LAUGAVEGI 27**
óskar eftir vaktstjóra með reynslu af kaffihúsi/bar. Unnið er á 15 daga vöktum, 100% starf. Umsóknarfrestur er til 15. ágúst. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
**Umsóknir berist til fanney.10dropar@gmail.com**

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlífssögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

## atvinna

**JRJ ehf.** óskar eftir að ráða vanan vélamann með reynslu. Umsækjandi þarf að geta unnið bæði á beltagröfu m.fleyg og hjólagröfu.

**JRJ ehf.** er traust fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu.

• Óskað er eftir að umsækjandi geti byrjað sem allra fyrst.

• Nánari upplýsingar um starfið veitir Kolbrún Jónsdóttir og hægt er að hafa samband við hana með því að senda umsóknir á netfangið **kolbrun@jrj.is**

JRJ VERKTAKAR

## tilkynningar

Tálknafjörður

# Breyting á aðalskipulagi

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps samþykkti á fundi sínum þann 17. júlí 2014 skipulagslýsingu vegna breytingar á Aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps dags. 24. júní 2014.

Viðfangsefni breytingarinnar er að breyta þéttbýlinu á Tálknafirði þar sem svæði V3/A2 og S8 er breytt í svæði fyrir íbúðarbyggð að litlum hluta við Bugatún. Með því minnka svæði V3/A2 og S8 á kostnað blandaðar byggðar.

Einnig eru gerða leiðréttingar á númerum á svæðum fyrir þjónustustofnanir í þéttbýli en númer í greinargerð og uppdrætti hafa víxlast á tveimur stöðum. Einnig var gerð breyting á aðalskipulaginu er lýtur að dreifbýli þar sem verður bætt við nýju efnistökusvæði E5 í Botnsdal. Efnismagn verður um 30.000 m3 en um er að ræða möl sem á að nota til uppfyllingar.

Skipulagslýsinguna má nálgast á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps að Miðtúni 1 og á heimasíðu sveitarfélagsins www.talknafjordur.is.

Íbúar og hagsmunaaðilar geta sent inn ábendingar varðandi viðfangsefni og markmið skipulagsins. Ábendingar má senda á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps, Miðtúni 1, 460 Tálknafirði eða á netfangið talknafjordur@talknafjordur.is.

*Óskar Örn Gunnarsson*
*Skipulagsfulltrúi Tálknafjarðarhrepps*

## skemmtanir

BOLTINN Í BEINNI

Cafe Catalina
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

VERSLUNARMANNAHELGAR STUÐ!




HLJÓMSVEITIN KLETTAR
RÚNAR ÞÓR, ÁSGEIR ÓSKARSS, SIGGI ÁRNA OG BJÖRGVIN GÍSLA SPILA ALLA HELGINA

Allir velkomnir

http://www.facebook.com/cafecatalina
Snyrtilegur klæðnaður áskilin • Heimilismatur í hádeginu virka daga • Boltatilboð • Hamborgaratilboð • Veislusalur til útleigu





| KL. 23:00
**Your Sister's Sister**
Dramatísk mynd með Mark Duplass, Emily Blunt og Rosemarie De Witt í aðalhlutverkum.

# Skemmtilegt föstudagskvöld

| KL. 20:00
**Mike And Molly**
Skemmtileg gamanþáttaröð um turtildúfurnar Mike Biggs og Molly Flynn.



| KL. 20:20
**NCIS: Los Angeles**
Spennuþáttaröð með Chris O´Donnell og LL Cool J í aðalhlutverkum.



| KL. 22:00
**Admission**
Skemmtileg gamanmynd með Tina Fey og Paul Rudd í aðalhlutverkum.



| KL. 20:10
**Spurningabomban**
Logi Bergmann stjórnar þessum stórskemmtilega spurningaþætti.



Krakkastöðin | KL. 07:00-20:30
**Barnaefni alla daga**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



| KL. 22:45
**Sons Of Anarchy**
Adrenalínhlaðin þáttaröð með dramatískum undirtón og svörtum húmor.



Fáðu þér áskrift! 365.IS


## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | | | 6 | | | |
| | | 8 | | 7 | | 2 | | 9 |
| 9 | | | 8 | | | | 3 | 6 |
| 4 | | 6 | 1 | 8 | 3 | 5 | 9 | |
| | 9 | | | | | | | 3 |
| 1 | | | | | 4 | | 8 | |
| 3 | | 4 | 6 | | | 8 | | 5 |
| 6 | | 5 | | | | | | 1 |
| | 2 | | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 6 | | | | | 2 | 9 |
| | 8 | 5 | 6 | | 9 | 1 | | 4 |
| | | | | | 2 | 6 | 7 | |
| 3 | | 9 | 4 | | 6 | | 8 | |
| | | | | | | | | |
| 1 | | | 8 | | | | 5 | |
| | | 1 | | | | | 9 | |
| 7 | | | | 8 | | | | |
| 8 | 9 | | | 2 | 5 | 7 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 9 | | | 1 |
| 9 | | 1 | | | 8 | 3 | 7 | |
| 3 | | | | | 1 | 8 | | |
| 2 | 3 | 5 | | | | 4 | | 9 |
| | | 6 | | | | | | 3 |
| | 4 | | | 1 | | | | 8 |
| | 5 | 2 | 3 | | | | | |
| | 9 | | 8 | 4 | | | | |
| | | | | | | | 2 | 7 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 2 | 4 | 9 | 6 | 7 | 5 | 3 | 1 |
| 5 | 3 | 6 | 1 | 2 | 8 | 4 | 7 | 9 |
| 1 | 7 | 9 | 3 | 4 | 5 | 2 | 6 | 8 |
| 2 | 5 | 7 | 8 | 1 | 4 | 3 | 9 | 6 |
| 6 | 4 | 1 | 5 | 9 | 3 | 7 | 8 | 2 |
| 3 | 9 | 8 | 6 | 7 | 2 | 1 | 4 | 5 |
| 4 | 1 | 5 | 7 | 8 | 9 | 6 | 2 | 3 |
| 7 | 8 | 3 | 2 | 5 | 6 | 9 | 1 | 4 |
| 9 | 6 | 2 | 4 | 3 | 1 | 8 | 5 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 7 | 2 | 1 | 3 | 5 | 6 | 9 | 4 |
| 9 | 6 | 1 | 4 | 7 | 8 | 5 | 3 | 2 |
| 5 | 3 | 4 | 9 | 2 | 6 | 7 | 8 | 1 |
| 1 | 8 | 9 | 5 | 6 | 4 | 2 | 7 | 3 |
| 2 | 4 | 6 | 3 | 8 | 7 | 1 | 5 | 9 |
| 7 | 5 | 3 | 2 | 9 | 1 | 4 | 6 | 8 |
| 3 | 9 | 5 | 6 | 1 | 2 | 8 | 4 | 7 |
| 4 | 1 | 8 | 7 | 5 | 9 | 3 | 2 | 6 |
| 6 | 2 | 7 | 8 | 4 | 3 | 9 | 1 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 1 | 6 | 4 | 2 | 8 | 3 | 5 | 7 |
| 7 | 2 | 3 | 9 | 5 | 1 | 8 | 6 | 4 |
| 5 | 4 | 8 | 6 | 3 | 7 | 9 | 1 | 2 |
| 8 | 3 | 9 | 2 | 4 | 5 | 1 | 7 | 6 |
| 6 | 5 | 1 | 7 | 8 | 3 | 4 | 2 | 9 |
| 2 | 7 | 4 | 1 | 9 | 6 | 5 | 3 | 8 |
| 1 | 8 | 2 | 3 | 7 | 9 | 6 | 4 | 5 |
| 3 | 9 | 7 | 5 | 6 | 4 | 2 | 8 | 1 |
| 4 | 6 | 5 | 8 | 1 | 2 | 7 | 9 | 3 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

Það er aldrei of seint að verða sá sem þú gætir hafa orðið.

*George Eliot*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** hvetja, **6.** frá, **8.** hækkar, **9.** samtíningur, **11.** ekki, **12.** strita við, **14.** háðsglósur, **16.** stefna, **17.** mánuður, **18.** að, **20.** tvö þúsund, **21.** liðormur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** listastefna, **3.** tveir eins, **4.** ríki í Suðaustur-Asíu, **5.** flýtir, **7.** pedall, **10.** hald, **13.** er, **15.** hringja, **16.** á sjó, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** örva, **6.** af, **8.** rís, **9.** dót, **11.** ei, **12.** atast, **14.** skens, **16.** út, **17.** maí, **18.** til, **20.** mm, **21.** igla.
**LÓÐRÉTT: 1.** dada, **3.** rr, **4.** Víetnam, **5.** asi, **7.** fótstig, **10.** tak, **13.** sem, **15.** síma, **16.** úti, **19.** ll.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Baldur Teodor Petersson (1624) hafði hvítt gegn Óskari Haraldssyni (1897) á N1 Reykjavíkurskákmótinu sl. vetur.**
**Hvítur á leik**



**23. Rxb5! axb5?** (23...Hd7 er betra) **24. Hxd5! Be7** (24...exd5 25. Bxb5++ Kd8 26. He8#) **25. Bxb5+** og hvítur vann öruggan sigur 19 leikjum síðar.
**www.skak.is** Ólympíuskákmótið sett í dag.


SKÓLATÖSKUDAGAR
ALLAR SKÓLATÖSKUR
20% vildarafsláttur
Vildarverð 14.399 krónur
Verð áður: 17.999 kr.
Vildarverð 15.999 krónur
Verð áður: 19.999 kr.
Vildarverð 15.999 krónur
Verð áður: 19.999 kr.
Vildarverð 9.599 krónur
Verð áður: 11.999 kr.
Vildarverð 7.999 krónur
Verð áður: 9.999 kr.
Vildarverð 12.799 krónur
Verð áður: 15.999 kr.
Vildarverð 15.999 krónur
Verð áður: 19.999 kr.
Vildarverð 9.599 krónur
Verð áður: 11.999 kr.
Vildarverð 15.999 krónur
Verð áður: 19.999 kr.
Vildarverð 15.999 krónur
Verð áður: 19.999 kr.
Vildarverð 15.999 krónur
Verð áður: 19.999 kr.
VERTU KLÁR Í SKÓLANN
Vildarverð 6.399 krónur
Verð áður: 7.999 kr.
Vildarverð 9.599 krónur
Verð áður: 11.999 kr.
Vildarverð 9.599 krónur
Verð áður: 11.999 kr.
NÝ VERSLUN LAUGAVEGI 77
Eymundsson
540 2050 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is
Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboð gildir frá 1. ágúst, til og með 2. ágúst. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# MENNING

## FÖSTUDAGUR

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FÖSTUDAGUR 1. ÁGÚST 2014**



### Tónleikar

**20.00** Tónlistarhátíðin Innipúkinn fer fram í þrettánda skipti í Reykjavík um Verslunarmannahelgina. Meðal hljómsveita sem koma fram eru til dæmis Snorri Helgason, **dj flugvél og geimskip,** Ojba Rasta, Amaba Dama og Reykjavíkurdætur. Miðaverð á hátíðina er 6.500 krónur.

**21.00** Dúndurfréttir spila klassíska rokkslagara á Græna hattinum á Akureyri. Þeir taka fyrir verk hljómsveitanna Pink Floyd, Deep Purple og Led Zeppelin og fleira.

**21.30** Bakgarðurinn 2014 er haldinn í áttunda skipti á bak við Dillon á Laugaveginum. Grillveisla á milli 17 og 18 í boði Chuck Norris, grill og tilboð á barnum. Meðal tónlistaratriða eru til dæmis Benny Crespo's GAng, Ojba Rasta og SÓLSTAFIR.

**22.00** Beggi Smára og Mood skemmta á Café Rosenberg.

**23.00** Rokkhljómsveit Jonna Ólafs leikur og syngur á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.

### Sýningar

**09.00** Á sýningunni Villt hreindýr á Íslandi er hægt að sjá og fræðast um hreindýr og líf þeirra. Hreindýrasýningin er fullkomin blanda menningar, náttúru og tækninýjunga og er mikil upplifun fyrir alla aldurshópa. Sýningin er í Flóanum í Hörpu og er miðaverð 1.900 krónur.

**13.00** Sýningin S.I.R.K.U.S. er sett saman með yngri börnin í huga en þó ekki á kostnað eldri áhorfenda. Hún er klukkutími og er miðuð við leikskólaaldur. Sirkus Íslands er staddur með tjaldið sitt Jöklu á Akureyri en miðaverð er 2.500 krónur.

**16.00** Joris Rademaker opnar myndlistarsýningu í myndlistarsal SÍM, Hafnarstræti 16. Joris er hollenskur listamaður sem búsettur hefur verið á Íslandi í 20 ár. Á sýningunni eru mest megis þrívíddar verk frá 2004 -2014. Joris safnar ýmis konar efnum og hlutum, oft lífrænum og jafnvel tilbúnum sem hann setur saman.

**18.00** Heima er best er alíslensk sirkusskemmtun þar sem öll fjölskyldan nýtur þess að horfa á ótrúlega leikni listamanna Sirkuss Íslands en sirkusinn er staddur með tjaldið sitt Jöklu á Akureyri. Miðaverð er 3.000 krónur.

**19.00** How to become Icelandic in 60 minutes er leiksýning sem leikin er á ensku, samin og flutt af Bjarna Hauki Þórssyni og leikstýrt af Sigurði Sigurjónssyni. Verkið er sett upp í Kaldalóni í Hörpu og er miðaverð 4.200 krónur.

**22.00** Skinnsemi er kabarettsýning með sirkusívafi þar sem lagt er upp úr fullorðinshúmor og stundum sýnt smá skinn. Sirkus Íslands er staddur með tjaldið sitt Jökla á Akureyri og er aðgangseyrir á Skinnsemi 3.500 krónur.

### Uppákomur

**23.00** KGB Soundsystem og Dj Katla mætast á skemmtistaðnum Dolly og þeyta skífum.

**23.30** It is magic-kvöld á skemmtistaðnum Paloma. Botnlaus danstónlist, kraumandi sál og frjálst flæði.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*

# Enginn á þynnkubömmer á edrúhátíð

**Rúnar Freyr Gíslason sér um skipulagningu Edrú-hátíðarinnar í Laugalandi.**



**ENGINN Á BÖMMER** Rúnar Freyr segir hátíðina vera fyrir alla sem vilja koma og skemmta sér edrú.

„Þetta þýðir bara að þarna verður enginn þunnur og enginn á bömmer á leiðinni heim,“ segir Rúnar Freyr Gíslason sem skipuleggur Edrú-hátíðina á Laugalandi í Holtum. Er þetta í þriðja sinn sem hátíðin er haldin. „Þetta er alltaf að verða stærra og stærra,“ segir Rúnar. „Við erum með massífa dagskrá yfir daginn fyrir börnin og síðan tónleikar um kvöldið.“

Það er sannkölluð tónlistarveisla um kvöldið en á meðal tónlistarmanna sem koma fram eru til dæmis KK og Maggi Eiríks, Benni Hemm Hemm og Sísí Ey með „acoustic“ sett. Dagskráin yfir alla hátíðina er heldur ekki af verri endanum. Má þar til dæmis nefna knúskeppni, graff-listasmiðju fyrir börn, ratleiki, söngkeppni barnanna og svo lengi mætti telja. „Það eru margir sem halda að hátíðin sé bara fyrir alkóhólista og aðstandendur þeirra en þetta er alls ekki þannig,“ segir Rúnar. „Hátíðin er fyrir alla sem vilja koma og skemmta sér edrú yfir helgina.“

Það hlýtur að teljast erfitt að bóka hljómsveitir á hátíðir um verslunarmannahelgina en þegar vandamál koma upp þá er þeim reddað segir Rúnar.

„Trommarinn í Mammút er sem sagt að koma fram með Jóni Jónssyni í Eyjum á föstudagskvöldið,“ útskýrir Rúnar en trommarinn á einmitt að koma fram með Mammút kl. 23 á Edrú-hátíðinni sama kvöld. „Þegar hann er búinn þá brunar hann niður á höfn og Atlantsflug flýgur með hann sérstaklega upp á land þar sem ég sæki hann og hendi honum beint upp á svið.“

Hátíðin kemur einnig til móts við þá sem treysta sér ekki að sofa í tjaldi og bjóða upp á dagpassa á 2.500 krónur.

„Þetta er bara klukkustund frá Reykjavík þannig að fólk getur alveg skotist yfir daginn,“ segir Rúnar en hátíðin hefst í dag. „Þetta er bara stemning og stuð í bland við öryggi og alúðlegheit.“ baldvin@frettabladid.is

➜ Hátíðin kemur einnig til móts við þá sem treysta sér ekki til að sofa í tjaldi og býður upp á dagpassa á 2.500 krónur.



# Djammspáin er klár

Sigríður Klingenberg hefur sett saman djamm- og skemmtispá fyrir helgina.

„Aðaldjammið verður eins og svo oft áður í Vestmannaeyjum og það er alveg sama þótt það rigni eldi og brennisteini, það er alltaf skemmtilegast í Eyjum og ástin býr í Eyjum," segir Sigríður Klingenberg en Fréttablaðið vildi forvitnast um hvar djamm- og skemmtispáin væri best fyrir verslunarmannahelgina og sló á þráðinn til Siggu Kling.

Sigga fer fögrum orðum um Vestmannaeyjar og segir að þeir sem einhleypir eru eigi góða möguleika á að finna maka sinn á Þjóðhátíð. „Það er fullt af fólki sem hittir makann sinn í Eyjum, fólk þarf bara að passa sig að vera ekki of ölvað svo það geti skoðað vel í kringum sig," segir Sigga. Hún vill meina að orkan sé einnig svo góð í Eyjum og að það séu töfrar sem myndast í dalnum. „Þetta umhverfi er svo fallegt og veðrið skiptir engu máli. Ég myndi samt segja að það séu mestu líkurnar á að hitta makann inni í dal, í brekkunni eða á röltinu í dalnum."

Í öðru sæti er Mýrarboltahátíðin á Ísafirði, þar verður góð stemning en þó öðruvísi en í Eyjum. „Það er mikla karlmennsku að finna á Ísafirði, það verður mikið um skítuga karlmenn en þeir eru samt svo dreifðir þarna. Þeir eru líka að fara að keppa, þeir eru ekki beint að leita sér að konu, heldur frekar að keppa," segir Sigga um ástina á Ísafirði. Hún segir þó að það sé ekki hægt að finna skemmtilegra fólk en á Vestfjörðum en að konur þurfi þó að hafa mjög mikið fyrir því að ná sér í alvöru Vestfirðing. „Stelpan má bara ekki vera í galadressinu sínu, hún á helst að vera í lopapeysu og gallabuxum og leyfa freknunum að sjást." Sigga vill einnig meina að Mýrarboltinn sé frábær uppfinning og fagnar þessari rísandi hátíð.

Fyrir utan Mýrarboltann og Þjóðhátíð segir hún aðrar hátíðir einnig líta vel út. „Aðrar hátíðir líta vel út, það er gott fyrir þá sem ætla að skilja lifrina eftir heima að fara annað, það er að segja þeir sem vilja ekki lengur vera þekktir fyrir djammið."

Sigga ráðleggur þó að vera ekki að drekka Tópas ef manneskjan er í makaleit. „Ef þú vilt muna eitthvað þá skaltu halda þig frá Tópas."



> **Ef makaleitin gengur illa þá mæli ég með að fólk fari á Fiskidaginn á Dalvík, það er mikil rómantík þar.**

**EKKI OF ÖLVUÐ** Sigríður ráðleggur fólki í makaleit að vera ekki of ölvað. MYND/GVA

Ef allt klikkar um verslunarmannahelgina er Sigga með góða lausn. „Ef makaleitin gengur illa þá mæli ég með að fólk fari á Fiskidaginn á Dalvík, það er mikil rómantík þar. Ef þú kemur heim með öngulinn í rassinum þá er Fiskidagurinn handan við hornið, engar áhyggjur."

gunnarleo@frettabladid.is

# Draumakokteill fyrir helgina

### Rabarbara-kokteill

- 2 góðir bátar af lime
- 1 tsk. hrásykur
- 1 tsk. ferskur rabarbari
- 3 cl ljóst romm
- 6 cl rabarbarasíróp
- 8 myntulauf
- Mulinn klaki
- Toppað með sódavatni

### Rabarbarasíróp

- 200 g sykur
- 100 g vatn
- 2 stilkar af nýjum rabarbara
- Smá grenadine-síróp



### Kokteillinn

Lime og hrásykur er marið saman og svo er rommi og sírópi bætt við ásamt myntulaufunum. Muldum klaka bætt við upp í hálft glas og hrært vel til að leysa upp hrásykurinn og vekja myntuna. Að lokum er sett sódavatn upp í topp á glasinu og smakkað til. Ef hann bragðast frábærlega þá má bæta aðeins meiri klaka út í ef það er pláss og skreyta með fallegri toppmyntu.

### Rabarbarasíróp

Sykur leystur upp í vatni og grenadine-sírópi. Rabarbari hreinsaður og lagður í pott með sykrinum. Látið malla í góðan hálftíma. Sírópið er svo sigtað og kælt og rabarbarinn tekinn til hliðar til að bæta svo í kokteilinn.





**TETRIZ ER MÁNAÐARLEGUR OLD SCHOOL HIP HOP ÞÁTTUR Í UMSJÁ BENNA B RUFF. FYRSTA FÖSTUDAG HVERS MÁNAÐAR KLUKKAN 12:00**

midi.is JOE & THE JUICE SMASH



LAUGARÁSBÍÓ midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI




Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| NIKULÁS LITLI | 3:55, 5:50, 8 | L |
| HERCULES | 8, 10:10(P) | 12 |
| SEX TAPE | 8, 10:10 | 14 |
| PLANET OF THE APES 3D | 10:10 | 14 |
| TEMJA DREKANN SINN 2D | 5 | L |
| 22 JUMP STREET | 5 | 12 |

AUKAKRÓNUR 5% Sími: 553-2075 www.laugarasbio.is

SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| GUARDIANS OF THE GALAXY KL. 3D: 3 - 5:30 - 8 - 10:40 2D: 3:20 - 10:10 | | 12 |
| GUARDIANS OF THE GALAXY VIP 2D KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:40 | | VIP |
| HERCULES | KL. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:40 | 12 |
| SEX TAPE | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 14 |
| CHEF | KL. 8 - 10:10 | 12 |
| TAMMY | KL. 5:50 - 8 | 12 |
| TARZAN ÍSL TAL 2D | KL. 3:40 - 5:50 | 7 |
| MALEFICENT 2D | KL. 3:40 | 10 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| GUARDIANS OF THE GALAXY 3D KL. 5:30 - 8 - 10:40 | | 12 |
| HERCULES | KL. 10:10 | 12 |
| SEX TAPE | KL. 8 | 14 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 2 ÍSL TAL 2D KL. 5:50 | | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| GUARDIANS OF THE GALAXY KL. 3D: 5:20 - 8 - 10:40 2D: 7 - 9:30 | | 12 |
| HERCULES | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| TAMMY | KL. 5:50 - 8 | 12 |
| TRANSFORMERS 4 2D KL. 10:10 | | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| GUARDIANS OF THE GALAXY KL. 3D: 5 - 7:30 - 10 2D: 5:30 - 8 - 10:30 | | 12 |
| HERCULES | KL. 10:30 | 12 |
| CHEF | KL. 5:30 - 8 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| GUARDIANS OF THE GALAXY 3D KL. 5:30 - 8 - 10:30 | | 12 |
| HERCULES | KL. 10:10 | 12 |
| CHEF | KL. 8 | 12 |
| TAMMY | KL. 5:50 | 12 |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU KR.750 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1000 Á GRÆNT

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| GUARDIANS OF THE GALAXY 3D | KL 3.10 - 5 - 8 - 10.40 | 12 |
| GUARDIANS OF THE GALAXY 3D LÚXUS | KL 5 - 8 - 10.40 | 12 |
| SEX TAPE | KL 5.45 - 8 - 10.10 | 14 |
| DAWN ...PLANET OF THE APES 3D | KL 8 - 10.45 | 14 |
| THE PURGE: ANARCHY | KL 8 | 16 |
| DELIVER US FROM EVIL | KL 10.20 | 16 |
| EARTH TO ECHO | KL 3.20 | L |
| AÐ TEMJA DREKANN 2 ÍSL TAL 2D | KL 3.30 - 5.45 | L |
| VONARSTRÆTI | KL 5.20 | 14 |

HÁSKÓLABÍÓ AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| NIKULÁS Í FRÍI | KL 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| SEX TAPE | KL 5.40 - 8 - 10.10 | 14 |
| DAWN ...PLANET OF THE APES 3D | KL 6 - 9 | 14 |
| 22 JUMP STREET | KL 10.40 | 12 |
| VONARSTRÆTI ENSKUR TEXTI | KL 5.20 | 14 |
| VONARSTRÆTI | KL 8 | 14 |

Miðasala á: eMiði

FJÖLSKYLDUPAKKINN Barnafjölskyldur fá alla miða á barnaverði NÁNAR Á SMARABIO.IS/BYLTING


# Að skjóta fram hjá

**BAKÞANKAR**
Kolbeins Tuma Daðasonar



Síðan leiðir skildi hjá mér og minni fyrrverandi hefur lífsmynstrið óhjákvæmilega breyst. Meðal þess sem ég hef rekið mig á er hve margir virðast eiga auðvelt með að halda fram hjá. Einleypur vinur minn er vinsæll hjá kvenþjóðinni. Það virðist hins vegar vera til jafns hvort einhleypar konur eða konur í samböndum óska eftir kynnum við hann.

**SAMA GILDIR** um einhleypa glæsilega vinkonu mína. Sú hefur lítið fyrir því að ná sér í rekkjunauta og þarf reyndar varla að fara úr húsi, svo greiðlega berast tilboðin. Því miður eru fjölmörg þeirra frá mönnum í samböndum. Skilaboðin á Facebook og SMS-in hreinlega stoppa ekki og er óhætt að segja að sum þeirra fari langt yfir strikið.

**Í MÍNUM HUGA** er það einhver mesta óvirðing sem þú getur sýnt maka þínum að halda fram hjá honum. Samvistin með öðrum er eitt en svo er það að horfa í augu maka þíns daginn eftir líkt og ekkert hafi í skorist. Faðma börnin og minna þau á að mamma sé best. Þótt skoðunin hafi verið önnur degi fyrr þegar greddan réði för. Sumir bæta ráð sitt en öðrum virðist slétt sama og halda uppteknum hætti.

**EFTIR** nokkur ár ímynda ég mér að fleiri muni vera í opnum samböndum. Báðir aðilar vilja eiga þess kost að hitta annað fólk og stunda með því kynlíf. Vinur minn í Bandaríkjunum var í þannig sambandi og setti það ekki einu sinni fyrir sig að vinkonan væri að reyna að eignast barn með sínum manni.

**AÐ MÖRGU LEYTI** er ég nokkuð flippaður en þegar kemur að samböndum er ég í íhaldssamari kantinum. Þegar ég hef stigið skrefið að fara í samband með stelpu hef ég ekki áhuga á að deila henni með öðrum. Gangi sambandið ekki upp er best að ljúka því á heiðarlegan hátt. Svo er hægt að skella sér, með hreina samvisku, aftur á markaðinn.



**FJÖLMENNI UM LAND ALLT** Mikilvægt er að vera vel búinn til að skemmta sér áhyggjulaus um helgina.

# Vertu klár í útileguna

Nú er verslunarmannahelgin að ganga í garð og halda þúsundir Íslendinga af stað í útilegur um land allt. Fréttablaðið tók saman nokkur góð útileguráð sem mikilvægt er að hafa í huga þegar pakkað er niður í ferðalagið.

**1** Áður en hafist er handa við að pakka niður er ágætt að huga að því hvernig tösku best er að hafa meðferðis. Rúmgóðar íþróttatöskur geta oft reynst vel en ef troðfylla á töskuna og þyngslin verða mikil er jafnvel betra að pakka í ferðatösku á hjólum. Þetta er einstaklega sniðugt fyrir þá sem eiga við bakmeiðsl að stríða eða eru gjarnir á að fá vöðvabólgu.

**1** Þegar búið er að velja tösku er best að taka allt saman sem viðkomandi vill hafa meðferðis og raða upp, á sófann eða á gólfið. Þegar það er klárt er skaltu taka þriðjung frá og setja aftur upp í skáp. Margir brenna sig á því að pakka alltof miklu niður fyrir ferðalagið, enda algjör óþarfi að tæma fataskápinn fyrir örfáa daga úti á landi.

**3** Til að nýta plássið sem allra best er mælt með því að troðfylla skóna eða stígvélin af sokkum og nærbuxum. Skórnir fara svo neðst í töskuna.

**4** Víða um land eru sveitaböll þar sem gaman er að klæðast örlítið fínni fötum þó svo að pollabuxurnar og stígvélin standi alltaf fyrir sínu. Til að koma í veg fyrir að óþarfa krumpur komist í fötin er mælt með því að leggja flíkina hálfa ofan í töskuna og láta hinn helminginn standa út fyrir. Það sama er gert með næstu flík nema hinum megin. Þannig gengur þetta koll af kolli þar til allar flíkurnar eru komnar í töskuna en þá er það sem stendur út fyrir pakkað aftur inn í töskuna, flík fyrir flík í eins konar fléttuhreyfingu.



**Ekki gleyma að pakka**

- Naglaklippum
- Plástrum
- Flísatöng
- Svitalyktareyði
- Verkjatöflum
- Handspritti
- Þurrsjampói
- Blautklútum
- Hleðslutæki
- Rakakremi
- Sólgleraugum
- Linsuvökva


Skautskóli í ágúst 2014
Björninn SKAUTASKÓLI
ÍSHOKKÍ / LIST - BYRJENDUR: 6 ÁRA OG ELDRI
EGILSHÖLLIN

| Hokkí | List | Verð | Skautar |
|---|---|---|---|
| 5-9.ágúst: 12:15-17:00 | 5-9.ágúst: 08:30-12:00 | 10.900kr á viku / 17.900kr tvær vikur | *Skautaleigu innifalið!* |
| 11.-16.ágúst: 08:15-12:15 | 11.-16.ágúst: 12:15-16:00 | | |

SKRÁNING— WWW.BJORNINN.COM / GSM: 697-3990

BÍÓ★PARADÍS EUROPA CINEMAS




SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## Hollusta á góðu verði í Bónus



**229** kr. kg.
Appelsínur Suður-Afríka *Ný uppskera.*



**398** KR.KG
Rauð Hollensk paprika



**395** KR.KG
Græn Hollensk paprika



**298** kr. 250g
***NÝIR*** Íslenskir Kirsuberjatómatar




**398** kr 125g
Bónus Lambhagablanda



**359** kr 150g
Nýtt íslenskt grænkál



**198** kr. kg.
Iceberg frá Hollandi



**98** kr, kg.
Rauðrófur frá Hollandi



**169** kr. kg
Frá Danmörku
**Kartöflur í lausu, ný uppskera**



**298** kr. boxið
**Plómur 1 kg. box**



**298** kr. boxið
**Nektarínur 1 kg. box**



RAUÐ VATNSMELÓNA
SEEDLESS WATERMELON
**179** pr. kg.

# LOKAÐ

Lokað í öllum verslunum
**Bónus mánudaginn 4. ágúst**
á frídegi verslunarfólks



RAUÐ VATNSMELÓNA
SEEDLESS WATERMELON
**179** pr. kg.

AFGREIÐSLUTÍMI
**FÖSTUDAGUR**
**10:00-19:30**

**BÓNUS** EKKERT BRUÐL

VISA

AFGREIÐSLUTÍMI
**FÖSTUDAGUR**
**10:00-19:30**

# OPNUNARTÍMI VERSLANA HAGKAUPS UM VERSLUNARMANNAHELGINA

| | | Skeifan<br>Eiðistorg<br>Garðabær<br>Akureyri | Spöngin | Kringlan | Borgarnes<br>Njarðvík<br>Selfoss | Smáralind<br>Holtagarðar |
|---|---|---|---|---|---|---|
| LAU | 2. ÁGÚ | 24 TÍMA | 10-20 | 10-19 | 10-18 | 10-19 |
| SUN | 3.ÁGÚ | 24 TÍMA | 12-20 | LOKAÐ | 12-18 | 12-19 |
| ▶ MÁN | 4.ÁGÚ | **24 TÍMA** | **LOKAÐ** | **LOKAÐ** | **LOKAÐ** | **LOKAÐ** |



**Tostitos snakk og sósa**
Tostitos snakk og sósa fara einstaklega vel saman.

Mundu eftir grillpinnunum



**Sykurpúðar extra stórir**
Tilvaldir á grillið.



105 kr/stk

**Orkudrykkur**
Euroshopper 500 ml



**Himneskar Hrískökur**
Margar spennandi tegundir.



**Freyju Hrís og Lakkrískonfekt**
Alltaf gott.

Hægt að setja í örbylgjuofn og í uppþvottarvél. Glerið má fara inn í ofn án loksins.



**Glerbox með plastloki**

Gildir til 4. ágúst á meðan birgðir endast.






Nammiland

ÍSLENSKA
# HAMBORGARAFABRIKKAN
2010

## GRILLAÐU-ONÍ-ÞIG

*„Gerðu þinn eigin fabrikkuborgara - hráefnið fæst í Hagkaup"*




*Í pakkanum eru tveir Fabrikkuborgarar, tvö ferhyrnd Fabrikkubrauð, salt og pipar.*

**1.149** kr/pk



### MORTHENS
*„Það er gott að elska"*
Bubbi Morthens



### STÓRI BÓ
*„Það er ekki gó fyrr en Bó segir gó"*
Björgvin Halldórsson



### GRÍSARIF
*Grísarif Fabrikkunnar eru forelduð og þarf aðeins að hita.*

**1.789** kr/kg



SS

TILBOÐ **20%** afsláttur á kassa

**GRÍSALUNDIR FROSNAR**
**1.199** kr/kg
verð áður 1.499



Holta

100% HREIN AFURÐ

TILBOÐ **25%** afsláttur á kassa

**FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR**
**2.174** kr/kg
verð áður 2.899



ÍSLANDS LAMB
Stolt kjötmeistarans

TILBOÐ **20%** afsláttur á kassa

**LAMBAFILE**
**3.999** kr/kg
verð áður 4.999



ÍSLANDS GRÍS
Stolt kjötmeistarans

*BBQ marineraðar og án marineringu*

TILBOÐ **30%** afsláttur á kassa

**REYKTAR GRÍSA-KÓTILETTUR**
**1.609** kr/kg
verð áður 2.299



ÍSFUGL

TILBOÐ **25%** afsláttur á kassa

**KALKÚNALUNDIR**
**2.474** kr/kg
verð áður 3.299



## Guy Fieri sósur sem draga fram rokkað bragð á grillinu þínu!

Nýjar vörur frá meistarakokkinum Guy Fieri sem er að gera allt vitlaust á Food Network.

Komdu og skoðaðu úrvalið!







**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

## Ísland sigraði í Lúxemborg



**KÖRFUBOLTI** Íslenska karlalandsliðið í körfubolta vann öruggan sigur á Lúxemborg ytra í gær en leiknum lauk með 78-64 sigri Íslands. Ísland leikur tvo leiki við Lúxemborg til upphitunar fyrir leiki gegn Bosníu-Hersegóvínu og Bretlandi upp á sæti á EM í haust.

Íslenska liðið hafði undirtökin frá fyrstu mínútu í leiknum og höfðu íslensku strákarnir betur í öllum fjórum leikhlutunum.

Logi Gunnarsson, skotbakvörðurinn sem leikur með Njarðvík, var atkvæðamestur í íslenska liðinu með nítján stig. Logi lék sinn 100. landsleik fyrir hönd Íslands í gær og hélt upp á það með góðum leik. Hlynur Bæringsson átti góðan leik en hann setti niður sextán stig og tók ásamt því tólf fráköst. **- kpt**

## Hef trú á því sem ég hef í höndunum

**FÓTBOLTI** Hvorugt liðanna sem sitja á botni Pepsi-deildarinnar styrkti sig í leikmannaglugganum og hafa þjálfarar liðanna greinilega fulla trú á að leikmenn liðanna nái að snúa taflinu við. Bjarni Guðjónsson, þjálfari Fram, staðfesti að félagið hefði litið á nokkra leikmenn en ákveðið að halda sig við þá leikmenn sem fyrir voru.

„Við fórum aldrei neitt af stað í þessum glugga. Við skoðuðum þetta aðeins í upphafi hvort það væru leikmenn sem myndu styrkja hópinn verulega en það voru ekki margir í boði. Hópurinn er ágætlega stór og við höfum verið að leyfa mönnum að fara frá okkur,“ sagði Bjarni sem vildi ekki kaupa til þess eins að kaupa.

„Ef við ætluðum að styrkja okkar hóp þá þyrfti það að vera einhver raunveruleg styrking,“ sagði Bjarni sem hefur fulla trú á að Fram nái að snúa við gengi liðsins.

„Við ætlum að halda ró okkar og halda okkur við þá stefnu sem við settum í upphafi tímabilsins. Þótt staðan sé ekki glæsileg þessa stundina hef ég mikla trú á því sem við erum með í höndunum og ég hef fulla trú á þessum strákum. Við þurfum bara að ná því að láta hlutina smella,“ sagði Bjarni. **- kpt**



**FULLVISS** Bjarni trúir því að leikmenn Fram snúi taflinu við. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL




# Keppnisferðin kostar 360 þúsund á leikmann

Íslenska U18 ára landsliðið í handbolta þarf að greiða um helminginn af rándýrri keppnisferð til Póllands í ágúst. U18 ára liðin í körfuboltanum borga sömu upphæð fyrir tvær ferðir. Engir styrkir koma að utan. Allt frítt í fótboltanum.

**PENINGAR** „Þetta er ein dýrasta ferðin held ég,“ segir Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, um ferð U18 ára-landsliðs karla í handbolta á lokakeppni Evrópumótsins sem fram fer í Póllandi seinna í mánuðinum.

Ferðin, sem er í heildina tólf dagar, kostar 360 þúsund krónur á haus, en heildarkostnaðurinn er 7,5 milljónir. Og fyrir utan þá upphæð er breytilegur kostnaður eins og æfingar og þvottur á búningum.

„Við erum að reyna að borga helminginn af þessu. Við vorum að vonast til að koma strákunum í löndun, en það klikkaði. Það koma náttúrulega engir styrkir frá Evrópu- eða Alþjóðasambandinu þannig þetta eru bara bein fjárútlát,“ segir Einar.

### Engir sjóðir að sækja í

Það er gömul saga og ný að ungir íslenskir afreksmenn þurfi að greiða sína leið þegar kemur að landsliðum. Eðlilega hækkaði kostnaðurinn mikið eftir hrunið vegna stöðu krónunnar.

Ungir afreksmenn þurfa að safna fyrir ferðunum sjálfir með ýmsum leiðum, svo sem sölu á varningi eða að safna litlum auglýsingum í fyrirtækjum sem vilja styrkja þá.

„Vandamálið er að þessu fylgja engir styrkir. Við fengum milljón frá afrekssjóði, en það kemur ekkert að utan. Og þó að við myndum hætta við að fara fáum við bara sektir upp á einhverjar 10-15.000 evrur,“ segir Einar og ekki er von á bót í máli.

„Ég hef ekki orðið var við það að menn ætli sér að bæta þetta. Það er nógu erfitt að fá aðila til að halda þessi mót. Gallinn er að það er enginn sjóður sem hægt er að sækja í þótt lið nái árangri og komist í lokakeppni. Það er hægt að sækja viðbótarstyrki í afrekssjóði en það er ekkert annað,“ segir Einar Þorvarðarson.



**ERFIÐUR REKSTUR** Það er í mörg horn að líta fjárhagslega þegar kemur að ungmennalandsliðunum fyrir Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóra HSÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Karfan að taka við sér

„Svona er þetta líka hjá öllum unglingalandsliðunum okkar,“ segir Hannes S. Jónsson, formaður Körfuknattleikssambands Íslands. U18 ára liðið í körfunni er þessa dagana úti á EM í Búlgaríu en strákarnir þar greiddu 180 þúsund krónur og aðrar 100 þúsund krónur til að komast á Norðurlandamótið fyrr í sumar. Kvennaliðið í sama aldursflokki er búið að fara á sömu mót og borga það sama.

„Við reynum alltaf að koma til móts við krakkana. Kostnaður KKÍ við eitt svona mót er um tvær milljónir þannig að krakkarnir greiða hluta af kostnaðinum. Gallinn er auðvitað að oft eru svona mót haldin í Austur-Evrópu,“ segir Hannes við Fréttablaðið.

Eins og í handboltanum koma engir styrkir frá evrópska sambandinu, en það gæti verið að breytast segir Hannes.

„Ég er í stjórninni þar, og það verður lögð fram tillaga á næsta stjórnarfundi þar sem lagt verður til að styrkja yngri landsliðin meira. Það er það sem við leitumst eftir og erum alltaf að berjast fyrir, bæði úti og hjá ríkinu hér heima. Við viljum ekki vera að senda þessa reikninga inn um lúgurnar hjá foreldrum krakkanna,“ segir Hannes S. Jónsson.

### Frítt í fótboltanum

Þegar kemur að fjármálum er knattspyrnan í sérflokki vegna vinsælda sinna og stærðar bæði UEFA og FIFA. Þau styrkja sérsamböndin duglega og fá þjóðir styrki til að mæta á mót yngri landsliða.

Veröldin er augljóslega allt önnur þar sem KSÍ fær borgað fyrir að mæta á mót yngri landsliða, en KKÍ og HSÍ þurfa að borga háar upphæðir með sér.

„Við borgum allan kostnað – líka innanlandsflugið fyrir þá sem þurfa á því að halda til að koma til móts við liðið,“ segir Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri KSÍ. **tomas@365.is**

# Evrópuævintýrið í Garðabæ lifir

Stjarnan vann frækinn sigur á Lech Poznan en FH tapaði fyrir Elfsborg ytra.

**FÓTBOLTI** Evrópuævintýri Stjörnunnar heldur áfram en liðið gerði sér lítið fyrir og skellti pólska liðinu Lech Poznan á heimavelli í gær.

Þrátt fyrir að pólska liðið hefði haft undirtökin lengst af í leiknum voru það Garðbæingar sem náðu að skora eina mark leiksins. Rolf Toft, sem gekk til liðs við Stjörnuna á dögunum, gefur landa sínum Jeppe Hansen ekkert eftir í markaskorun og skoraði eina mark leiksins í upphafi seinni hálfleiks. Bæði lið fengu færi til þess að bæta við mörkum en náðu ekki að koma boltanum í netið og var 1-0 sigur Stjörnunnar staðreynd.

Róðurinn verður heldur þyngri hjá FH í einvígi Hafnfirðinganna. FH mætti sænsku bikarmeisturunum í Elfsborg ytra en leiknum lauk með 4-1 sigri Elfsborg.

FH náði mikilvægu jöfnunarmarki í seinni hálfleik þegar skoski framherjinn Steven Lennon jafnaði metin en sænska liðið bætti við þremur mörkum og vann leikinn örugglega. Seinni leikur liðanna fer fram í Kaplakrika á fimmtudaginn og þurfa FH-ingar að minnsta kosti þriggja marka sigur gegn sænsku bikarmeisturunum. Enginn skyldi útiloka FH fyrir leikinn en ljóst er að verkefnið verður erfitt. **- kpt**



**BARÁTTA** Stjarnan vann frábæran sigur í gær á Lech Poznan. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR


XYLITOL
WRIGLEY'S
Extra
SUPERBERRIES flavoured
sugarfree gum
25
BITAR
NÝTT
BRAGÐ
BORÐA
DREKKA
TYGGJA
FYRIR STERKAR OG HREINAR TENNUR
Tannlæknafélag Íslands mælir
með notkun xylitols sem
aðalsætuefnis í tyggigúmmíi

# DAGSKRÁ



## Stöð 2 kl. 19.15
### Super Fun Night

Gamanþáttaröð um þrjár frekar klaufalegar vinkonur sem eru staðráðnar í að láta ekkert stoppa sig í að leita að fjöri á föstudagskvöldum. Ástralska gamanleikkonan Rebel Wilson úr Pitch Perfect og Bridesmades er í einu aðalhlutverkanna.

## Í KVÖLD



### Mike & Molly

**STÖÐ 2 KL. 20** Gamanþáttaröð um turtildúfurnar Mike Biggs og Molly Flynn. Það skiptast á skin og skúrir í sambandinu og ástin tekur á sig ýmsar myndir.



### Admission

**STÖÐ 2 KL. 22** Myndin fjallar um Portiu sem vinnur við að fara yfir umsóknir um skólavist í Princeton-háskólann en lendir í vandræðum með það að vera fullkomlega fagleg þegar hún sér að einn umsækjandinn gæti mögulega verið sonur hennar sem hún hafði gefið til ættleiðingar strax eftir fæðingu.



### Breaking Bad

**STÖÐ 2 GULL KL. 21** Fjórða þáttaröðin um Walter White, fyrrverandi efnafræðikennara og fjölskyldumann, sem ákveður að tryggja fjárhag fjölskyldu sinnar með því að nýta efnafræðiþekkingu sína við framleiðslu og sölu á eiturlyfjum eftir að hann greinist með krabbamein.

## FM 957 kl. 16-20
### Rikki G

Útvarpsmaðurinn góðkunni Rikki G hitar upp fyrir verslunarmannahelgina á FM í dag frá kl. 16 til 20. Hann býður ekki upp á neitt annað en ferska tónlist handa hlustendum FM.








## STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**08.00** **Malcolm in the Middle** *(8:22)*
**08.25** **Drop Dead Diva** *(9:13)*
**09.15** **Bold and the Beautiful** *(6411:6821)*
**09.35** **Doctors** *(28:175)*
**10.15** **Last Man Standing** *(13:24)*
**10.40** **The Face** *(7:8)*
**11.25** **Junior Masterchef Australia** *(6:16)*
**12.15** **Heimsókn**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Monte Carlo**
**14.45** **Pönk í Reykjavík** *(3:4)*
**15.35** **Young Justice**
**16.00** **The Big Bang Theory** *(14:24)*
**16.20** **How I Met Your Mother** *(18:24)*
**16.45** **Tommi og Jenni**
**17.10** **Bold and the Beautiful** *(6411:6821)*
**17.32** **Nágrannar**
**17.57** **Simpson-fjölskyldan** *(3:22)*
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.06** **Veður**
**19.15** **Super Fun Night** *(9:17)*
**19.35** **Impractical Jokers** *(1:15)*
**20.00** **Mike & Molly** *(19:23)*
**20.20** **NCIS: Los Angeles** *(9:24)*
**21.05** **Multiplicity**
**23.00** **Your Sister's Sister**
**00.35** **Autopsy**
**02.00** **Thick as Thieves**
**03.40** **Monte Carlo**
**05.25** **The Big Bang Theory** *(14:24)*
**05.45** **How I Met Your Mother** *(18:24)*

## SPORT *besta sætið*

**07.00** **ÍBV - KR**
**17.30** **Pepsímörkin 2014**
**18.45** **ÍBV - KR**
**20.35** **Bballography: Bob Pettit**
**23.40** **UFC Live Events** Útsending frá UFC Fight Night í Kaliforníu.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**15.00** **PL Classic Matches: Arsenal - Blackburn, 2001**
**15.30** **Premier League World**
**16.00** **Suður-Kórea - Belgía** Útsending frá leik Suður-Kóreu og Belgíu á HM 2014.
**17.45** **Alsír - Rússland** Útsending frá leik Alsír og Rússlands á HM 2014.
**19.25** **Guinness International Champions Cup 2014**
**21.05** **Guinness International Champions Cup 2014**
**22.45** **Liverpool - Roma**

## ÍNN

**20.00** Norðurlandsleiðangur 2013 Blönduós og Skagaströnd **21.00** Norðurlandsleiðangur 2013– Spáð í spilin á Skagaströnd **21.30** Norðurlandsleiðangur 2013– Spáð í spilin á Skagaströnd

## STÖÐ 3

**17.05** **Jamie's 30 Minute Meals** *(23:40)*
**17.30** **The Neighbors** *(14:22)*
**17.50** **Cougar Town** *(4:13)*
**18.15** **The Secret Circle** *(11:22)*
**19.00** **Top 20 Funniest** *(10:18)*
**19.40** **Britain's Got Talent** *(8:18)*
**20.55** **Community** *(19:24)*
**21.15** **The Listener** *(5:13)*
**22.00** **Grimm** *(3:22)*
**22.45** **Sons of Anarchy** *(5:14)*
**23.25** **Longmire** *(3:10)*
**00.10** **Top 20 Funniest** *(10:18)*
**00.50** **Britain's Got Talent** *(8:18)*
**02.05** **Community** *(19:24)*
**02.25** **The Listener** *(5:13)*
**03.10** **Grimm** *(3:22)*
**03.50** **Sons of Anarchy** *(5:14)*

## Krakkastöðin

**07.00** Dóra könnuður **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.45** Doddi litli og Eyrnastór **07.55** Sumardalsmyllan **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Svampur Sveins **08.45** Elías **08.55** UKI **09.00** Brunabílarnir **09.22** Skógardýrið Húgó **09.44** Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn **09.56** Leyndarmál vísindanna **10.00** Ævintýri Tinna **10.25** Latibær **10.47** Hvellur keppnisbíll **11.00** Dóra könnuður **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.45** Doddi litli og Eyrnastór **11.55** Sumardalsmyllan **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveins **12.45** Elías **12.55** UKI **13.00** Brunabílarnir **13.22** Skógardýrið Húgó **13.44** Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn **13.56** Leyndarmál vísindanna **14.00** Ævintýri Tinna **14.25** Latibær **14.47** Hvellur keppnisbíll **15.00** Dóra könnuður **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.45** Doddi litli og Eyrnastór **15.55** Sumardalsmyllan **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveins **16.45** Elías **16.55** UKI **17.00** Brunabílarnir **17.22** Skógardýrið Húgó **17.44** Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn **17.56** Leyndarmál vísindanna **18.00** Ævintýri Tinna **18.25** Latibær **18.47** Hvellur keppnisbíll **19.00** Curious George 2. Follow That Monkey **20.20** Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

**18.10** **Strákarnir**
**18.35** **Friends** *(21:24)*
**19.00** **Seinfeld** *(3:22)*
**19.20** **Modern Family** *(1:24)*
**19.45** **Two and a Half Men** *(20:24)*
**20.10** **Spurningabomban** *(8:21)*
**21.00** **Breaking Bad**
**21.45** **Wallander**
**23.20** **It's Always Sunny In Philadelphia** *(9:12)*
**23.45** **Boardwalk Empire** *(11:12)*
**00.40** **Hustle** *(6:6)*
**01.35** **Spurningabomban** *(8:21)*
**02.25** **Breaking Bad**
**03.10** **Wallander**
**04.40** **It's Always Sunny In Philadelphia** *(9:12)*
**05.05** **Boardwalk Empire** *(11:12)*
**06.05** **Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓSTÖÐIN

**12.55** **I Don't Know How She Does It**
**14.25** **The Three Stooges**
**15.55** **Office Space**
**17.25** **I Don't Know How She Does It**
**18.55** **The Three Stooges**
**20.30** **Office Space**
**22.00** **Admission**
**23.45** **Backdraft**
**02.00** **Spring Breakers**
**03.35** **Admission**

## RÚV

**15.45** **Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**16.35** **Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.25** **Kúlugúbbarnir** *(4:18) (Bubble Guppies II)*
**17.48** **Undraveröld Gúnda** *(9:11) (Amazing World of Gumball)*
**18.12** **Nína Pataló** *(32:39) (Nina Patalo)*
**18.20** **Táknmálsfréttir**
**18.30** **Með okkar augum** *(3:6)*
**19.00** **Fréttir**
**19.20** **Veðurfréttir**
**19.25** **Íþróttir**
**19.30** **Orðbragð** *(4:6)*
**20.00** **Saga af strák** *(9:13) (About a Boy)*
**20.25** **Séra Brown** *(4:10) (Father Brown)* Breskur sakamálaþáttur um hinn slungna séra Brown sem er ekki bara kaþólskur prestur heldur leysir glæpsamleg mál á milli kirkjuathafna.
**21.15** **Camilla Läckberg: Strandvörðurinn** *(Läckberg 4: Strandridaren)* Sænsk sakamálamynd frá 2013. Tveir kafarar finnast látnir og ýmislegt bendir til þess að dauði þeirra tengist leit að skipsflaki sem sökk 1820.
**22.45** **Blákaldur sannleikurinn** *(The Ugly Truth)* Sjónvarpskonan Abby er kröfuhörð þegar karlmenn eru annars vegar en nýr samstarfsmaður hennar býðst til að hjálpa henni að ná í draumaprinsinn. Bandarísk gamanmynd frá 2009. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**00.20** **Banks yfirfulltrúi** *(DCI Banks)*
**01.50** **Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.00** **Everybody Loves Raymond** *(21:24)*
**08.25** **Dr. Phil**
**09.05** **Pepsi MAX tónlist**
**15.05** **The Voice** *(17:26)*
**16.35** **The Voice** *(18:26)*
**17.20** **Dr. Phil**
**18.00** **Necessary Roughness** *(15:16)*
**18.45** **An Idiot Abroad** *(6:9)*
**19.30** **30 Rock** *(8:22)*
**19.50** **America's Funniest Home Videos** *(42:44)*
**20.15** **Survior** *(10:15)*
**21.00** **The Bachelorette** *(7:12)*
**22.30** **The Tonight Show** Spjallþáttasnillingurinn Jimmy Fallon hefur tekið við keflinu af Jay Leno og stýrir nú hinum geysivinsælu Tonight show þar sem hann hefur slegið öll áhorfsmet. Hin geðþekka Julia Roberts kíkir til Jimmys í kvöld ásamt spjallþáttastjórnandanum Andy Cohen. Grínistinn Ron Funches verður með uppistand.
**23.15** **Royal Pains** *(16:16)*
**00.05** **Leverage** *(13:15)*
**00.55** **Inside Men** *(2:4)*
**01.45** **The Tonight Show**
**02.30** **The Tonight Show**
**03.15** **Survior** *(10:15)*
**04.00** **Pepsi MAX tónlist**

## Golfstöðin

**08.30** World Golf Championship 2014 **12.30** Golfing World 2014 **13.20** Inside The PGA Tour 2014 **13.45** European Tour 2014 **14.35** PGA Tour 2014 **17.05** PGA Tour 2014 **18.00** World Golf Championship 2014 **22.00** Feherty **22.30** PGA Tour 2014

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

BÍLTÆKI
BÍLMAGNARAR FERÐATÆKI MAGNARAR ÚTVÖRP
HÁTALARAR SJÓNVÖRP ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR MP3 SPILARAR
DVD SPILARAR
BÍLHÁTALARAR
HEYRNARTÓL
MYNDAVÉLAR
HLJÓMBORÐ
REIKNIVÉLAR

# RISA ÚTSALA

MEIRA EN 2000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

## ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

UPPÞVOTTAVÉLAR ELDAVÉLAR ÍSSKÁPAR HÁFAR
HELLUBORÐ OFNAR FRYSTIKISTUR SAMLOKUGRILL
HRÆRIVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR ÞVOTTAVÉLAR
KAFFIVÉLAR BLANDARAR ÞURRKARAR
VÖFFLUJÁRN STRAUJÁRN
RYKSUGUR

**NOKKUR VERÐDÆMI**

**Útlitsgallaðar vörur og síðustu eintök með miklum afslætti**
Lítil heimilistæki í miklu úrvali með allt að 50% afslætti
**Philips sjónvörp með allt að 250.000 kr. afslætti**
Heimabíókerfi með allt að 38% afslætti
**7kg þvottavélar frá 64.995 kr.**
Ofnar og helluborð með allt að 50.000 kr. afslætti
**Þráðlausir heimilissímar frá 2.995 kr.**
Uppþvottavélar með allt að 60.000 kr. afslætti
**Nikon myndavélar með allt að 38% afslætti**
Heyrnartól í miklu úrvali með allt að 60% afslætti
**185sm kæliskápar með frysti frá 74.995 kr.**

*Sjá allt úrvalið á ht.is*

*ATH. Lokað er um verslunarmannahelgina*

**TAKMARKAÐ MAGN**

*Fyrstur kemur – fyrstur fær!*

**Heimilistæki**
www.ht.is

SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS LG Panasonic DENON UNITED BEKO scan domestic
wilfa Melissa Ariete elna VESTFROST exido MEDISANA Whirlpool DeLonghi DAEWOO

## FÖSTUDAGSLAGIÐ



**„Föstudagslagið mitt er This must be the place með Talking Heads. Kemur mér alltaf í mjög gott skap.“**

María Rut Kristinsdóttir, fyrrverandi formaður Stúdentaráðs og starfsmaður GoMobile.

# Kunstschlager ætla að kynda upp í firðinum

Myndlistarmenn úr Reykjavík ætla með Kunstschlager-rottuna norður í land og setja upp karnival.

„Það verður eins konar karnival-, trópikal- og tívólí-andi yfir sýningunni í ár,“ segir Guðlaug Mia Eyþórsdóttir hjá Gallerí Kunstschlager, en aðstandendur Verksmiðjunnar á Hjalteyri höfðu samband við galleríið til þess að halda utan um sýningu yfir verslunarmannahelgina.

„Verksmiðjan er gömul og hrá síldarverksmiðja í mikilfenglegu landslagi á hjara veraldar. Við ætlum að kynda upp í firðinum,“ segir Guðlaug, sem er að vonum spennt. „Þessi sýning verður aðeins kryddaðri en venjuleg myndlistarsýning í miðborginni,“ heldur hún áfram og segir Kunstschlager-rottuna verða með í för. „Hún er okkar heillagripur líkt og Bónusgrísinn er fyrir Bónus og Klói fyrir kókómjólk. Kunstschlager hefur áður ferðast með sýningu út á land, í Slunkaríki á Ísafirði 2013, „Kunstschlager á rottunni“, og var ákveðið að nafnið yrði notað í næstkomandi Kunstschlager-sýningar sem ferðast út á land.“ Sýningin heitir Kunstschlager á rottunni 2: Verksmiðjan á Hjalteyri! - ósk



**TVEIR AF LISTAMÖNNUNUM** Kristín Karólína Helgadóttir og Guðlaug Mia Eyþórsdóttir. MYND/KUNSTSCHLAGER

### ➔ Þeir sem sýna

Helgi Þórsson, Guðlaug Mia Eyþórsdóttir, Þórdís Erla Zoëga, Helga Páley Friðþjófsdóttir, Sigmann Þórðarson, Sigurður Ámundason, Ásta Fanney Sigurðardóttir, Dóra Hrund Gísladóttir, Hanna Kristín Birgisdóttir, Ragnheiður Harpa Leifsdóttir, Björk Viggósdóttir, Victor Ocares, Þorgerður Þórhallsdóttir, Þorvaldur Jónsson og Ólafur Daði Eggertsson svo einhverjir séu nefndir.

# Íslenskur söngleikur settur upp í New York

Fyrsti söngleikur Ívars Páls Jónssonar vekur strax athygli erlendis, tveimur vikum fyrir frumsýningu. Umgjörðin er súrrealísk en kjarninn er saga sem allir þekkja.

Ívar Páll Jónsson tónsmiður ræðst ekki á garðinn þar sem hann er lægstur en hans fyrsti söngleikur verður frumsýndur þann 13. ágúst næstkomandi off-venue á Broadway í Minetta Lane Theater í New York-borg.

„Það er smá stress að hreiðra um sig núna. Maður er svolítið að leggja sjálfan sig á borðið. Þetta er allt samið af mér. Minn húmor. Minn andhúmor. Mín tónlist. Mitt handrit,“ sagði Ívar Páll þegar Fréttablaðið náði af honum tali. En fyrsta forsýning á verkinu fyrir framan áhorfendur var í gær.

Söngleikurinn ber nafnið „Revolution in the elbow of Ragnar Agnarsson furniture painter“ eða Bylting í olnboga húsgagnamálarans Ragnars Agnarssonar.

„Þetta er saga um ást, blekkingu og þegar fólk týnir sér í einhverjum óraunveruleika. Öll umgjörðin í verkinu er súrrealísk og framandi. Kjarninn er saga sem við könnumst öll við. Hún fjallar um þetta mannlega. Fjallar um hvað við viljum í lífinu,“ útskýrir Ívar.

Vinnan á bak við verkið hófst árið 2011. Þá fyrst fór Ívar að semja beinagrind að söngleik og lög inn í þar sem við átti.

„Það var strategískt hjá mér að hafa tónlistina á sem frambærilegustu formi svo hún myndi toga verkið áfram,“ útskýrir Ívar. Hann fékk Stefán Örn Gunnlaugsson, tónlistarstjóra sýningarinnar, snemma í lið með sér og saman tóku þeir upp lögin. „Hann á mikinn heiður af því hversu vel tónlistin heppnaðist.“

Það eru engar ýkjur hjá Ívari en verkið er strax farið að vekja athygli erlendis fyrir tónlistina. Í New York Village Voice birtist á miðvikudag grein um verkið sem ber titilinn: „Algjörlega súrrealískur íslenskur söngleikur geymir eina bestu tónlist ársins.“

Snemma á síðasta ári funduðu Ívar og Stefán með Óskari Eiríkssyni hjá Theater Mogul sem féllst á að taka verkið að sér.

Þetta er því langt ferli en hvernig er tilfinningin að fá bráðum loks að flytja verkið fullbúið á sviði? „Það er svolítið skrítið. Fyrst var þetta bara til í höfðinu á mér, á þessum skringilega stað. Svo sér maður þetta verða til og fær til sín þetta gríðarlega hæfileikaríka fólk.“



**ÁFANGI** Bergur Þór Ingólfsson og Ívar Páll Jónsson, höfundur söngleiksins, standa hér fyrir framan leikhúsið þar sem verkið verður flutt fyrir framan tæplega fimm hundruð á horfendur. MYND/ÚR EINKASAFNI

> **Þetta er saga um ást, blekkingu og þegar fólk týnir sér í einhverjum óraunveruleika.“**
>
> *Ívar Páll Jónsson tónsmiður.*

Fríður flokkur listamanna tekur þátt í uppfærslunni. Cady Huffman tók að sér hlutverk en hún er Tony-verðlaunahafi, til sömu verðlauna hefur ljósameistari sýningarinnar, Jeff Croiter, unnið og danshöfundur sýningarinnar er enginn annar en Lee Proud sem samdi sporin í Billy Elliot og Hairspray.

nanna@frettabladid.is

# Læknisfræðin er fjölskyldusportið

Systkinin Unnar Óli og Berta Guðrún komust inn í læknisfræði á dögunum en bróðir þeirra er á fjórða ári í sama námi og faðir þeirra starfar sem geðlæknir.

„Það mætti segja að læknisfræðin sé fjölskyldusportið,“ segir Unnar Óli Ólafsson, sem á dögunum fékk þær fregnir að hann hefði komist inn í læknisfræði í HÍ. Það sem meira var, yngri systir hans, Berta Guðrún, komst einnig inn. Allt í allt voru tæplega 300 sem þreyttu prófið og 49 sem komust inn.

Unnar segir það létti að hafa komist inn, enda læknisfræði lengi verið draumurinn. Hann segir engan ríg á milli systkinanna. „Við lærðum saman fyrir prófið allt þetta ár og hjálpuðumst að. Það er mjög gaman að við skyldum bæði komast inn og verða bekkjarsystkini næstu árin,“ segir Unnar, sem reiknar fastlega með að þau verði leið hvort á öðru þegar líða tekur á.

Unnar Óli og Berta Guðrún eru ekki þau einu í fjölskyldunni sem áttu þann draum að verða læknar. Eldri bróðir þeirra, Guðmundur Dagur, er að fara á sitt fjórða ár í læknisfræðinni og faðir þeirra, Ólafur Ó. Guðmundsson, starfar sem geðlæknir.

„Mamma er lyfjafræðingur svo hún lifir af matarboðin. Það sama verður kannski ekki sagt um aðra,“ segir Unnar og hlær, og bætir við að hagstæðast væri ef öll systkinin færu hvert í sína sérgrein. „Það væri skemmtilegt þótt ég sé ekki farinn að hugsa svo langt, enda rétt kominn inn. En það verður skoðað.“ - ka



**SAMRÝND SYSTKINI** Pau Guðmundur Dagur, Unnar Óli og Berta Guðrún geta eflaust samnýtt skólabækurnar enda öll í sama náminu. MYND/ÚR EINKASAFNI


– KOMDU NÚNA –
TAXFREE DAGAR
20,32% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM
– EKKI MISSA AF ÞESSU –
Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25.5% virðisaukaskatt af söluverði.
20,32% afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.






WOODY
stóll,
margir litir

HÚSGAGNAHÖLLIN
– Reykjavík – Akureyri –




# FUNHEITAR EÐA SVALAR *í grillveisluna*

Þykkvabæjar
forsoðnar grillkartöflur
eða kartöflusalat
með hrásalati.

**Einfalt og gott!**



# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060





## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Skútubræður nefna eftir járnfrúnni

Björgvin Guðmundsson, fyrrverandi ritstjóri Viðskiptablaðsins og einn eigenda KOM, **Magnús Þór Gylfason**, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar, og nokkrir vinir þeirra sem kalla sig Skútubræður keyptu fyrir nokkrum árum forláta skútu sem þeir hafa verið að gera upp.

Um síðustu helgi var vinnu við skútuna loks lokið og komið að því að gefa henni nafn. Skútan fékk nafnið Margrét í höfuðið á Margréti Thatcher, fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands. Þeir félagar eru miklir aðdáendur forsætisráðherrans fyrrverandi og sóttu innblástur til hennar þegar þeir gegndu formennsku í Heimdalli um og eftir síðustu aldamót. - ósk



### Enn til miðar á JT

Þeir sem ætla að skella sér til Vestmannaeyja um helgina geta svo sannarlega dottið í lukkupottinn því þar verður hægt að næla sér í miða á tónleika **Justins Timberlake**. Uppselt varð á tónleikana fyrir skömmu á örfáum mínútum. „Við erum að fara að gefa alveg slatta af miðum, þetta virkar þannig að við setjum allavega tvo miða inn í svona ísklumpa og það verða svo tíu til fimmtán ísklumpar á svæðinu,“ segir Anna Kristín Kristjánsdóttir, markaðsstýra Vodafone. Á ákveðnum augnablikum ætla liðsmenn Vodafone að sleppa Vodafone-blöðrum og er það merki um að leit að ísklumpi sé hafin. „Fólk þarf svo að finna ísklumpinn og brjóta hann upp og þá eru miðarnir þeirra,“ bætir Anna Kristín við. Einum ísklumpi verður sleppt í einu og verða þeir einnig merktir með Vodafone-blöðrum. - glp



## Mest lesið VÍSIR

1 Keflavík - Víkingur 0-0 | Keflvíkingar unnu eftir vítaspyrnukeppni
2 Verður leiðrétt strax eftir helgi
3 Landeigendur við Hrunalaug ráðþrota
4 Verðmunur um 300 þúsund krónur
5 10 frábær ráð sem koma þér af stað út að hlaupa





